

KRISTÍN LEA SIGRÍÐARDÓTTIR

Hrifnust af kjólum og kvenlegum fötum

tíska heilsa heimili

allt í MIÐJU BLAÐSINS



RAGNAR ÓLAFUR MAGNÚSSON

Samkynhneigðir ósáttir við borgaryfirlög

Skertur opnunartími á Q bar.

FÓLK 58



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. nóvember 2007 – 297. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Ný saga af Erlendi og hans fólki kemur út í dag



Ritdómur um nýju bókina, Harðskafa, eftir Pál Baldin Baldvinsson.

MENNING 38


Seðlabanki í öngstræti

Seðlabankanum hafa að minni hyggu orðið á mistök í stjórn peningamála,“ segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 28

Vill fara á Hraunið

Krummi Björgvinsson úr Mínus tekur vel í áskorun félaga sinna um að stofna til tónleikaraðar á Litla-Hrauni.



FÓLK 58

Þjálfarskipti breyta engu

Heiðar Helguson segist ekki ætla að gefa kost á sér í íslenska knattspyrnulandsliðið þó að búið sé að skipta um landsliðsþjálfara.

ÍÞRÓTTIR 50

VEÐRIÐ Í DAG




STORMUR - Seint í dag verður kominn austan- og suðaustanstormur syðst og síðan einnig suðvestanlands. Slydda og síðar rigning sunnan og vestan til síðdegis en él norðan til í kvöld. Hlánar smám saman syðra annars frost.

VEDUR 50

Fimmtudagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

Fólk óttast um börn sín vegna dópgrenis

Lögregla hefur ítrekað haft afskipti af íbúum húss í miðbænum vegna fíkniefnamála. Þýfi og vopn hafa fundist. Nágrannar leita ásjár borgarfulltrúa.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur á undanförunum mánuðum ítrekað haft afskipti af íbúum húss í miðbænum vegna fíkniefnamála. Á þessu ári hafa komið upp sextán mál vegna leigjenda hússins og gesta þeirra. Nágrannar hafa áhyggjur og hafa gengið á fund lögreglu og skrifað borgarfulltrúum til að leita réttar síns. Barnafólki í hópi nágranna er sérstaklega órótt.

Í flestum tilvikum fann lögreglan fíkniefni, en einnig þýfi og vopn. Nýlega fannst afsöguð haglabysa í húsinu, sem er undir stöðugu eftirliti lögreglunnar, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Fyrir nokkrum mánuðum skrifuðu íbúar í nærliggjandi húsi bréf til borgaryfirvalda. Þar greina þeir frá áhyggjum sínum yfir því ástandi sem hefur ríkt í götunni vegna hóps karla og kvenna sem dvelja í húsinu að staðaldri. Nágrannarnir segjast ítrekað hafa orðið vitni að viðskiptum með fíkniefni, enda fari starfsemin ekki leynt. Svo rammt kveður að ástandinu að börn hafa ekki þorað heim úr skólanum. Í bréfinu er því lýst að foreldri hafi setið í bíl sínum ásamt ungum syni og beðið þess að ástandið í kringum heimilið lagaðist. Þegar um hægðist hlupu þau óttaslegin inn. Bréfritarar segja óskiljanlegt að á sama stað geti

fíkniefnasala viðgengist í svo langan tíma sem raun ber vitni.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri segist hafa fundað með íbúum. „Við höfum sömu áhyggjur og erum að skoða hvað hægt er að gera til að koma málinu í rétt horf, meðal annars með því að ræða við eigendur hússins.“

Stefán segir að lögregla og borgaryfirlög hafi margvísleg úrræði vegna mála sem þessara, en vill ekki tjá sig um til hvaða aðgerða verður gripið í þessu tiltekna tilfelli. „Við munum ræða við borgaryfirlög ef þær aðgerðir sem við höfum gripið til skila engu.“

- shá / - jss



SUNGIÐ AF INNLIFUN Fjölmenni var á hljómleikum ítalska tenórsöngvarans heimsfræga Andrea Bocelli í Egilshöll í gærkvöldi. Bocelli söng við undirleik tékkneskrar sinfóníuhljómsveitar þekktar aríur úr óperusögunni jafnt sem léttari lög. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Efasemdir eru uppi um að virði Landsvirkjunar hafi verið rétt metið:

Kaupin pólitísk eignafærsla

ORKUMÁL Verðmætið sem lá til grundvallar þegar ríkið keypti til sín helmingshlut í Landsvirkjun um síðustu áramót þykir mörgum heimildarmönnum Fréttablaðsins í engu samræmi við raunverulegt verðmæti fyrirtækisins. Sumir gengu svo langt að segja það „hlægilega“ lágt.

Helmingshlutur Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun var seldur á tæplega 30 milljarða króna en heildarverð-

mæti Landsvirkjunar er samkvæmt verðmætamati ParX-viðskiptaráðgjafar um 59 milljarðar. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir borgarbúa hafa verið hlunnfarna um „tugi milljarða“.

Margir heimildarmanna Fréttablaðsins töldu kaupin fyrst og fremst vera „pólitíska eignafærslu“ skömmu áður en hlutur ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja var seldur. Í kjölfarið eignuðust einkaaðilar hlut í stórrí orkuveitu

í landinu í fyrsta sinn. „Það er undarlegt að hugsa til þess að fyrirtæki sem stendur í yfir hundrað milljarða króna framkvæmdum, sem eiga að skila góðum arði samkvæmt samningum sem eru frágengnir, gangi kaupum og sölum fyrir ríflega helminginn af kostnaði þessarar einstöku framkvæmdar. Einhver myndi segja að þetta stæðist ekki skoðun,“ sagði einn heimildarmanna.

- mh/ sjá síðu 16

David Byrne tónlistarmaður: Hrifinn af íslenskri tónlist

LISTIR Tónlistarmaðurinn David Byrne, sem er fyrrverandi forspraki hljómsveitarinnar



DAVID BYRNE

Talking Heads, hreifst af íslenskri tónlist í heimsókn sinni hingað til lands í sumar. Á heimasíðu sinni birtir hann lista með hátt í þrjátíu íslenskum lögum með íslenskum flytjendum sem hann telur sérstaklega áhugaverða. Þeirra á meðal eru Benni Hemm Hemm, Ásgerður Jóníusdóttir, Curver+Kimono og Mugison.

„Ég er ánægður með alla sem nenna að benda fólki á að hlusta á tónlistina mína. Það eru eins og góð meðmæli á atvinnuumsókn,“ segir Örn Elías Guðmundsson, Mugison, um þessa upphéð.

-fb/ sjá síðu 58

Gjábakkavegur við Þingvelli: Auglýsa þarf breytt skipulag

UMHVERFISMÁL Breyta þarf aðalskipulagi Laugardalshrepps áður en Gjábakkavegur verður lagður í Bláskógabyggð.

Fyrir er ekki hægt að veita leyfi til framkvæmda við veginn, að sögn Valtýs Valtýssonar, sveitarstjóra Bláskógabyggðar.

Þá þarf að auglýsa breytingarnar, samkvæmt lögum. Þeir sem það kjósa geta þá gert athugasemdir við breytingarnar og tefst því vinnu við lagningu vegarins.

Valtýr segir þetta skýrast af því að niðurstöður umhverfismats síðan í haust samrýmast ekki að öllu leyti skipulaginu, sem er frá árinu 2000.

Skipulagsfulltrúi fer nú yfir skipulagið og gerir viðeigandi ráðstafanir.

- kþ

sbarro NÝR STAÐUR Í FAXAFENI
EKTA ÍTALSKUR SKYNDIBITI!
Frábærir pastaréttir, ljúffengar pizzur og fersk salöt
Stjörnutorgi Kringlunni • Bláu húsunum Faxafeni • www.sbarro.is

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF FLÍSUM
Egill Arnason hf
Ármúla 8 Rvk - Baldursnesi 6 Ak

OPIÐ TIL
21



**PIPARKÖKU-
HÚSALEIKUR
Í SMÁRALIND**

Bakaradrengir Köttlu, þeir Örn Árnason og Björgvin Frans, hefja piparkökuhúsaleikinn á laugardag 2. nóv.

Taktu þátt og húsið þitt gæti unnið!

KRAKKADAGAR

1.- 4. nóvember

Við höldum Krakkadaga í Smáralind 1.- 4. nóvember. Verslanir Smáralindar eru troðfullar af glænýjum jólafötum á krakka á öllum aldri. Um helgina verða skemmtilegar tískusýningar, Hara systur troða upp, Bjarni töframaður kikir í heimsókn, leikir, andlitsmálun og tattú frá Supernova í göngugötu.

Ekki missa af Krakkadögum í Smáralind – fjör fyrir alla fjölskylduna!

MUNIÐ LEIKINN
„FINNDU FLÍKINA“
Á FM957.IS.

Zink

Spennandi
tískusýningar um
helgina frá:

- Smash
- Debenhams
- Hagkaup
- Exit
- Zara
- 66 Norður
- Joe Boxer
- Benetton
- Zink
- Adams

DEBENHAMS
Full búð af
nýjum vörum,
góð tilboð í gangi!

**KARÓKÍKEPPNI EXIT
LAUGARDAG!**

Skráning hefst kl. 16 fyrir utan EXIT. Hara systur dæma og allir þátttakendur fá nammiglaðning

EXIT

BARNADAGAR Í LYFJU

Fullt af frábærum tilboðum!

Fimmtudagur 1.11 kl. 14-16
Kynning á Dr. Fischer

Föstudagur 2.11 kl. 12-17
Kynning á Mama mio



STÓR BÍLL LÆKKAÐ VERÐ

Sjö manna Kia Carens CRDI dísil,
sjálfskiptur, 2,0 l, 140 hö.



TAKMARKAÐ MAGN
2.590.000. kr.
Vetrardekk fylgja

KIA CARENS

Nýi fjölnotabíllinn frá Kia er kominn og sameinar glæsilegt útlit, sveigjanlegt rými og frábæra aksturseginnleika. Kia Carens rúmar allt að sjö manns og býður upp á endalausar notkunarmöguleika. Og nú, vegna hagstæðra samninga við birgja, getum við boðið þennan frábæra bíl á einstökum kjörum.

Ríkulegur staðalbúnaður:

- ABS og EBD hemlakerfi
- ESP stöðugleikastýring
- Álfelgur
- Bakkskynjari
- Loftkæling
- 3ja punkta öryggisbelti fyrir sjö farþega
- Hraðastillir
- Aksturstölva
- Ræsitengd þjófavörn
- ... og margt fleira



KJÖRKASSINN

Spilar þú tölvuleiki?

Já	45,5%
Nei	54,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Telur þú að verðsamráð viðgangist milli matvöruverslana?

Segðu skoðun þína á visiris **visir**

Rannsókn hjá embætti skattrannsóknarstjóra er nýlokið:

Skattabáttur Byrgismálsins til efnahagsbrotadeildar

LÖGREGLUMÁL Skattrannsóknarstjóri hefur kært niðurstöður rannsóknar sinnar á skattalegum þætti fyrrum meðferðarheimilisins Byrgisins til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Þetta þýðir að talið er að um sé að ræða stórfelld refsiverð brot hvað varðar þennan þátt í starfsemi Byrgisins sem ekki sé hægt að afgreiða í yfirskaðanefnd, heldur verði málið að fara til rannsóknar hjá lögreglu.

Hinn efnahagslegi þáttur er varðar fjármál Byrgisins og for-

GUÐMUNDUR JÓNSSON Mál er varða fyrrverandi forstöðumann Byrgisins hafa verið til rannsóknar á þremur stöðum. Rannsókn er að mestu lokið á tveimur þáttum þess.



svarsmanna þess er til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins mun deildin rannsaka samhliða efnahagsþáttinn og hinn skattalega.

Sá hluti Byrgismálsins svokallaða sem snýr að meintri kynferðislegri misbeitingu Guðmundar Jónssonar á fyrrverandi skjólstaðingum sínum hefur verið sendur frá embætti lögreglustjórans á Sel-fossi til ríkissaksóknara.

Rannsóknin þar að lútandi varðaði meðal annars átta konur sem höfðu lagt inn kærur á hendur Guðmundi í Byrginu fyrir meinta misbeitingu. Málið kom upp eftir umfjöllun um málefni Byrgisins í Kompaspætti Stöðvar 2.

- jss

Frumvarp fimm þingmanna: Lágmarksútsvar verði felld út

ALÞINGI Fimm þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja fella niður kröfu um tiltekið lágmarksútsvar sveitarfélaga. Hafa þeir lagt fram frumvarp á Alþingi þar að lútandi. Í dag verða öll sveitarfélög að hafa í það minnsta 11,24 prósent útsvar.

Fyrsti flutningsmaður er Erla Ósk Ásgeirsdóttir varaþingmaður.

Í greinargerðu með frumvarpinu er það sagt óeðlilegt að bundið sé í lög að innheimta skatt af íbúum hvort sem hans sé þörf til að sinna lögbundnu hlutverki eða ekki.

- bj

SÓMA BAKKAR

SÓMI

ÞÍTUBAKKI 2.390 kr.
Tikka masala kjúklingur, jöklasalat og þítubrauð.
Reykt skinka, eggjasalat, jöklasalat og þítubrauð.

ÁVAXTABAKKI 2.480 kr.
Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir.

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*

Nánari upplýsingar á somi.is *Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 3 eða fleiri bakkar.



Starfsemi OR og REI lúti einkaréttinum

Forsvarsmenn Reykjavíkurborgar telja starfsemi OR og REI lúta einkaréttarlögum þar sem OR er sameignarfélag og REI hlutafélag. Spurningu um hvort jafnræðisregla hafi verið brotin verður svarað eftir að starfi stýrihóps lýkur.

STJÓRNSÝSLA Forsvarsmenn Reykjavíkurborgar, þar með talin Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður, lítur svo á að málefni Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Reykjavík Energy Invest (REI) falli undir einkaréttarsvið laga þar sem OR er sameignarfélag. Svör Reykjavíkurborgar við tólf spurningum umboðsmanns Alþingis, sem allar eru tengdar OR og REI, er svarað á þeim forsendum en umboðsmaður hefur þau nú til umfjöllunar.

Umboðsmaður Alþingis spurði að mestu um álítaefni er sneru að stjórnsýsluréttinum og aðferðum sem opinber fyrirtæki, sem undir þeim rétti starfa, þurfa að lúta.

Spurningu um hvort gætt hafi verið jafnræðisreglu verður ekki svarað fyrr en stýrihópur sem vinnur að skoðun á málefnum OR og REI, undir forystu Svandísar Svavarsdóttur, lýkur störfum.

magnush@frettabladid.is

SPURNINGAR UMBODSMANNS ALÞINGIS

1. Var stofnun REI samþykkt á eigendafundi OR og þá hvenær? Hver fór með þau atkvæði?
2. Hvaða eignir OR fóru til REI og hversu mikið var hlutféð? Hvaða breytingar hafa síðar verið samþykktar á hlutfé og hvernig var greitt fyrir það?
3. Var sá 500 milljóna króna hluti sem Bjarni Ármannsson keypti áður í eigu OR? Voru þau kaup samþykkt á eigendafundi OR?
4. Hverjir greiddu atkvæði með sameiningu REI og GGE?
5. Óskað er eftir afriti af samþykkt á kaupum einstaklinga í REI. Hverjir eru þeir? Átti að selja hlutabréf OR til þeirra? Ef ekki, hvaða hluti átti þá að selja?
6. Hver er afstaða sveitarfélaga til þess hvort borgarstjóri eða sveitarstjóri geti samþykkt að selja einkaaðila eigu OR, án heimildar frá sveitarstjórn?
7. Á hvaða fundum var borgar- eða sveitarstjóra veitt heimild til að standa að því sem vísað er til í spurningum 1, 3, 4, og 5?
8. Að hvaða marki gilti jafnræðisreglan í fyrrgreindum ákvörðunum? Hvaða lagagrundvöllur gilti þá?
9. Hafi átt að gæta jafnræðisreglu, hvernig var það gert? Hvaða möguleika höfðu aðrir á að kaupa þessar eignir?
10. Er rétt að starfsmenn REI og OR hafi sjálfir verðlagt það sem þeir lögðu inn í REI?
11. Hvaða reglur gilda um hæfi borgar- og sveitarstjóra til að taka þátt í svona ákvörðunum?
12. Gilda hæfisreglur stjórnsýsluréttarinnar um störf þeirra sem eru valdir til setu í stjórn OR?

SVÖR REYKJAVÍKURBORGAR

1. Stjórn OR samþykkti að leggja REI til hlutfé allt að tveimur milljörðum króna. Ákvörðun um stofnun REI var með sama hætti og fyrri ákvarðanir um stofnun eða aðild að hlutfélögum.
2. Samþykkt var á hlutfélagsskjalum hjá REI 11. september heimild til að auka hlutfé um tuttugu milljarða – án samþykkis hluthafafundar. Bjarni Ármannsson kom inn í félagið sem hluthafi á grundvelli fyrrnefndrar heimildar, líkt og Jón Diðrik Jónsson. Bjarni keypti fyrir rúmlega 391 milljón á genginu 1,28 og Jón Diðrik fyrir 30 milljónir á sama gengi.
3. Samþykkt var á hlutfélagsskjalum hjá REI 11. september heimild til að auka hlutfé um tuttugu milljarða – án samþykkis hluthafafundar. Bjarni Ármannsson kom inn í félagið sem hluthafi á grundvelli fyrrnefndrar heimildar og var eigandi hlutar að verðmæti 500 milljóna.
4. Samkvæmt lögum eiga borgar- og bæjarstjórnar eignaradilans, stjórn og forstjóri OR og löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins rétt til setu á aðalfundi. Í samræmi við ákvæðið sóttu fundinn 3. október borgarstjórnirinn í Reykjavík og bæjarstjórnirinn í Borgarbyggð. Fulltrúi Akraneskaupstaðar var forseti bæjarstjórnar sem er staðgengill bæjarstjóra skv. samþykktum kaupstaðarins en bæjarstjórnirinn boðaði forföll.
5. Á stjórnarfundum REI 1. október var samþykkt að nýta hluta heimildar til að auka hlutfé til átján aðila, sautján einstaklinga og Starfsmannafélags OR, samtals um 338 milljónir króna að nafnvirði. Samþykktinni var breytt og einstaklingum fækkað í ellefu. Samþykktin var síðan dregin til baka á stjórnarfundum 6. október.
6. Af hálfu Reykjavíkurborgar og OR hefur verið litið svo á að einfaldar ákvarðanir stjórnar um stofnun dótturfé-

laga eða um kaup á hlut í félögum, teljist ekki skuldbindingar í skilningi 7. greinar sameignarsamnings um OR þannig að þær þurfi samþykki eigenda.

7. Vísað í svör spurninga 1, 3, 4, 5 og 6.

8. Vísað til þess að eitt af verkefnum stýrihóps borgarráðs um OR sé að kanna aðkomu einstakra fjárfesta að REI, m.a. með hlidsjón af jafnræðisreglu. Umboðsmaður mun verða upplýstur um niðurstöðu stýrihópsins jafnskjótt og hún liggur fyrir. Ítrekað að starfsemi OR sé á sviði einkaréttar og lúti því lögmálum hans.

9. Vísað í svar við spurningu átta. Niðurstæða stýrihóps liggur ekki fyrir.

10. Verðmæti hluta OR í einstökum félögum sem látnir voru inn í REI byggði á mjög nýlegum matsgerðum og kaupsamningum um þessa hluti. Til viðbótar við eignasafnið sem REI á, felst verðmæti félagsins í þeim þjónustusamningi sem REI hefur gert við OR um aðgang að tæknipjónustu, vörumerki OR og að samstarfsverkefnum OR við aðila erlendis verði fyrst beint að REI áður en þau verði boðin öðrum samstarfsaðilum. Viðurkennt er að erfitt er að verðmeta óeignisleg gæði, s.s. „good will“ fyrirtækja, mannaúð, þekkingu og viðskiptasambönd. Halda má því fram að slík gæði séu þess virði sem gagnaðilinn er reiðubúinn að greiða.

11.-12. Ítrekað er að allar ákvarðanir stjórnar OR og REI falli undir lög sem feli í sér að um einkaréttarlega aðila sé að ræða. Reglurnar um setu borgarfulltrúa í stjórn OR taka mið af reglum stjórnsýsluréttarinnar en eru sniðin að aðstæðum sveitarstjórnarstígsins. Litið hefur verið svo á að þessar hæfisreglur nái einnig til fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórnun fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, þ.m.t. sameignar- og hlutfélaga.

Með réttu úti - og innimottunum
- getur þú stoppað 80% af óhreinindunum við innganginn

Einar Kristjánsson, sölumaður hjá RV

Á tilboði í október og nóvember 2007
Úti- og innimottur af ýmsum gerðum og stærðum

Wayfarer grá með kantí, 120x180cm

Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhúsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

N°5

Chanel kynning í Hagkaupum dagana 1-7 nóvember.

Heiðar Jónsson og Díanna Dúa
veita faglega ráðgjöf og kynna
spennandi nýjungar frá Chanel í
verslunum Hagkaupa Smáralind
og Kringlu.

Gerðu þér glaðan dag og
upplifðu töfra Chanel með
hjálp fagaðila okkar.

Glæsilegir kaupaukar í boði
að verðmæti allt að 10.000 kr.



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



2.490

4 ltr.

Vnr. 86620040-3737

Innimálning

KÓPAL Glitra innimálning, gljástig 10, allir litir, 4 ltr.



3.490

10 ltr.

Sadolin

Vnr. 89000182

Loftamálning

SADOLIN loftamálning, gljástig 3, hvít, 10 ltr.

HELGAR BOMBA

fimmtudag, föstudag, laugardag & sunnudag

FRÁBÆRT VERÐ!



5.990

7.935

10 ltr.

Sadolin

Vnr. 89010183-283

Innimálning

SADOLIN innimálning, gljástig 10 allir litir, 10 ltr.



3.490

5 ltr.

Sadolin

Vnr. 89011050-450

Innimálning

SADOLIN Xtramat innimálning, gljástig 5, ljósir litir, 5 ltr.



990 kr.

Vnr. 84175700

Penslasett

590 kr.

Penslasett, grænt, 25, 38 og 63 mm.



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



JESÚS ÚR ÓLÍVUVIÐI Palestínskur listamaður sýnir ljósmyndara hvernig hann ber sig að við útskurð á Jesú líkneski í ólívuvíð. Líkneskin eru síðan seld á mörkuðum og eru kristnir pílagrímar helstu viðskiptavinirnir. NORDICPHOTOS/AFP

Málaferli milli Hannesar Hólmsteins og Jóns Ólafssonar halda áfram í Bretlandi:

Dóms að vænta á næstunni

DÓMSMÁL Málflutningur fór nýlega fram í máli Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors gegn Jóni Ólafssyni kaupþýslumanni í Bretlandi. Freistar Hannes þess að fá hnekkð ákvörðun dómara um að Jón mætti halda meiðyrðamáli sínu gegn Hannesi til streitu.

Málaferlin eru nokkuð flókin, en upphaf þeirra má rekja til meiðyrðamáls sem Jón höfðaði árið 2005 í Bretlandi. Hannes tók ekki til varna og var dæmdur til að greiða skaðabætur. Hannes fékk dómnum hnekkð á æra dómstigi þar sem honum hafði ekki verið birt stefna með réttum hætti. Dómarinn tiltók þó að Jón



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON



JÓN ÓLAFSSON

mætti reka málið aftur fyrir dómstólum án þess að stefna Hannesi formlega. Ef hann hefði ekki gert það hefði málinu verið lokið, enda of langt liðið frá því ummælin féllu til að höfða mætti skaðabóta-

mál, segir Heimir Örn. Þessari ákvörðun dómarsins áfrýjaði Hannes, og var málflutningur vegna þeirrar áfrýjunar haldinn í síðustu viku.

Heimir segir það afar óeðlilegt ef málið fái að halda áfram, Hannesi hafi aldrei verið birt stefna og því andstætt lögum að dæma hann. Verði hann dæmdur ytra verði ekki hægt að fallast á aðfararkröfu hér á landi vegna þessa formgalla.

Ragnar Aðalsteinnsson, lögmaður Jóns Ólafssonar, sagði að nú væri dómsins beðið, og fyrr en dómur falli muni hann ekki velta fyrir sér afleiðingunum. - sdg

Máritönsk mæðgin handtekin:

Héldu tvö börn sem þræla sína

MÁRITANÍA, AP Máritönsk mæðgin, 51 árs karl og 85 ára móðir hans, hafa verið handtekin fyrir að halda tvö börn sem þræla.

Móðir barnanna, sextán ára stúlku og tíu ára drengs, hefur barist fyrir lausn þeirra frá því hún flúði sjálf úr ánaud frá fólkinu.

Þetta eru fyrstu handtökurnar vegna þrælahalds í Máritaníu en þar telja margir þrælahald hluta af menningunni.

Dæmi eru um að fólk hafi haldið sömu þrælana áratugum saman. Þrælahald hefur verið bannað í Máritaníu frá árinu 1981. - sdg

ÁHORFENDUR Í SJOKKI GRYTA HLJÓMSVEIT

Heppnir tónleikagestir vinna nýjan iPod nano í boði FL Group

KRASSANDI KVÖLD MEÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

VORBLÓT /// EFTIR ÍGOR STRAVINSKÍJ

HÁSKÓLABÍÓ /// FÖSTUDAGINN 2. NÓVEMBER /// KL. 21

/// eftirpartí með hljómsveitarmeðlimum og dj þorbirni /// miðaverð 1.000 KR.

www.sinfonia.is /// midi.is

FL GROUP ER AÐALSTYRKARADILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS



OBAMA OG CLINTON Keppa bæði um að verða forsetaefni Demókrataflokkssins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hillary fær til tevatnsins

Hillary Clinton fékk nánast alla athyglina í sjónvarpskappræðum Demókrataflokkssins. Mótframbjóðendur hennar baunuðu á hana harðri gagnrýni.

BANDARÍKIN, AP Öll spjót stóðu á Hillary Rodham Clinton í kappræðum Demókrataflokkssins í Philadelphíu á þriðjudagskvöld. Mótherjar hennar, sem eins og hún keppa um að verða forsetaefni flokkssins í kosningunum næsta haust, beindu kröftum sínum einkum að því að gagnrýna hana.

„Verður hún sú manneskja sem kemur á breytingum í Bandaríkjunum?“ spurði til dæmis John Edwards, sem var varaforsetaefni flokkssins árið 2004. „Ég trúi á jólasveininn og ég trúi á tannálfinn, en ég held ekki að það muni gerast.“

Barack Obama snerist einnig gegn Clinton og sagði hana vera draumaandstæðing Repúblikanaflokkssins: „Hluti af ástæðu þess að repúblikanar eru svona uppþeknir af þér, Hillary, er að þeim finnst það afskaplega þægilegur slagur.“

Þeir gagnrýndu málflutning hennar í flestum efnum, bæði varðandi utanríkismál á borð við Íran og Írak og einnig innanríkismál á borð við almennatryggingar.

Clinton lét sér í þetta sinn ekki nægja að hlæja bara að gagnrýni þeirra, eins og hún hefur áður gert, og grínast með hvað hún sé nú heppin að fá enn, á sínum aldri, svona mikla athygli frá öllum þessum karlmönnum. Þess í stað svaraði hún fullum hálsi, en þó sjaldn-

„Hæstiréttur afhenti Bush forsetaembættið og við höfum þurft að búa við afleiðingar þess allar götu síðan.“

HILLARY CLINTON
ÖLDUNGAEILDARPINGMAÐUR

ast með því að svara gagnrýninni beint heldur oftast með því að snúa hverju máli upp í gagnrýni á George W. Bush forseta.

„Ég tel að á tíunda áratugnum höfum við verið að ná árangri og ég er mjög stolt af þeim árangri sem við náðum alveg þangað til hæstiréttur afhenti, því miður, George Bush forsetaembættið, og við höfum þurft að búa við afleiðingar þess allar götur síðan,“ sagði hún til dæmis.

Costas Panagopoulos, stjórnmaðlafræðingur við Fordham-háskóla, segir að Clinton hafi hugsanlega brugðist hárrétt við með því að beina spjótum sínum að Bush meðan mótherjar hennar ráðast gegn henni, því það „styrkir aðeins stöðu hennar í forystu demókrata,“ auk þess sem „andstæðingar hennar í Demókrataflokknum eru kannski líka að styrkja forystu-stöðu hennar í huga kjósenda með því að ráðast af öllu afli gegn henni.“

gudsteinn@frettabladid.is

SIEMENS

Kryddaðu eldhúsið með heimilistækjum frá Siemens.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 - Sími 520 3000
www.sminor.is

Jarðlestir í Suður-Kóreu:
Sérvagnar fyrir konur í bígerð

SUDUR-KÓREA, AP Hugsanlegt er að sérstakir kvennavnagar verði teknir í notkun í jarðlestakerfi Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, á næsta ári. Með því á að draga úr kynferðislegri áreitni sem kvenkyns farþegar verða fyrir.

Endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin og þaðan af síður hvort kvennavnarnir verði í notkun allan daginn eða einungis á mestu annatímum.

Árið 1992 var reynt að hafa sérvagna fyrir konur, fatlaða og aldraða á annatímum, en því var hætt þar sem engin leið reyndist að koma í veg fyrir að karlar notuðu vagnana.

- gb

Stofnmæling rækju á grunnslóð árið 2007 lofar ekki góðu með veiði:

Hafró vill ekki rækjuveiðar

SJÁVARÚTVEGUR Stofnmælingu Haf-rannsóknastofnunar á innfjarðar-rækju er nýlökkið með þeirri niðurstöðu að hvergi er mælt með rækjuveiðum. Of lítið er af rækju í þeim fjörðum sem könnunin náði til og of mikið af ungfiski, aðallega ýsu, til að stofnunin geti mælt með veiðum.

Aðrar fiskirannsóknir eru gerðar meðfram stofnmælingu rækju og benda fyrstu niðurstöður til að 2007 árgangur þorsks sé slakur. Fyrstu merki um 2007 árgang ýsu benda hins vegar til að sá árgangur sé talvert yfir meðaltali á grunnslóð.

Dálftill bati virtist vera á rækju-stofninum í Ísafjarðardjúpi og



Í RÆKJUVERI Hafró telur ekki forsundur til að rækjuveiðar hefjist á ný.

einnig virðist rækjustofninn í Arnarfirði hafa náð sér aðeins á strik. Nýliðun rækju virtist góð í Ísafjarðardjúpi, Skjálfanda og Öxarfirði.

Í haustkönnun Hafrannsóknastofnunarinnar á rækjumíðunum eru stundaðar fædurannsóknir á þorski, ýsu og lýsu, mælingar á öllum fiski og sýni tekin til aldursákvörðunar ásamt skráningu fjölda þorsk- og ýsuseiða.

Samkvæmt fyrstu niðurstöðum um virðist 2007 árgangur þorsks slakur og svipaður og árin 2004 til 2006. Minna var af eins árs þorski og eldri á öllum svæðum en verið hefur síðustu vetur. Hins vegar var mikið af ýsu eins árs og eldri, einkum fjögurra ára ýsu, en sá árgangur hefur verið áberandi inni á öllum fjörðunum í fjögur ár á meðan þorskurinn virðist ekki eins staðbundinn.

- shá



BÍLAPARTAKONA Á risavaxinni bílasýningu í Las Vegas í Bandaríkjunum gefur að líta stytta af konu sem er að öllu leyti samansett úr bílapörtum.

NORDICPHOTOS/AFP



HÚSNÆÐI NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR Stofnunin hefur verið til húsa í bráðabirgðahúsnæði við Hlemm.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Náttúrufræðistofnun Íslands:

Framtíðarhúsnæði í Garðabæ

SAFNAMÁL Framtíðarhúsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) verður að öllum líkindum í Urriðaholti í Garðabæ. Þetta kom fram í máli Jóns Gunnar Ottóssonar, forstjóra NÍ, á ársfundi stofnunarinnar. Í máli Jóns Gunnars kom fram að nú hylti loksins undir lausn á langvinnnum húsnæðisvanda stofnunarinnar, sem hefur verið hýst í bráðabirgðahúsnæði í tæp 60 ár.

Útboð fór fram á vegum Ríkiskaupa nýlega og bárust tíu tillögur. Ákveðið var að ganga til loka-samninga við fyrirtækið Urriðaholt ehf. um byggingu nýs húsnæðis fyrir stofnunina í Garðabæ, sem ljúka á fyrir haustið 2009.

- shá



MÆÐRASKÝLI Sighvatur Björgvinsson og Vilhjálmur Wíium afhenda heimamönnum ávísanir frá Þróunarsamvinnustofnun og Reykjanesbæ.

Pungaðar konur aðstoðaðar:

Mæðraskýli reist í Namibíu

ÞRÓUNARSAMVINNA Hafnar eru framkvæmdir, að langstærstum hluta fyrir íslenskt fjármagn, við byggingu mæðraskýlis í bænum Engela nyrst í Namibíu. Þungaðar konur á síðustu vikum meðgöngu hafa á þessu svæði um margra ára skeið leitað athvarfs undir trjám við vegkant skammt frá sýslusjúkrahúsinu. Þróunarsamvinnustofnun Íslands afhenti á dögunum Usko Nghaamwa sýslustjóra tæplega 2,5 milljóna króna ávísun í framkvæmdasjóð nýja mæðraskýlisins við hátiðlega athöfn.

Við sama tækifæri var afhent 300 þúsund króna söfnunarfé til framkvæmdanna frá íbúum Reykjanesbæjar.

- jss



Alltaf í sambandi!

Utan höfuðborgarsvæðisins nýta 3G símarir hefðbundið GSM-kerfi Símans.

Að breyta gangi sögunnar með 3G

3G þjónusta Símans á höfuðborgarsvæðinu opnar þér aðgang að:

- Sjónvarpsefni á símaskjánum
- Háhraðaneti í símanum
- Samtölum undir fjögur augu með myndsimtali
- Þráðlausu netsambandi í fartölvunni með 3G netkort

Kynntu þér málið í næstu verslun Símans eða á siminn.is

SONY ERICSSON W880i

Léttkaups útborgun

900 kr.

3.000 kr. á mánuði í 12 mánuði
 Verð aðeins 36.900 kr.

Það er Síminn



Sími



Netið



Sjónvarp



Vill fund í samgöngunefnd:
Nefndin ræði flutning verka

ALÞINGI Árni Þór Sigurðsson, þingmaður VG, hefur óskað eftir fundi í samgöngunefnd til að ræða fyrirhugaðan flutning verkefna í vegamálu frá ríki til sveitarfélaga.

Árni segir á heimasíðu sinni að fréttir um þetta hafi komið sveitarstjórnarfólki mjög á óvart. Formaður samgöngunefndar hafi tekið vel í erindið og um það verði fjallað á fundi nefndarinnar í næstu viku. Árni segir að engin umræða hafi farið fram um að Vegagerðin undirbúi að flytja ábyrgð á tilteknum þjóðvegum í þéttbýli til sveitarstjórna.

- bj

Albert Albertsson, aðstoðarforstjóri Hitaveitu Suðurnesja, um Hafnarfjörð:

Perur vantaði í ljósastaura

RAFMAGNISMÁL Götulýsingu á ákveðnum svæðum í Hafnarfirði hefur verið ábótavant upp á síðkastið en nú er að rætast úr því, að sögn Alberts Albertssonar, aðstoðarforstjóra Hitaveitu Suðurnesja. „Í Hafnarfirði er ör vöxtur. Vegna álags og anna hefur sá mannskapur sem við höfum til umræða verið svo ásetinn að þetta hefur dregist örlítið en nú er búið að gera góðan skurk í þessu þó að því sé ekki alveg lokið,“ segir Albert.

„Við settum þetta til hliðar um stundarsakir og söfnuðum saman í ákveðið verk og svo hefur mannskapurinn verið látinn vinda ofan af þessu á föstudögum og laugar-



SLÖKKT Á PERUM Hafnarfirðingar hafa fundið fyrir því að slökkt hefur verið á ljósastaurum í bænum upp á síðkastið. Það stendur til bóta.

dögum upp á síðkastið,“ segir Albert og bendir á að ekki sé hlaupið að því að skipta um perur í ljósastaurum.

„Það þarf að fara á körfubíl, opna ljósastæðið, taka peruna úr og setja nýja í. Þetta er svolítið veðurháð og ekki gert í miklu roki eða slagviðri,“ segir hann.

Rafmagnsleysi varð tvisvar um nótt í Hafnarfirði fyrir svolitlu síðan. Albert segir að loftlína sem lá yfir byggingasvæðið á Völlum hafi verið tekin niður og kapall lagður í jörð. Fyrst hafi orðið að rjúfa línuna og koma á varasambandi og svo hafi þurft að rjúfa hana aftur til að tengja í jörð.



ÁRÁSARGJÖRN MÚMÍA Kínversk kona þykist vera að flýja undan risavaxinni múmíu sem stendur uppi í verslanamiðstöð í Hong Kong í tilefni af hrekkjavökunni sem var í gær. NORDICPHOTOS/AFP



FERLÍKI Á FERÐ Kirkjan er 19,6 metrar á hæð, 14,5 metrar að lengd og vegur hún um 750 tonn. AP

Heilt þorp vikur fyrir námu:
700 ára gömul kirkja fær nýtt heimilisfang

ÞÝSKALAND, AP Sjö hundruð ára kirkja lauk í gær tæplega vikulangri ferð sinni til nýrra heimkynna sinna í austurhluta Þýskalands til að rýma fyrir námuvinnslu. Fyrstu rituðu heimildirnar sem til eru um Emmaus-kirkju eru frá 1297.

Námufyrirtækið Mibrag borgaði tæpar 260 milljónir króna fyrir að flytja kirkjuna tólf kílómetra vegalengd frá Heuersdorf til Borna. 320 íbúar Heuersdorf þurfa einnig að flytja vegna námuvinnslunnar. Þeir börðust í mörg ár gegn þessu en töpuðu málinu fyrir stjórnlagadómstóli árið 2005. Flestir eru fluttir. - *sdg*



NÝR MAÐUR Í BRÚNNI Stærsti hluthafinn í Marimekko í Finnlandi hefur selt og nýr maður er tekinn við stýrinu.

Marimekko í Finnlandi:
Nýr eigandi tekinn við

FINNLAND Stærsti hluthafi Marimekko í Finnlandi, Kirsti Paakkanen, hefur selt tíu prósent af hlut sínum fyrir tæpar 900 milljónir króna og mun selja önnur tíu prósent. Kaupandi er Mika Ihamuotila sem jafnframt því að vera stærsti hluthafinn verður framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Þetta kemur fram á fréttavef Helsingin Sanomat í Finnlandi.

Ihamuotila hefur stórar hugmyndir fyrir Marimekko. „Eftir tíu ár verður Marimekko svo miklu meira en það er í dag,“ segir hann við Helsingin Sanomat. „Einstæður stíll Marimekko á einlæga aðdáendur um allan heim. Mér finnst að Marimekko geti orðið svo miklu, miklu meira.“

Ihamuotila stefnir einnig að því að kaupa hin tíu prósentin sem Kirsti Paakkanen á.

- ghs



Lægri viðhaldskostnaður á Scania



Hekla kynnir viðhaldssamninga fyrir Scania

Hekla býður eigendum Scania-bifreiða sérstaka viðhaldssamninga sem fela í sér fyrirbyggjandi viðhald, öryggi og hagkvæmni.

Um er að ræða tvenns konar samninga:

SCANPLAN

ScanPlan-viðhaldssamning

SCANPLANPLUS

ScanPlan Plús-viðhaldssamning með driflínuábyrgð

ScanPlan-samningur felur í sér fyrirbyggjandi viðhald og faglegar viðgerðir samkvæmt ítrustu kröfum og stöðlum Scania. Tæknimenn nota einungis þjónustuuþplýsingar, sérverkfæri og varahluti frá Scania. Reglulegt viðhald tryggir hagkvæman rekstur og endingu bílsins.

Með ScanPlan-samningi er eigandi Scania-bifreiðar varinn gegn hækkunum á verði umfram vísitölu á samningstímanum og á þetta við bæði um vinnu og varahluti.

Tryggðu afköstin með ScanPlan eða ScanPlan Plús-viðhaldssamningi.



HEKLA

3.999

~~6.799~~



Loftamálning
Jotaproff, gljástig 3
7119854



Veggmálning
Jotaplast,
gljástig 7, beinhvít
7119800

3.999



Rúlla og bakki
23 sm
7014821

895

~~1.350~~



Hamar, Toolux
16 OZ
5003077

299

~~995~~

1.395

kr/m²



Gólfplisar, Keope
Gegnheilar, frostþolnar,
8,5 mm þykkar, 30x30 sm
8630030/31/33


blómaval

Gerðu

50%
afsláttur

Skrautseríur rafhlöðu



Nóvemberkaktus
verð frá
199 kr

Jóla límímiðar
verð stk.
99 kr





Skúffurekki, Raaco
510x306x147 mm, 44 skúffur
5025376

2.999
~~3.995~~

12.999
~~19.995~~



3 rafhlöður

Hleðsluborvél, Hitachi

12V, 3 rafhlöður, stuttur hleðslutími,
ljós og bitasett fylgir með ásamt tösku
5247480

20 ára
ábyrgð

Plastparket, Free 7 mm

Eikarplankalíki með rústik útliti, rakavörn á
samskeytum, borðastaerð 194x1.292 mm
146862

1.295 m²
~~2.299~~ m²



klárt
fyrir jólin




HÚSASMÍÐJAN



Jólahús
með ljósi
30%
afsláttur

Kertamarkaður
60%
afsláttur





Hugakl. Okt. 07

Undirstaða ánægju.



Hästens

since 1852

Hästens verslunin í Reykjavík • Virka daga 11-18 • Laugadaga 11-16 • Grensásvegi 3 • Reykjavík • 581 1006 • www.hastens.is



GR-L218SSKA
Tvöfaldur
ísskápur

379.900



GCP227KGBA
Tvöfaldur
ísskápur

356.900



GC379BA
Ísskápur

64.900

ÚRVALS RAFTÆKJAÚRVAL



38.900

L=1036
Edesa þvottavél



79.900

NARDI
Helluborð og ofn



49.900

1LE031SX
Edesa uppþvottavél



26.900

MV23XL
Combi örbylgjuofn



35.900

FEA0714W
Nardi bökunarofn

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

Lif's Good  LG

Bullum í baði ...sturta.is

Sturtuklefar og baðker í ...breiðum bunum! - hvað segirðu um bað?



Kr. 199.000
1300x1300x2150mm



Kr. 139.000
900x900x2150mm



Kr. 208.000
1520x850x2150mm

Ótrúleg verð

Kr. 179.000
1820x1320x775mm



Kr. 175.000
940x940x2150mm

Hátækni



Kr. 147.000
1360x1360x730mm

Bara að drífa sig!

Reykjavíkurvegur 64,

220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566

Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi

www.sturta.is allan sólarhringinn!



Ekki súr, farðu úr

Hreinn og beinn ...í sturtu!

Komdu í bað, sturtan sér um það ...sturta.is

Nudd og nautn í baði ...sturta.is

LÁN ÁN ÁBYRGÐARMANNA*

FRÍTT DEBETKORT

HÆRRI INNLÁNSVEXTIR

LÆGRI YFIRDRÁTTARVEXTIR

AFSLÁTTUR AF LÁNTÖKUGJÖLDUM

SÉRKJÖR Á BÍLAFJÁRMÖGNUN*

NÁMSKEIÐ OG RÁÐGJÖF Í FJÁRMÁLUM

Fáðu BYR undir báða vængi

Við lítum á viðskiptavinum okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna. Við aðstoðum þig við að sjá um fjármál heimilisins og fylgjumst með því að þú fái alltaf það besta sem er í boði.

Með því að vera með allt á sama stað færð þú betri kjör og meiri fríðindi


**Útlán eru háð lánareglum.*



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

Kjarni málsins

> Fjöldi karla og kvenna í háskólanámi til fyrstu gráðu árið 2006.



menntun

nám, fróðleikur og vísindi

FRÆÐIMAÐURINN: BJÖRK ÞORLEIFSDÓTTIR SAGNFRÆÐINGUR

Rannsakar félagsleg áhrif Skaftárelda

Björk Þorleifsdóttir brautskráðist með BA-gráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 2003. Nú er hún í meistaranámi í umhverfissagnfræði við St. Andrews-háskóla í Skotlandi og rannsakar félagsleg áhrif Skaftárelda í lokaverkefni sínu. „Ég fór að læra umhverfissagnfræði því ég hafði mikinn áhuga á virkjanamálum,“ segir Björk. „Árið 2003 fór ég á alþjóðlega ráðstefnu umhverfissagnfræðinga í Prag og komst að því að þetta væri eitthvað fyrir mig.“

Björk segist hafa ákveðið að beina sjónum að Skaftáreldum í lokaverkefni sínu því henni hafi ávallt þótt þetta spennandi tímabil í Íslandssögunni. „Ég heillaðist líka af endurminningum Jóns Steingrímssonar eldkerls, hann var svo ótrúlegur karakter. Að lesa æviminningar hans er eins og að lesa

magnaða skáldsögu og maður kemst ekki hjá því að hrifast með. Ég er líka dóttir jarðfræðings, var iðulega druslað upp á eldfjöll þegar ég var yngri, og hef því ekki áhugann langt að sækja.“ Björk er langt komin með lokaverkefnið, sem hún segir leiða margar áhugaverðar niðurstöður í ljós. „Ég ætla hins vegar að biða með að tjá mig nánar um þær þangað til ég hef skilað ritgerðinni, sem ég vona að verði í febrúar.“

Þótt Björk sé í námi við háskóla í Skotlandi skrifar hún lokaverkefnið hér heima. „Þegar búið er að víða að sér öllum heimildum þarf maður bara að skrifa og mér finnst miklu betra að gera það hér heima. Ég er með aðstöðu í Reykjavík-akademíunni, sem er frábært fræðasamfélag þar sem eru gangandi alfræðiorðabækur á hverju strái. Það er miklu betra umhverfi fyrir fræðimann en að húka einn í útlöndum.“



Bendill, rafræn áhugakönnun fyrir grunn- og framhaldsskólanemendur:

Áhugakönnun fyrir Íslendinga

„Við höfum hingað til verið með innfluttar áhugakannanir en þær hafa ekki endurspeglad íslenskan veruleika til fulls, þar var til dæmis spurt um áhuga á hermennsku. Þegar við gerðum þessa könnun nýttum við því þá þekkingu sem hefur orðið til erlendis og staðfærðum hana yfir á íslenskar aðstæður,“ segir Sif Einarisdóttir, dósent við náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Sif hefur unnið að þróun Bendils, rafrænnar áhugakönnunar fyrir íslensk ungmenni.

Í könnunum sem þessum eru unglingar beðnir að benda á þau störf, athafnir eða námsgreinar sem þeim líkar við og reynt að finna áhugasvið út frá svörnum.

„Við höfum notast við þá kenningu að starfsáhuga megi flokka í sex megin svið og það virðist falla vel að íslenskum nemum,“ segir Sif. Hún bendir á að áhugi fólks geti vitanlega verið á fleiri en einu sviði. Arkitektúrhefileikar gætu þannig leynst á lista-, vísinda- og handverkssviði. Hátt í 4.000 nemendur hafa gengist undir prófið



SIF EINARSDÓTTIR Reynir að finna út áhugasvið íslenskra nema.

síðan 2004 og Sif segir að í ljós hafi komið að starfsáhugi drengja og stúlkna sé mjög ólíkur. Þetta megi rekja til kynbundinnar félagsmótunar, sem sé stórt vandamál í skólakerfinu. - kóp



SAMSTARFSVERKEFNIÐ BUGÐA Ingibjörg Kristleifsdóttir, leikskólalastjóri á Klömburum, segir samstarf leikskólanna fjögurra sem tilheyra Bugðu byggja á sameiginlegri trú á ýmsum kostum í uppeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sparaðu stórt - sparaðu örugglega



PEUGEOT 107 Trendy 5 DOOR

VERÐ FRÁ KR.
1.399.000

www.peugeot.is



Lágt verð, lítil eldsneytiseyðsla, mikill búnaður, fjölstjörnuöruggi svo ekki sé minnst á fri stæði í miðborginni, tryggir að þú sparar við undirskrift og löngu eftir að þú keyrir úr umboðinu. Sparaðu stórt - veldu Peugeot 107.

Peugeot 107 Trendy, 5 dyra á verði frá kr. 1.399.000

BÍLLINN Í LÍFINU ÞÍNU



- 1.0i, 68 hestöfl
- Meðaleyðsla 4,6l/100km
- Frítt í stæði í miðborginni*
- 5 dyra
- ABS bremsukerfi
- Isofix barnastólafestingar
- 4 loftpúðar
- Snúningsmælir
- Fánlegur með dísilvél
- Fánlegur sjálfskiptur

Opin leikefni og tengsl við náttúru

Foreldrar segja gjarnan að ekkert sé þeim mikilvægara en börn þeirra. Með breyttum lifnaðarháttum verja foreldrar þó minni tíma með börnum sínum en áður tíðkaðist. Það þýðir samt ekki að þeir vilji ekki fá mestu um ráðið um uppeldið og því skiptir flesta miklu máli að vera upplýstir um þá stefnu sem leikskólar barna þeirra starfa eftir.

Verkefnið Bugða, sem stofnað var í mánuðinum, byggir á samstarfi fjögurra leikskóla í Reykjavík sem hafa sameiginleg markmið í uppeldisstarfi og starfsmannastefnu. Skólanir eru Brákarborg, Garðaborg, Klambrar og Rauðhóll.

„Það sem við eignum sameiginlegt er meðal annars trú okkar á kosti þess að nota opin leikefni, það er að segja leikföng sem örva sköpunargáfu barnanna og eru ekki með fyrirframgefna lausnir,“ segir Ingibjörg Kristleifsdóttir, leikskólalastjóri á Klömburum. Hún segir að á leikskólunum sem tilheyra Bugðu sé mikil áhersla lögð á tengsl við náttúruna og mest leikið með eingakubbana sem Caroline Pratt uppeldisfrömuður hannaði fyrir um það bil öld. Stefna leikskólanna byggir einnig á starfsháttum Pratt og segir Ingibjörg að til

standi að nokkrir af starfsmönnum hennar skóla sé hún stofnaði í New York rétt eftir aldamótin 1900. „Það verður mjög forvitnilegt að skoða þann leikskóla. Fá svæði eru jafn ólík og Manhattan og Reykjavík eru en samt sem áður eru sömu grundvallarhugmyndir í uppeldi við háðar á þessum stöðum,“ segir Ingibjörg. Hún segir að annar kenningarmiður sem litið er til við stefnuna sé bandaríski heimspekingurinn John Dewey en hann lagði ríka áherslu á að börn væru gerendur í eigin lífi og fengju að læra af reynslunni. „Það ríkir samt engin hreintrúarstefna hjá okkur þó við lítum mjög til hugmynda þessa ágæta fólks,“ segir hún.

Það ríkir samt engin hreintrúarstefna hjá okkur þó við lítum mjög til hugmynda þessa ágæta fólks.

INGIBJÖRG KRISTLEIFSDÓTTIR
LEIKSKÓLASTJÓRI Á KLÖMBURUM

Faglegt samstarf skólanna mun byggja á því að leikskólinn sé lærdómssamfélag þar sem börn og fullorðnir geti lært og þroskast saman. Þá bendir Ingibjörg á að mannaúður leikskólanna sé mikill, þar starfi um hundrað manns, og sé ætlunin að starfsmenn heimsæki aðra skóla innan verkefnisins, verði með leshóp og myndi öflugan umræðuvettvang um uppeldismál.

karen@frettabladid.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanæsbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

VIÐ HEIMTUM ÓDÝRA FARSÍMA!



Samsung X-160

BT: 8.999 kr.
Farsímalagerinn.is:

kr. 6.990

Ericsson Z310i

BT: 14.999 kr.
Farsímalagerinn.is:

kr. 11.500

Nokia 6085

Hátækni: 16.995 kr.
Farsímalagerinn.is:

kr. 14.990

Motorola V3

Almennt verð: 19.000 kr.
Farsímalagerinn.is:

kr. 15.990

Nokia 6120 3G

Vodafone: 29.900 kr.
Farsímalagerinn.is:

kr. 26.990



Bluetooth búnaður

Vertu öruggari
í umferðinni!

kr. 2.990

Ný verslun í Kringlunni!

Gefum handfrjálsan Bluetooth
búnað með fyrstu 100 símunum.

Fjórður Hafnarfirði - Bankastræti 4
Laugavegur 178 - Miðhraun Garðabæ
Kringlunni - www.farsimalagerinn.is

Farsimalagerinn.is

TOSHIBA

image is everything

REGZA

Örþunn LCD sjónvörp
með ótrúlegum myndgæðum
á frábæru verði.

TOSHIBA er brautryðjandi í tækninýjungum!

Lægra gengi = lægra verð!



HD ready

HDMI

PICTURE FRAME LCD

digital

Active Vision

ONKYO
HÁTALARAR



100 Hz

159.900,-



68 línan

32" WL68

Upplausn: 1366x768
ActiveVision myndvél
Viðbragðstími: 8ms
Skerpa: 3500:1
3 HDMI tengi / 2 scart tengi

100 Hz

199.900,-



37" WL68

Upplausn: 1366x768
ActiveVision myndvél
Viðbragðstími: 8ms
Skerpa: 3500:1
3 HDMI tengi / 2 scart tengi

100 Hz

249.900,-



42" WLT68

Upplausn: 1366x768
ActiveVision myndvél
Viðbragðstími: 8ms
Skerpa: 3500:1
3 HDMI tengi / 2 scart tengi

199.900,-



66 línan

42" WL66

Upplausn: 1366x768
ActiveVision myndvél
Viðbragðstími: 8ms
Skerpa: 800:1
2 HDMI tengi / 2 scart tengi

99.900,-



26" WL66

Upplausn: 1366x768
ActiveVision myndvél
Viðbragðstími: 8ms
Skerpa: 800:1
2 HDMI tengi / 2 scart tengi

229.900,-



67 línan

42" WL67 Full HD

Upplausn: 1920x1080
ActiveVision myndvél
Viðbragðstími: 8ms
Skerpa: 800:1
2 HDMI tengi / 2 scart tengi

MARGVERÐLAUNUÐ SJÓNVARPSTÆKI:



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • ef@ef.is

www.ef.is

Full búð af frábærum tilboðum



41% afsláttur

GODI

999 kr/kg, áður 1.695 kr/kg
Goða bayonneskinka



30% afsláttur

1.371 kr/kg, áður 1.959 kr/kg
Borgarness villikryddað hátíðarlambalæri



34% afsláttur

GODI

1.178 kr/kg, áður 1.785 kr/kg
Goða hunangsrísakótilettur



47% afsláttur

ÍSFLUGI

392 kr/kg, áður 740 kr/kg
Ísfugls heill ferskur kjúklingur



NÝR DISKUR

1.999 kr/stk
Latibær, 4 þættir



50% afsláttur

108 kr/kg, áður 215 kr/kg
Borgarness skólaskinka, 165 g



42% afsláttur

98 kr/ltr, áður 169 kr/ltr
Del Monte epla- og appelsínusafi

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 1.–4. nóvember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

ALLS KONAR EFNI
Kjóla, dragtir og kápur fyrir jólin má fá í ýmsum verslunum.

TÍSKA 2



BLEIKA SLAUFAN
Meðferð dreifðs brjóstakrabbameins er til umfjöllunar í pistli dagsins í greinaröð um brjóstakrabbamein.

HEILSA 4



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Næsta námskeið hefst
2.nóvember n.k.

Staðsetning í Mjódd
www.ovs.is



UPPLÝSINGAR OG INNRIÐUN Í SÍMA 588-1414

Húsgagna-Lagersala

Leðursófasett

hornsófasett

sófasett með innbyggðum skemli

borðstofuborð og stólar

skenkar

sófaborð

eldhúsbord

Rúmgafnar

rúm í ýmsum stærðum og gerðum

Verðdæmi:

Leðursófasett áður kr. 239,000
nú **84,900**

Borðstofustóll áður 17,000
nú **5,000**

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

5125050 Auglýsingasími



Kristín Lea fylgist vel með tiskunni og hefur aðeins fengist við fyrirsætustörf.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HINEFILL

Á hælum við hvert tækifæri

Kristín Lea Sigríðardóttir fylgist vel með tiskunni og á það mikið af fötum að hún þarf að geyma hluta af þeim í ferðatöskum.

Kristín Lea er nítján ára menntaskólamaer í Framhaldsskólanum á Laugum. Hún er mikið fyrir kjóla og kvenleg föt en um þessar mundir er þó dúnúlpán í uppáhaldi. „Það byrjaði að snjóa hérna í september og þessi úlpa, sem ég keypti í Retro fyrir skemmstu, hefur komið sér vel. Hún er ægilega kósí og gott að vera í henni þegar ég þarf að skottast hérna á milli húsa,“ segir Kristín Lea en hún býr á heimavistinni á Laugum. „Úlpan er síð, með kraga upp í háls og með brúnni lóðhettu.“

Aðspurð segist Kristín Lea hafa frekar klassískan fatasmekk. „Mér finnst þó gaman að klæða mig upp og gera mig fína og ég nota hæla við hvert tæki-

færi. Ég er ægileg stelpa í mér,“ segir hún og hlær. „Ég þúsla saman fötum úr öllum áttum og finnst gaman að fara í hinar ýmsu búðir og gramsa.“

Kristín Lea segir ekkert hægt að versla á Laugum en þegar hún á frí notar hún tækifærið og fer í búðir á Akureyri eða í Reykjavík. Aðspurð segist hún eiga mikið af fötum og að varla sé pláss fyrir þau á heimavistinni. „Ég þarf að geyma eitthvað af fötum mínum í töskum,“ segir hún.

Kristín Lea klárar skólann vorið 2009 og stefnir á fjölmiðlafræði í Háskóla Íslands. Hún hefur líka gaman af því að mála og getur jafnvel hugsað sér að fara í Listaháskólann. Kristín Lea hefur einnig fengist við módelstörf og er á skrá hjá model.is. Hún segist þó taka módelstörfunum með ró en stærsta verkefni hennar til þessa er Levi's-auglýsing sem hún lék í sumarið 2006.

vera@frettabladid.is

BETRA
LOFT

Nýtt!



Hágæða raka- og lofthreinsitæki frá Sviss.
Fáguð hönnun og frábær virkni.

ECC

ECC Bolholti 4 - Sími 511 1001
www.ecc.is

SMÁUGLÝSINGAR
FRÉTTABLAÐSINS

Yfir
150.000
gestir
daglega.

Stór-
markaður
í stofunni
heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



Frábært úrval af
pilsum
www.vefta.is
Vefta
Tískufót Hólagarði
Hólagarði • sími 5572010



Silfur og silki, trefjar og tjull

Margar konur fara að huga að sparifatnaði á þessum árstíma enda mikið um boð og veislur í aðdraganda jólaanna.

Það er því ekki úr vegi að vera vel undirbúinn og finna rétta dressið í tæka tíð. Svarti liturinn er alltaf klassískur og fínlegur, sérstaklega ef efnið er fallegt. Sítt pils og toppur úr fallegu silki er samsetning sem hentar í fínustu veislur. Þá er tilvalið að fá sér ermar í stíl enda vilja margar konur hafa eitthvað yfir axlirnar og handleggina. Silfurkápa með upphleyptu blómamunstri gæti passað yfir og vekur án efa athygli. Þá er hægt að kaupa flíkur úr alls konar sniðugu efni og má nefna kjóla og dragtir með málm-trefjum sem gera það að verkum að hægt er að móta efnið að vild. Svart pils og hvít blússa er svo klassísk samsetning sem svíkur engan.

vera@frettabladid.is

Silfurkápa með blómamunstri sem tekið er eftir. Fæst í Anas og kostar 35.900.

Grænn sparikjöll. Tjull er undir pilsinu og er hægt að móta faldinn að vild. Kostar 20.500. Hjá Hrafnhildi.

Ermur á 8.900, toppur á 10.900 og pils á 14.900. Allar flíkur eru úr 100% silki og fást í Anas í Firði.

Svart pils á 18.700 og hvít blússa á 10.600. Hjá Hrafnhildi.

Jakki á 16.900 og pils á 18.100. Í efni eru meðal annars málm-trefjar og er hægt að móta kragann og pilsfaldinn að vild. Fæst í versluninni Hjá Hrafnhildi.

Jakkasprenghja
Verð áður 12.990,-
Nú **9.990,-**
Aðeins
þessa helgi
FLASH
Laugaveg 54,
sími 552 5201

NÝJAR VÖRUR
Jakkar
Stuttkápur
Úlpur
Pelsar
Húfur
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16

ÚTSALA
Mikið úrval af líkamsræktarfatnaði frá BETTER BODIES fyrir dömur og herra á allt að 50% afslætti!!
Mizuno topphlaupaskór – verð frá 5.000,-
Mizuno hlaupafatnaður á 50% afslætti
SPORTLAND
www.sportland.is
Sími 581-1212 / mán-fös 11-18 / lau 11-14

fat face
Switchfoot 2 6990kr
Maree Tee 3890kr
High Crinkle Leather Boot 10.690kr
Ardal Granddad Shirt 5990kr
Carabina Denim 7890kr
Zedowa Pull On Boot 9290kr
Kavanagh Sweat 8990kr
Life is out there
Kringlunni sími 553-5020



Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Afturhvarf til karlmannsku eða tískutíktúrur?

Hálsbindi voru löngum úthrópuð af femínistum sem karlrembutákn, holdgervingar karlmannskunnar, valdsins og jafnvel phallusarins. Konur hafa reyndar reglulega tekið upp á því að nota bindi og Yves Saint Laurent hikaði ekki við að klæða konur hálsbindum þegar hann hafði tekið smókinginn frá körlum og aðlagð konum, kannski til að afvopna karlana. Bindin hafa hins vegar verið úti í kuldanum um nokkurra ára skeið og álitin hreinlega hallærisleg, notuð þegar ekki var hægt að komast hjá því.

En nú eru breytingar í lofti og jafnvel hægt að tala um tískubylgju, hvort sem litið er á Lanvin eða Hermès, Miu Miu eða Paul Smith. Ekki eitt einasta tískuhús lætur bindið eiga sig lengur.

Eins og fyrir svo margt í herratískunni síðustu ár er Hedi Slimane, fyrrverandi hönnuður herralínu Dior, að einhverju leyti ábyrgur en hann var þar listrænn stjórnandi frá 2000-2007. Til hans má rekja reglutískuna með niðbröngu gallabuxunum sem eiga helst að síga niður á rassinum, aðsniðnar skyrtur eða boli og svo bítlabindi. Þessi bindi hafa verið örmjó eins og gömlu góðu lakkrísbindin, mjög í anda breskra popp- eða pönksveita. Aðrir minni spámenn hafa svo tekið mjóa bindið inn í sínar tískulínur og nú er hægt að kaupa „ekta“ Slimane-bindi hjá H&M á tíu evrum.

„Slimane-lookið“ er hins vegar að syngja sitt síðasta og buxur í vetrartískunni eru víðari en áður hjá sumum hönnuðum. Vortískan verður enn víðari hvað varðar buxnasnið. Bindin fylgja og eiga nú að vera breiðari, mynstruð eða röndótt og hnúturinn á að vera í stíl pabba eða afa. Stíllinn er hér kallaður „póst-Gainsbourgískur dandýstíll“ (dandý er einhvers konar bóhemískur, velklæddur heimsmaður).

Í stað sportlegs eða jafnvel druslulegs stíls síðustu ára þar sem öllu hefur verið blandað saman sést nú ákveðið afturhvarf til fágunar. Til þess er bindið auðveldur aukahlutur sem bætir við mynstri eða lit og er punkturinn yfir i-ið hjá velklæddum manni. Athyglisvert er þó að það eru frekar ungir menn á aldrinum 20-30 ára sem eru að taka upp bindið meðan til dæmis stjórnálamenn taka af sér bindið og opna skyrtuna þegar þeir vilja vera frjálsglegir og sýna að þeir séu ekki forpokaðir. Kannski þess vegna er hægt að segja að þessi nýja bindamenning sé ekki ákall karla til valdsins heldur einungis hégómleg tískubylgja í þjónustu fagurkera þar sem nánast enginn munur sést lengur á hegðan kvenna og karla þegar innkaup og tískutíktúrur eru annars vegar.

Svo er að sjá hvernig gengur að læra að hnýta og hvort götutískan tekur upp bindið eins og fínustu tískuhönnuðir vilja.

bergb75@free.fr



Flottir Toppar

stærðir 36-56



Bæjarlind 6 • s. 554-7030
Eddufell 2 • s.557-1730

Takk!

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



La SENZA

Kringlunni

Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upplutinn, settið frá 90.530, kr.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

fat face KRAKKAR

Scalloped Edge Belt
1990kr

Askini Knit Dress
3490kr

Tunnel Jean
3490kr

Camo Ripstop Rucksack
2490kr

Leh Fur Lined Sweat
4990kr

Caim Jeans
2990kr

Camo Ripstop Messenger Bag
2790kr

Camo Ripstop Pencil Case
890kr

Life is out there.

Kringlunni sími 553-5020

Michele buxur

stærðir 36-50

tískuverslun



Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum... mun öflugri en áður!

SLENDERTONE
System belti fyrir kvíðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

eða 6.660 á mán. í 3 mán.

Flexitol Heel Balm

NÝTT
Fáðu fæturina mjúka og fína á 2 vikum með Flexitol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB. Spar, Þín verslun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.

Nýtt á Íslandi! NO STRESS

portpea

Pægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.

NOSE & BLOWS

Ofnæmisprófuð lína sem er sérstaklega hönnuð fyrir kvefaða litla nebb. Mild formúla sem sviður ekki undan.

Nebbaþurrkur og nebbakrem
Blautklútar sem hjálpa til við að hreinsa nefgöngin. Inniheldur rakagefandi B5 vítamín og náttúrulegt mentol til þess að auðvelda öndun. Inniheldur hvorki litarefni né alkohól.

Kremið inniheldur ilmjárnablöndu af piparmyntu og eucalyptus auk nornaheslis sem er mjög græðandi.

Fæst í apótekum um land allt

KIDS

Kids línan miðar að því að gera þvott skemmtilegan fyrir börn, líflegu útliti og góðum ávaxtailm. Vörurnar eru sérstaklega þróaðar fyrir viðkvæma húð og hár barna.

Kids 2 in 1 Shampoo, Kids Bath & Shower, Kids Conditioner, Kids Shampoo

Dr. Fischer Fæst í apótekum og verslunum um land allt.

Bleika slaufan
OKTÓBER ER TILEINKAÐUR ÁRVEKNI UM BRJÓSTAKRABBAMEIN

Pegar lækning er ekki möguleg

Brjóstakrabbameini, eins og flest öllum krabbameinum, er skipt í fjögur stig. Á stigi eitt til þrjú er krabbameinið staðbundið annaðhvort við brjóstið eingöngu eða hefur einnig borist í eitla í handarkrika. Krabbamein getur dreift sér með þrennum hætti. Það getur vaxið inn í aðliggjandi líffæri, eins og til dæmis í vöðva eða ferðast með blóð- og sogæðum og tekið sér bólfestu í öðrum líffærum. Þar getur það vaxið og myndað æxli t.d. í beinum, lifur, lungum eða heila. Oft eru tekin sýni t.d. úr æxli í lifur eða lungum til að staðfesta að hér sé um útsæði eða meinvarp frá brjóstakrabbameininu að ræða. Er þá talað um að æxlið í lifrinni sé meinvarp frá brjóstakrabbameini, en ekki lifrarkrabbamein sem er allt annar sjúkdómur og meðhöndlaður á annan hátt. Þegar svo er komið er í flestum tilvikum ekki hægt að lækna sjúkdóminn endanlega en einstaklingur getur samt lifað með þennan sjúkdóm jafnvel árum saman, allt eftir því hversu útbreiddur hann er. Einstaka sinnum finnst einn einstakur krabbameinshnútur utan brjósts og holhandar og er þess þá stundum freistað að fjarlægja hann með skurðaðgerð.

Aðalmeðferð við útbreiddu brjóstakrabbameini er lyfjameðferð. Þar sem krabbameinsfrumur þurfa að ferðast með æðum til að taka sér bólfestu annars staðar eru gefin lyf sem fara um allan líkamann í þeim tilgangi að drepa krabbameinsfrumurnar og þannig halda sjúkdómnum í skefjum þrátt fyrir að ekki hægt sé að lækna hann. Brjóstakrabbamein er eitt þeirra krabbameina sem svara vel lyfjameðferð. Það þýðir að mörg krabbameinslyf virka á þennan sjúkdóm, bæði lyf sem gefin eru í æð og einnig töflur. Þegar einstaklingur er kominn með útbreit brjóstakrabbamein sem ekki er hægt að lækna er reynt að velja lyf með sem minnstum aukaverkunum. Þar verða oft fyrir valinu svonefnd andhormónalyf, ef krabbameinið er næmt fyrir hormónum. Það eru töflur sem teknar eru daglega og hafa oft minni aukaverkanir en önnur krabbameinslyf sem gefin eru í æð. Öll hafa þessi lyf þó einhverjar aukaverkanir en mjög einstaklingsbundið er hvernig einstaklingur þola lyfin.

Þegar svona er komið leitar fólk oft eftir öðrum meðferðarúrræðum. Mikil framboð er á ýmsum jurtalyfjum og fæðubótarefnum.

Þau eru þó mjög misjöfn af gæðum og geta verið hættuleg fólki sem tekur mörg önnur lyf samhliða. Oft getur lækinn fundið upplýsingar um milliverkanir algengra jurta og krabbameinslyfja og er því nauðsynlegt að láta lækinn vita hvað er tekið inn. Einstaklingar með útbreit krabbamein velja einnig oft að kollvarpa mataræði sínu og er það vel ef mataræði hefur verið slæmt og næringarsnautt áður, en mikilvægt að gæta meðalhófs.

Aðrir þættir sem þessir einstaklingar þurfa að huga að er regluleg hreyfing og andlegur stuðningur því mikilvægt er að einstaklingur geti lifað sem eðlilegustu lífi þrátt fyrir að vera með ólæknandi sjúkdóm. Einstaklingar eru mismunandi og það er ekki alltaf það sama sem hentar öllum, á meðan einn finnur sig í hópi annarra sjúklinga með svipuð vandamál þá finnst öðrum það ekki henta sér. Hér á Reykjavíkursvæðinu eru ýmis úrræði og staðir sem hægt er að benda á til stuðnings. Þá eru öflug krabbameinsfélög víða um land sem einnig er hægt að leita til.

Agnis Smáradóttir
Lyf- og krabbameinslæknir

Borðaðu þig granna(n)

Íslensku Vigtarráðgjafarnir

Nánari upplýsingar
Sími 865-8407

www.vigtarradgjafarnir.is



Heilsa og lífsstíll Íslendinga verður kannaður gaumgæfilega á næstunni á vegum Lýðheilsustöðvar.

Kanna líðan landans

Lýðheilsustöð stendur um þessar mundir fyrir viðamikilli könnun á heilsu, líðan og velferð Íslendinga.

Viðamikil könnun á heilsu, líðan og velferð Íslendinga fór í gang á vegum Lýðheilsustöðvar í vikunni. Þátttakendur eru um 10.000 þúsund talsins á aldrinum 18-79 ára og eru valdir af handahófi.

Markmið könnunarinnar er að fá nákvæma mynd af heilsu og líðan Íslendinga eftir þúsetu og bakgrunni þeirra. Rannsókninni er ætlað að auka skilning á orsakabáttum lífsstílsstengdra sjúkdóma á Íslandi en fram kemur í fréttatilkynningu frá Lýðheilsustöð að reglubundnar rannsóknir á heilsu og heilsutengdum lífsháttum séu undirstaða lýðheilsustarfs. Stuðst er við viðurkennda staðlaða mælikvarða á heilsu og heilsusamlega lífshætti auk sérsniðinna mælinga. Áhersla er lögð á að mæla atriði sem töluleg gögn íslenska heilbrigðiskerfisins og Hagstofu Íslands ná ekki yfir. Niðurstöðurnar munu verða grunnur að aukinni þekkingu á útbreiðslu sjúkdóma og sjúkdómseinkenna og þannig nýtast í stefnumótun, alþjóðlegum samanburði og fræðastarfi.

Könnunin er unnin í samstarfi við Landlæknisembættið, Vinnu- eftirlitið, Krabbameinsfélag Íslands og sérfræðinga frá Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Akureyri.

Magadanshúsið
(Skeifan 3b)

Ný námskeið byrja 5. nóvember

-Magadans
-Tribal Magadans
-PoleFitness
-Flamenco

S. 581 1800
www.magadans.is

dansar fyrir jólahlaðborð og nýárskemmtanir



Fjörusteinar heim í stofu

Náttúrusteinar á gólf og veggja hafa notið vinsælda um nokkurt skeið. Þeirra á meðal fjörusteinar sem verða sífellt eftirsóttara skraut á heimilið.

„Þetta eru alvöru fjörusteinar, vel slípaðir eftir að hafa velkst um í sjónum, sem setja skemmtilega sjávarstemningu á heimilið,“ segir Sigurður Vilhelmsson, framkvæmdastjóri Vídd flísaverslunar, sem flytur inn steinamottur frá Spáni og Ítalíu.

Steinarnir eru fáanlegir í nokkrum litaafrögðum, meðal annars hvítum, svörtum og grábeisudum, og eru mjúkir viðkomu gagnstætt því sem ætla mætti, enda búnir að slípast vel í sjónum.

Að sögn Sigurðar henta steinarnar nánast hvar sem er á heimilinu, þótt flestir kaupir þá fyrir sturtubotninn. „Þá má nota sem skraut hvar sem er. Ég veit um mann sem notaði steinana í eldhúsið hjá sér. Nú eða mann sem setti hvítan stein í heitan pott hjá sér. Tónninn varð blár út af vatninu og kom vel út.“

Sigurður segir lítið mál að leggja steinana. „Ég treysti handlögnum einstaklingum til verksins og vísa nú bara til Steingríms Hermannssonar sem var ekki bara stjórnmalamaður heldur líka góður smiður.



Steinana má nota hvar sem er á heimilinu að sögn Sigurðar og þekkir hann dæmi þess að þeir hafi verið notaðir til að þekja renninga til að brjóta upp umhverfið.



Sigurður segir það skapa vissa stemningu að leggja fjörusteina innanhúss. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Steinarnir eru á mottum sem límast á flötinn með svipuðum hætti og flísar og auðvelt að sníða þær til með því að saga af þeim. Að sama skapi er auðvelt að taka steinana burt, fái maður til dæmis leiða á þeim. Þá er bara gripið til gamla góða múrhamarsins.“

Sigurður bætir við að auk þess að vera flott skraut séu steinarnir mjúkir viðkomu eins og áður sagði og hæðarmunur þeirra svo lítill að ekki ætti að vera hætt á að hrasa um þá. „Svo getur verið gott að bera steinvaraeftni á steinana eftir að búið er að leggja þá, fúga og hreinsa. Þá skerpist liturinn og steinninn er betur vatnsvarinn. Það dregur úr söfnun óhreininda, sem veldur því aftur að steinninn verður bæði ljótari og sleipari með tímanum.“

Nánari upplýsingar um fjörusteina má fá í versluninni Vídd í Bæjarlind 4, Kópavogi.

roald@frettabladid.is

Baðvörur

Baðhengi
Öryggismottur
í böð og sturtur
Baðmottusett
Spennistangir
fyrir böð og sturtur
Baðvogir
Baðherbergisvörur

Vandaðar vörur
-mikið úrval
-gott verð



Laugavegi 29 • Sími 552 4320
www.brynja.is • brynja@brynja.is

Maretti Hringstigar



Hágæða Ítölsk vara

Gler eða harðviðar tröppur, burstað ryðfrítt stál eða pólerað.

B. Haraldsson

s. 897-8947 • bjorneh@simnet.is

Sandblástursfilmur

Fyrir vinnustaði eða heimili • Stílhreint og snyrtilegt
Lokar gluggum án þess að tapa náttúrulegri birtu
Ýmis mynstur í boði



Hvaleyrarbraut 35 220 Hafnarfjörður Sími: 534 7900

www.maogme.is • maogme@maogme.is

Fix töframassinn

Hreinsar, fægir og verndar samtímis.



Án skaðlegra efna • Fitu- og kýsilleysandi
Húðvænt • Náttúrulegt • Mjög drjúgt

Ótrúlegur árangur

Svampur fylgir með

Hentar vel til þrifa á blöndunartækjum, vöskum, ryðfríu stáli, áli, kopar, messing, gleri, plasti, lökkuðum flötum, kristal, keramíki, postulíni ofl. ofl.

Húsasmíðjan - Byko - Fjarðarkaup - Tengi - Melabúðin - Verkfæralagerinn - Eyjatölvur - Miðstöðin Vestmannaeyjum - Pottar og prik Akureyri - Rafsjá Saudárkróki - Áfangar Keflavík - Skipavík Stykkishólmi - Nesbakkí Neskaupsstað - Vélaleiga Húsavíkur - Verslanir Rönnung - Litabúðin Ólafsvík - Tengi - Byggt og búið. Heildsölu dreifing: Ræstivörur ehf.

Salerni með hæglokandi setu kr. 9.900.-



BADHEIMAR

Skútuvogi 4 - s. 525 0800
Baðeild Álfaborgar

ALLT TIL INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is
Réttarhálsi 2 110 Rvk
Sími: 535-8500

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL

- Toppflaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • WWW.RAFVORUR.IS

HÁRSNYRTISTOFA Í MIÐBÆNUM

Óskar eftir sveini og nema til starfa sem fyrst.

Fullt starf eða hlutastarf

Upplýsingar gefur Ágústa í síma: 698 8786

KENNARA VANTAR STRAX

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Vegna forfalla vantar kennara í sálfræði strax.

Upplýsingar veitir aðstoðarskólameistari í síma 570-5600.



Fjölbrautaskólinn
í Breiðholti

Austurberg 5 | 111 Reykjavík | Sími 570 5600 | Tölvupóstur: fb@fb.is.



Byggingafélag

Rafvirkjar

Óskum eftir rafvirkjum í mælingu - næg verkefni framundan

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð. Sterkt og gott fyrirtæki

Upplýsingar gefur Guðfinnur í síma 693-7020 en einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

TILKYNNINGAR



Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

Hagasmári 1. Norðurturn. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýst hér með tillaga að deiliskipulagi Hagasmára 1. Vísað er í breytt deiliskipulag fyrir Hagasmára 1, verslunar- og þjónustusvæði í Kópavogsdal samþykkt í bæjarstjórn 10. apríl 2007 og breytingu deiliskipulags samþykkt í bæjarstjórn 14. febrúar 2006. Í tillögu að breyttu deiliskipulagi felst að byggingarreitur turnbyggingar færir nær verslunarmiðstöð Smáralindar um 4 metra og dregið verður úr byggingarreit tveggja hæða byggingar sem því nemur. Byggingarreitur fyrir tveggja og þriggja hæða byggingarluta bætist við til vesturs og samanlagður fjöldi bílastæða verður 797 stæði. Hæðir verða 14 í stað 15. Heildarhæð húss breytist ekki þar sem hver einstök hæð hækkar um 30 sm. Gólfplatarmál er aukið úr 16.000 m² í 18.000m². Einnig er farið fram á skiptingu lóðar, þannig að lóð fyrir norðurturn með aðliggjandi bílageymslum verði ein lóð, 11.879 m² að stærð með heitinu Hagasmári 1A. Lóðarstærð Hagasmára 1 verður eftir skiptingu 77.955 m².

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 1. nóvember 2007 til 3. desember 2007. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 18. desember 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Skipulagsstjóri Kópavogs

FASTEIGNIR

Pórarinn Jónsson Hdl.
Löggiltur fasteignasali

RE/MAX
Lind

PARFTU AÐ SELJA ?
NÝ ÞJÓNUSTA FYRIR SELJENDUR
WWW.EIGNALEIT.IS



Hringdu í síma

512
50
60

ef blaðið berst ekki

RE/MAX

EIGNASTÝRING S: 534 4040

Síðumúli 27, 108 R • www.remax.is
eignastýring@remax.is



HÁALEITISBRAUT, REYKJAVÍK



Mjög góð 136 fm fimm herbergja endaíbúð á 3ju hæð auk bílskúrs í góðu fjöleignahúsi. Endurnýjað eldhús með vönduðum tækjum og borðkrók. Þvottaherbergi í íbúð. Glæsilegt nýtt flísalagt baðherbergi með innréttingu, baðkari, upphengdu salerni og glugga. Fallegt útsýni. Eigninni fylgir nýbyggður bílskúr. Mjög góð og vinsæl staðsetning.

Laus 01.03.2008. Verð 32.900.000,-

Erlendur Davíðsson, löggiltur fasteignasali.

STÓRHÚS
FASTEIGNASALA
ÞÓRODDSTÖÐUM

Sigurberg Guðjónsson hdl.
og Hrafnhildur Brídde,
lögg.fasteignasali
Þóroddstaðir,
Skógarhlíð 22,
105 Reykjavík.



Hrafnhildur Brídde
löggiltur fast.sali
GSM 821 4400

Sími: 534 2000

LAUS! - ÞÓRSGATA 7, 101 RVK. 2. HÆÐ



Sjamerandi 3ja herb. 57,7 fm íbúð á 2. hæð á þessum eftirsóttu stað í miðbæ Reykjavíkur. Ný eldhúsinnrétting og gólfefni. Parket á stofu og herbergjum. Stutt í verslun og þjónustu. Nýl. rafmagn og gler. Íbúðin er laus og til afhendingar við kaupsamning.

Verð 19,9 millj.

LAUS! - ÁSAKÓR 3, KÓP. 5 HERB. Á 2. HÆÐ. LYFTA



Mjög rúmgóð 166,6 fm íbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýlishúsi. Glæsilegar innréttingar og mikið útsýni. Fjögur svefnherb., mjög stór stofa með útgangi út á suðursvalir og eldhús. Sérþvottahús í íbúð. Hentar vel fyrir stóra fjölskyldu. Ath! skipti

möguleg á minni eign! Íbúðin er laus! Verð 36,5 millj.



FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að ljúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins



Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

512 50 50

Auglýsingasími

- Mest lesið

Akurholt 20
270 Mosfellsbær
Einbýlishús á besta stað

Stærð: 207,9 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1975
Brunabótamat: 30.370.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Torg

Opið Hús

Ingi Már
Sölufulltrúi
821 4644
ingim@remax.is

Bergsteinn Gunnarsson
Lögg. fasteignasali

Verð: 59.800.000

Einbýlishús með góðu útsýni á mjög góðum stað innst í lokaðri götu. Stór 1514fm garður í góðri rækt, sem hefur þrjár sinnar fengið verðlaun sem falletasti garðurinn í Mosfellsbæ. Stór vernd er bakatil og önnur minni að framanverðu, stórt bílplan með hita er fyrir framan húsið. Húsið er 154,6fm og bílskurinn er 53,3fm. Eldhús er til vinstri úr holi og er það með nýlegri innréttingu með granítborðplötu og Siemens tækjum, korkflísar á gófl. Inn af eldhúsi er stórt búr og þvottahús.

RE/MAX Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabær - Sími: 5209595 - www.remax.is

Hraunbær 37 og 41
810 Hveragerði
FRÁBÆRT VERÐ

Stærð: 143,3 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2006
Brunabótamat: 0
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Sigurdór Bragason
Sölufulltrúi
663 3300
sb@remax.is

Hilmár Jónasson
Sölufulltrúi
695 9500
hj@remax.is

Pórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

Verð: 21.900.000

Mjög falleg 143,3fm endaraðhús með innbyggðum 25fm bílskúr á einni hæð. Eignin skilast fullbúin að innan fyrir utan gólfefni. Lóð grófjofnuð. Nánari lýsing: Húsin skiptast í anddyri, hol, 2 rúmgöð svefnherbergi, baðherbergi, stofu, eldhús, þvottahús, geymslu og bílskúr. Húsin skilast fullklárað að innan fyrir utan gólfefni. Ekki er búið að velja innréttingar né tæki þannig að möguleiki er fyrir kaupendur að taka þátt í því. Innveggir eru úr gipsi og verða allir grunnaðir og spartlaðir.

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

RE/MAX ESJA – Sími 414 4600

Þorbjörn Pálsson, Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali



RE/MAX Esja á afmæli í dag

Vilt þú vinna með góðum hóp?



Þorbjörn Pálsson
Löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali

Stefán Antonsson

Viðar Marinósson

Ágúst Daði
Guðmundsson
Frankvæmdastjóri

Helga Pálsdóttir
Sölufulltrúi

Björn K. Arnarsson
Sölufulltrúi

Sigfús Aðalsteinsson
Sölufulltrúi

Ólöf Jónsdóttir
Skjalagerð



Samúel Ingi Þórisson
Sölufulltrúi

Ingfólfur Ingvarsson
Sölufulltrúi

Kristgeir Kristinsson
Sölufulltrúi

Valur Þór Einarsson
Sölufulltrúi

Gísli Harðarson
Sölufulltrúi

Örn Gunnarsson
Sölufulltrúi

Bryndís
Guðmundsdóttir
Skjalagerð

Július Ragnar
Júliusson
Sölufulltrúi

Tryggvi Eyfjörð
Þorsteinsson
Sölufulltrúi

Vegna mikilla anna leitum við að 2 öflugum sölufulltrúum í krefjandi og skemmtilegt starf við sölu fasteigna. Reynsla af sölustörfum er kostur, aldurstakmark 25 ár.

Umsóknir sendist á agust@remax.is

www.remax.is • Allar REMAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

EIGNAMIDLUN

Síðurnúla 21 • eignamidlun@eignamidlun.is • Fax 588 9095
www.eignamidlun.is • Ópið Mánud. – Föstud. 9-17

• Sími 588 90 90 •



Sverrir Kristinsson lögg. fast.sali

LÓÐIR Í GARÐABÆ – Urriðaholt



Urriðaholt er nýtt hverfi í Garðabæ með fjölbreyttri húsagerð. **Dæmi um verð á lóðum:** parhúsalóð 12 millj, einbýlishúsalóð 18,9 millj. Hverfið snýr á mótinu suðri við Urriðavatn. Mikið verður lagt upp úr fjölskylduvænu umhverfi. Lögð verður áhersla á góða þjónustu, glæsileg skólabygging verður miðsvæðis í hverfinu og frábær tenging við útivistarsvæði.

Hafið samband við sölumenn Eignamiðlunar sem veita nánari upplýsingar í síma 588 9090

BJALLAVAÐ – Norðlingaholti



Glæsileg 95,8 fm 3ja herb fullbúin endaíbúð með stæði í bílageymslu. Íbúðin er til afhendingar strax. Íbúðin er með sérinngangi af svölum. Þvottahús inni íbúð. Efsta hæðin er inndregin með stórum svölum og glæsilegu útsýni. **Eigum eftir nokkrar 3ja herb íbúðir.**

**Sölumenn á Eignamiðlun sýna.
Bókið tíma sími 588 9090**

ATVINNA – SÖLUFULLTRÚÍ

Viltu vinna sjálfstætt á skemmtilegum vinnustað?

Leitum að metnaðarfullum sölufulltrúum til starfa hjá **RE/MAX Bæ.**

Erum staðsett á einum besta stað í höfuðborginni, Malarhöfða 2



RE/MAX

Upplýsingar veitir Sýlvía í sínum 512 3400 og 820 8081 eða sylvia@remax.is

Bær Malarhöfða 2, 110 Reykjavík

www.remax.is • Allar REMAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

Er um við að brjóta lög á leikskólum?

UMRÆÐAN Leikskólamáll

Þjóðfélagsuræðan hefur undanfarið snúist um mannekle á leikskólum. Sem lausn á þeim vanda hefur kastljósinu verið beint að þörfinni á að hækka laun leikskólakennara og umbuna þeim í ýmsu. Sjálfsagt er engin vanþörf á því þó fyrir hefði verið. Hitt er annað mál að ekki er nóg að hækka laun ef vinnuumhverfi skapar óþarfa þreytu, er jafnvel heilsuspillandi og/eða hindrar eðlilega starfsemi en það gerir hávaði á leikskólum, sem ekki hefur verið gefinn nægilegur gaurur.

Margar rannsóknir sýna að raddheilsa leikskólakennara er almennt



VALDÍS
INGIBJÖRG
JÓNSDÓTTIR

bág. Nýleg rannsókn úr fimm leikskólum á Akureyri sýndi ótrúlega lágan starfsaldur, fimmtungur leikskólakennaranna hafði farið í veikindaleyfi vegna raddmissis, tíundi hluti hafði misst röddina oft, og fjórðungur leitað lækni vegna hæsis. Ástæður fyrir þágru raddheilsu kennara eru m.a. raktar til þess að þurfa að beita röddinni í hávaða. Það getur ekki verið eðlilegt að fimmtungur leikskólakennaranna kvarti undan hávaða í leikskólum eins og fram

kom í þessari rannsókn. Mælingar Vinnueftirlits ríkisins á hávaða í leikskólum sýna tölur sem ættu að varða við lög. Ættu en gera það ekki vegna þess að löggjafinn miðar við svokallaðan bakgrunnshávaða eða jafngildishávaða sem stafar af tækjum og tölum í umhverfinu. Hávaði á leikskólum er hins vegar erilshávaði sem einstaklingarnir sjálfir valda. Slíkur hávaði er mishár eins og gefur að skilja. Hins vegar ef meðaltalstölur yfir mældan erilshávaða sýna tölur sem varða við lög um bakgrunnshávaða má ímynda sér hávaðatoppa sem gefa slíkt meðaltal. Reyndar hafa hávaðamælingar á leikskólum sýnt að hávaðatoppar (augnablikshávaði sem myndast) fara yfir lögleg viðmið, sem er hreint lögbrot. Vandamálið er að

engin löggjöf virðist vera til varðandi hávaða sem fylgir starfsemi í menntastofnunum. Byggingareglugerð kveður á um að „á skrifstofum og öðrum stöðum þar sem gerðar eru miklar kröfur til einbeitingar og samræður eiga að geta átt sér stað óhindrað skal leitast við að hávaði fari ekki yfir 50 dB(A)“. Ekki minnst á menntastofnanir. Meðaltalshávaði í leikskólum hefur sýnt sig að vera að jafnaði yfir 8 stunda vinnudag um og yfir 80 dB. Væri þessi tala jafngildistala yfir bakgrunnshávaða þyrfti að grípa til ráðstafana til að vernda heyrn!

Það er ljóst að löggjafinn verður að endurskoða þessi mál frá grunni. Ef munnleg fræðsla og upplæing á að geta átt sér stað í leikskólum má hávaðinn ekki fara upp úr öllu valdi.

Rödd er einungis hljóð sem lýtur lögmáli þess að kafna í hávaða og deyjá út með fjarlægð. Erilshávaði hlýtur alltaf að fylgja einstaklingi og því gefur auga leið að hávaði eykst með hverjum einstaklingi sem bætist í hópinn. Það þarf að endurskoða hönnun skólabygginga, skólustefnu t.d. hvað varðar fjölda einstaklinga í rými, val á húsmunum, leikmunum, leiktækjum, kennslu/upplæingisáferðum. Skólustefna skiptir sjálfsagt mestu máli og hvort sem fólk er með eða á móti Hjallastefnunni sem slíkri þar sem unnið er eftir öðrum leiðum en í almennum leikskólum er það staðreynd að hávaði mælist mun lægri þar og einstaklingar kvarta mun minna undan hávaða.

Höfundur er doktor í raddmeinum.

Enga nagla, takk

UMRÆÐAN Nagladekk



JÓN BALDUR
ÞORBJÖRNSSON

Um nokkurra ára skeið hef ég vakið máls á ókostum nagladekkja í ræðu og riti. Ég hef slegið á kostnað af völdum notkunar nagladekkja, sem er ekki einungis fólgin í dýrari hjólbörðum og malbiksviðgerðum sveitarfélaga og ríkis, heldur einnig í

- svifryksmengun
- óhreinindum á ökutækjum
- tjörupvotti með tilheyrandi leysiefnamagni í frárennslisvatni
- óhreinum og illa virkandi þurrku-blöðum
- framrúðubrotum af grjóti sem naglar losa úr slitlaginu
- umferðar-öoryggi af völdum óhreininda á rúðum og rásum í slitlagi.

Þessi kostnaður nemur sennilega meir en milljarði króna árlega. Ef til vill væri hann réttlætunlegur ef raunverulegur ávinningur væri af notkun nagladekkja. En svo er ekki. Ástæðan er í raun einföld þó hún sé ekki öllum ljós: Naglarnir rífa upp tjöruna úr slitlaginu sem sest á sóla hjólbardans, eyðileggur náttúrulega viðloðunareiginleika hans og lokar finustu griptraufunum. Þar með verður hjólbardinn mun hálli í snjó og ís heldur en ef hreint gúmmíð myndaði snertiflöt við undirlagið.

Það hlýtur að vera hugsunarsvilla að salta götur og leyfa einnig nagla, enda notkun nagla frekar ávani en meðvituð aðgerð. Það er ekki réttlætunlegt að fræsa göturnar allan veturinn með negldum hjólbörðum vegna þessa eina prósentis vetraraksturs á höfuðborgarsvæðinu þar sem naglar nýtast raunverulega. Með því er verið að valda okkur hinum, sem ekki vilja aka á nöglum, vandræðum með að tjörubera sólana á hjólbörðum okkar bíla þannig að grip þeirra verður miklu minna en ella.

Þessi ofangreindu atriði ættu að sannfæra fólk um þörfina á að takmarka notkun nagladekkja eins og hægt er. Leyfa náttúrulegri viðloðun gúmmís að njóta sín. Fínskerá grófmynstraða barða í stað þess að negla þá. Fara að dæmi þýskra yfirvalda og skylda eigendur bíla til að búa þá vetrarhjól-börðum að vetri til.

Í raun á aðeins að leyfa forgangs- eða neyðarakstursbílum á landsbyggðinni að aka á negldum hjólbörðum.

Höfundur er bíltækni-fræðingur og rekur ferðaskrifstofu.

Regína Ösk

Regína Ösk
ef væri ég...

1. Samastað
2. Alveg ein
3. Síðan að þú komst
4. Veröldin
5. Flugdreki
6. Sólin fer upp
7. Ástin er eilíf
8. Bítlalag
9. Ef væri ég
10. Bjöllur
11. Líttu aldrei við
12. Lokalag
13. Engill

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

sena
okkar heimur // þín skemmtun



BIOThERM KYNNING Í LYF & HEILSU KRINGLUNNI FIMMTUDAG, FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

Multi Recharge Ginseng • E vítam. • SPF 15

Nýtt krem sem blæs nýju lífi í húðina. Kremið, sem er orku- og rakagefandi, gefur húðinni frísklegan litahátt og lætur hana geisla af heilbrigði.

Ertu með þurra húð? Glansar húðin? Hefur þú áhyggjur af litahættinum eða er húðin farin að slakna? Snyrtifræðingur frá Biotherm ráðleggur viðskiptavinum út frá óskum og þörfum hvers og eins.

*Kynnum einnig frábæra líkamslínu sem endurmótar línurnar og mýkir húðina.
Líttu við á Biotherm kynningu og fáðu sýnishorn af Body Resculpt Svelt.*



BIOThERM

 Lyf & heilsa
Við hlustum!




Smátromma

Sláðu taktinn og láttu heyrast í þér! Þessi litla tromma er fín í það og auðvitað fylgja tveir kjuðar með. 400 krónur.



Tambúrínusláttur

Það er ekki bara í suðrænni sveiflu og dynjandi dönsum sem tambúrínin kemur sér vel – hún á alls staðar heima. Þessa færðu í Tiger fyrir 400 krónur.



Átta nótur á gjafverði

Þessi litli xylófón er úr tré og málm og honum fylgja tveir litlir kjuðar. Svo kostar hann bara 400 krónur.



Heyr hörpunnar hljóm ...

... nei annars, það var víst öðruvísi harpa. En í Tiger eigum við flottar munnhörpur úr málm sem ekki hljóma síður vel, hvort sem þú ætlar að spila brakandi blús eða syngjandi sveiflu. 200 krónur.



Litli trumbuslagarinn

Hann byrjaði á að fá sér kjuða. Og þú færð þessa tvo fyrir 200 krónur.



Sláðu taktinn

Þá færst fjör í leikinn, ekki síst ef þú hefur skroppið í Tiger og keypt þér handtambúrínu fyrir 200 krónur.

TIGER

Villidýr í verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póströfu: tiger.kringlan@simnet.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Litill negrastrákur og dúkkupróf

SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR ER SAMMÁLA GAUTA B. EGGERTSSYNI



Bloggheimar sprungu nánast í loft upp einu sinni sem oftast þegar fregnir bárust af endurútgáfu bókarinnar Tíu litlir negrastrákar. Margir þeirra sem eru fylgjandi útgáfunni virðast halda að öll hysterían snúist um notkun orðsins negrastrákar og nota þau rök að bókin hefði allt eins getað verið um Kínverja, stelpur, tigrisdýr eða eskimóa.

Gauti B. Eggertsson skrifaði um málið eina þá bestu grein sem ég hef lesið í langan tíma undir heitinu „Einn litill negrastrákur“. Greinin birtist í Fréttablaðinu í gær og er

skyldulesning. Þar lýsir Gauti því hvers vegna hann muni ekki lesa þessa hundrað ára gömlu bók fyrir nýfæddan son sinn og klykkir út með þeim orðum að hann muni í staðinn heimsækja Jim Crow Museum of Racist Memorabilia að 16 árum liðnum ásamt syninum, opinbert safn í Bandaríkjunum sem helgað er mann- og kynþáttahatri, þar sem bókin „Ten Little Niggers“ leynist á meðal safngripa. Ég ætla að herma eftir Gauta ef að því kemur að ég eignast barn.

Þetta er reyndar í annað skiptið á skömmum tíma sem ég er vakinn til umhugsunar um hversu nauðsynlegt það er að vera á varðbergi gagnvart kynþáttaförðum og afleiðingum þeirra. Ég sá heimild-

armyndina „A girl like me“ um daginn. Myndin er eftir 17 ára stelpu, Kiri Davis, sem ákvað að endurframkvæma svokallað dúkkupróf sem sálfræðingurinn Kenneth Clark framkvæmdi fyrstur fyrir rúmum 50 árum síðan. Kiri fór með tvær nákvæmlega eins dúkkur á leikskóla í Harlem-hverfi í New York – nákvæmlega eins að öðru leyti en því að önnur dúkkan var hvít en hin svört. Hún spurði 21 svart barn hvor dúkkan væri fallegri og hvora dúkkuna þau myndu frekar vilja leika sér með. Fimmtán þeirra völdu hvítu dúkkuna. Af hverju? „Af því hún er hvít,“ sögðu börnin öll sem eitt. Niðurstöðurnar eru eins í dag og fyrir fimmtíu árum. Afar sorglegt en satt.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

UNITED DVD SPILARI *Slim Line Design*



Fæst í öllum
verslunum Bónus

3998 kr.

Spilar öll
venjuleg kerfi !



799

Kjötbanka ungnautahakk **40% afsláttur**
799 kr/kg. merkt verð 1330 kr/kg.



198

EUROSHOPPER jarðarber frosin **1 kg** 198 kr.



40%

Helgarsteikur Íslandslamb **40% afsláttur**.
Úrb. lambalaeri og lambabógur



198

EUROSHOPPER broccoli og broccolimix **1 kg** 198 kr.



129

Myllu vinarkökurnar allar teg 129 kr.stk.



40%

KF saltað folaldajöt með beini **40% afsláttur**
382 kr/kg. Merkt verð 637 kr/kg.



198

Bónus piparkökur 500g
jólaveinapoki 198 kr.



357

341

KF frosið ósoðið slátur **40% afsláttur** LIFRAPYLSA 357 KR/KG.
BLÖDMÖR 341 kr/kg. Merkt verð 595 kr/kg.



79

MH smjörliki 500 gr 79 kr.

BONUS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUÐ-FIMMTUÐ. 12.00 TIL 18.30.

HINN ÍSLENZKI ÞURSAFLOKKUR OG KAMMERSVEITIN CAPUT



Viðhafnartónleikar
23. febrúar í Laugardalshöllinni

MASTERCARD FORSALA HEFST Í DAG KL. 10:00
ALMENN SALA HEFST Á MORGUN

*(Et kraftigt tegn, misbrug det ikke!)



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA
Á WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði





Land & Synir

LÍFÐ ER YNDISLEGT Í 10 ÁR / 97-07

Til hamingju með 10 árin, með kveðju frá N1
Hlökkum til að hlýða á ykkur 8.nóvember



Afmælistónleikar í Íslensku óperunni 8. nóvember kl: 20

Hljómsveitina skipa Hreimur Örn Heimisson, Birgir Nielsen, Jón Guðfinnsson og Gunnar Eggertsson

Sérstakir gestasöngvarar verða Andrea Gylfadóttir, Magni Þór Ásgeirsson, Bergsveinn Arilíusson og félagar úr Gospelkór Reykjavíkur.
Gestahljóðfæraleikararnir Njáll Þórðarson, Andri Guðmundsson, Vignir Snær Vigfússon og Jóhann Hjörleifsson koma fram.
Auk þess verður blásturs sveit Samúels J. Samúelssonar á meðal gesta.

Miðasala á netinu á opera.is og midi.is Einnig er hægt að nálgast miða í Íslensku óperunni virka daga frá 14-18 símasala opin frá 10. Lokað á mánudögum. Sími miðasölu er 511-4200.

Miðasala hafin!



> GOTT GLÁP

Viggo Mortensen fer á kostum í nýjasta meistaraverki Davids Cronenberg þar sem rússneska mafían berst um völdin í London. Eastern Promises er hrikalega blóðug og ofbeldisfull þar sem áhorfendur vita ekki hvort þeir eiga að hlæja eða gráta eftir sturtuatriðið. Ekki má gleyma þætti hins franska Vincents Cassel sem fer á kostum í hlutverki hins drykkfellda og ógeðfellda Kirills.



bió

bio@frettabladid.is

Köngulóarmaðurinn aftur á stjá

Eftir töluverðar vangaveltur um framtíð Köngulóarmannsins – þrátt fyrir ótrúlega velgengi þriðju myndarinnar fannst mönnum hún einfaldlega ekki nógu góð – þá virðast línurnar vera farnar að skýrast. Og Peter Parker virðist eiga sér framhaldslíf. Kvikmyndadeild Sony hefur tilkynnt að James Vanderbilt hafi verið ráðinn til skrifa handrit að fjórðu myndinni. Vanderbilt gerði handritið að kvikmyndinni Zodiac sem fékk gríðarlega góða dóma og gæti gert góða hluti á komandi Óskars hátíð. Þetta þykir benda til þess að Sony ætli sér stóra hluti með fjórðu myndina og vilji laða leikstjóran Sam Raimi að verkefninu sem var víst að niðurlútum kominn eftir frekar harða dóma um síðustu mynd. Fáir geta gert sér hugarlund Köngulóarmann án Raimi sem hefur gert stórkostlega hluti

fyrir þessa ofurhetju og Sony ætlar að leggja allt kapp á að fá hann um borð. Jafnframt hafa hvorki Toby Maguire né Kirsten Dunst gefið neitt upp um hvort þau vilja endurtaka leikinn en hafa sagt að ef Raimi sé klár þá biði þau ekki boðanna heldur svári kallinu. Samkvæmt vefsíðu kvikmyndatimaritsins Empire verða óþökkarnir sem ætla að koma Parker fyrir kattarnef í þessari mynd ekki fleiri

en tveir. Líklegt er talið að annar þeirra verði The Lizard sem er hið illa sjálf Dr. Curtis Connor, kennara Parkers.



FJÓRða MYNDIN? James Vanderbilt hefur ráðinn til að skrifa handrit að fjórðu myndinni um Köngulóarmanninn.

FRUMSÝNDAR UM HELGINA

War

Hasarmyndahetjurnar **Jet Li** og Jason Statham takast á í kvikmynd um FBI-fulltrúann Jack Crawford (ekki þann sem handsamaði Hannibal Lecter) sem leitar hefnda fyrir félaga sinn sem var myrtur af hinum dularfulla leigumorðingja Rogue.



Leikstjóri: Philip G. Atwell
Dómur á IMDB: 6,7/10

Rendition

Jake Gyllenhaal, Reese Witherspoon og **Meryl Streep** leika aðalhlutverkin í þessari spennumynd þar sem Mið-Austurlönd eru enn og aftur í bakgrunni. Kona leitar manns síns sem hvarf úr flugvél á milli Suður-Afríku og Egyptalands. Á meðan efast CIA-fulltrúi í leynifangelsi um réttlæti pyntinga- aðferða Bandaríkjamanna.



Leikstjóri: Gavin Hood
Dómur á IMDB: 6,5/10

Balls of Fury

Gæðaleikarinn Christopher Walken hefur oft látið hafa sig út í einhverja vitleysu og Balls of Fury er án nokkurs vafa dæmi um það. Myndin segir frá borðtennis-meistara sem fær leyniverkefni frá FBI um að koma lögum yfir glæpamanninum Feng.



Leikstjóri: Robert Ben Garant
Dómur á IMDB: 4,5/10

This Is England

Leikstjórinn Shane Meadows færir áhorfendum ferska sýn á England árið 1983 þegar atvinnuleysi Thatcher-tímans var í hámarki. Ungur strákur vingast við hóp nýnasista og kynnist Englandi sem heimamenn vilja helst gleyma.

Leikstjóri: Shane Meadows
Dómur á IMDB: 8,1/10



DENZEL SEM LUCAS Frank Lucas var gríðarlega umsvifamikill á ferli sínum og gat grætt allt að milljón dollara á einum degi þegar best lét.

Kaupmaðurinn á horninu

Kvikmyndarinnar American Gangster er beðið með mikilli óþreyju en hún verður frumsýnd hér á landi um miðjan þennan mánuð. Söguþráðurinn er hálf lygilegur en er engu að síður byggður á sönnum atburðum.



ÓSKARSKANDÍÐAT Russell Crowe í hlutverki lögreglumannsins Richie Roberts sem hafði hendur í hári Lucas. Kvikmyndin gæti gert góða hluti á Óskarnum á næsta ári.

Þó að lag GCD um kaupmanninn á horninu hafi verið samið um íslenskan díler þá á það einnig ágætlega við um glæpaforingjann Frank Lucas sem réð ríkjum í Harlem um miðjan áttunda áratug síðustu aldar. Lucas stjórnaði eiturlyfjahringnum Country Boys eða Sveitastrákum og stjórnaði heróínneyslu New York-búa með Blue Magic-dópi sínu.

Skjólstaðingur Bumpys
Árið 1976 hrundi veldið hans vegar þegar lögreglan hafði hendur í hári hans. Líkt og kaupmaður þeirra Bubba og Rúnars þá malaði Lucas og talaði og fékk dóm sinn styttn umtalsvert. Yfir hundrað stórum eiturlyfjainnflytjendum var kastað í steininn vegna upplýsinga Lucas. Honum var því sleppt árið 1981 en var gripinn aftur glöðvolgur 1984 fyrir fíkniefnasölu. Hann losnaði úr fangelsi árið 1991, er í hjólastól en hefur dregið fram lífið á því að segja sögu sína. Kvikmyndin American Gangster er byggð á uppgangi Lucas í New York og það er stórleikarinn Denzel Washington sem fer með hlutverk glæpamannsins. Við stjórnvölinn stendur Ridley Scott sem fékk síðan góðvin sinn Russell Crowe til að leika lögreglumanninn Richie Roberts. Ævi Lucas er lyginni líkast. Hann fór að heiman sem táníngur eftir að hafa orðið uppvís að íkveikju. Lucas kom til Harlem sautján ára og þá var hverfið nánast sjálfstætt ríki blökkumanna í New York. Hann var strax kominn

undir verndarvæng Ellsworths „Bumpy“ Johnson, einhvers frægasta glæpaforingja hverfisins (svo frægur er Bumpy að Laurence Fishburn hefur leikið hann tvívegis). Bumpy kenndi honum flestallt sem ungur og óharðnaður glæpa maður þarf að kunna en eftir að hann lést fór Lucas í langa ferð til Suðaustur-Asíu þar sem hann lagði á ráðin um hvernig mætti flytja inn heróín til Bandaríkjana með öruggum hætti. Líkkestur bandarískra hermanna sem fallið höfðu í Vietnam-stríðinu urðu fyrir valinu og Lucas hefði varla getað hugsað sér betri flutningsleið, flugvélar bandaríska hersins. **Úr Corvettu í Toyota**
Veldi Lucas var ógnarstórt og hann keyrði um á glæsibifreiðum milli þess sem hann fylgdist með útsendurum sínum á götunni úr Chevrolet-bifreið sinni sem kölluð var „Nellybell“. Lucas var hálfgerð vofa, lét lítið fyrir sér fara meðan á viðskiptunum stóð og varla vissi nokkur maður að hann væri aðalmaðurinn á bak við þennan ótrúlega eiturlyfjahring. Talið er að Lucas hafi grætt yfir eina

milljón dollara á dag enda bjó hann í finni hótelsvítu og átti eignir í Detroit, Los Angeles og Púertó Ríkó. Bílafloötinn var ekki af verri gerðinni, Corvetta, Rolls og Benz og þá var fataskápurinn fullur af sérsníðnum fötum frá öllum helstu tiskuhönnuðum heims. Saga Lucas birtist fyrst á prenti í New York Times árið 2000 þegar blaðamaðurinn Mark Jakobsen rúntaði með Frank um götur Harlem og heyrði um glamúr-lífurni glæpamannsins á þessum tíma. Í dag er Harlem ekki lengur þetta fríríki svartra í Bandaríkjunum heldur hafa þar risið verslunarmiðstöðvar og skrifstofuhúsnæði. Hverfið er farið að njóta vinsælda hjá hvítu millistéttinni og ekki sákar af fyrrverandi Bandaríkjaforseti, Bill Clinton, hefur aðsetur þar. Ferðalagið með Lucas um gamla hverfið er mikil skemmtilesning en í staðinn fyrir Corvettuna eða Chevrolet keyrir hann um á blárrí Toyota. Og hann klæðist ekki lengur silkskyrtum og flottum jakkafötum heldur er í gervi-Timberlandjakka og með bláa derhúfu frá olúfyrirtæki á hausnum.

freyggja@frettabladid.is

GRÍÐARSTÓR GAMANMYND MEÐ LITLAR KÚLUR!

FRUMSÝND 2. NÓVEMBER!

SENDU SMS JA BFF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNID!

Vínningar eru Bíómíði fyrir tvo, DVD myndir, vinningar tengdur myndinni og margt fleira!

SMÁRÁÐ bió

Vínningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt erðu kominn í SMS klubb. 99 kr/skýtið.

100 íslensk barnalög eru komin í hagkaup



KR. 2.499

5CD
DISKAR

Einnig fáanleg:
100 íslensk jólalög



KR. 2.499

5CD
DISKAR

5 geislaplötur á frábæru verði.
Öll vinsælustu barnalögin í einum pakka!

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Stöð 2 og Coca-Cola kynna



Jólagestir

Björgvins Halldórssonar
Laugardaginn 8. desember
Laugardalshöllinni

Ný Jólagestaplata
væntanleg í nóvember.
Auk þess verða þrjár fyrri
Jólagestaplötturnar fánlegar
saman í hátíðarbúningi.

*Glæsilegustu jólatónleikar
sem haldnir hafa verið hérlandis*

Bjarni Arason
Eyjólfur Kristjánsson
Friðrik Ómar
Helgi Björnsson
Ragnar Bjarnason

Stefán Hilmarsson
Svala Björgvinsdóttir
Sigga Beinteins
og fleiri
frábærir gestir

Ásamt stórhljómsveit, strengjasveit, barna-, gospel- og karlakórum
undir stjórn Þóris Baldurssonar. Sviðsetningu annast Björn G. Björnsson.



Mastercard forsala hefst í dag kl.10:00!
Almenn sala hefst á morgun.



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert
ef greitt er með MasterCard á sérstökum
MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA
Á WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði



> VISSIR PÚ?

Brasilíska fyrirsætan **Gisele Bündchen** hefur ekki alltaf „verið í tisku“. Þegar hún flutti til New York til að reyna fyrir sér sem fyrirsæta var hið svokallaða „heróínútlit“ enn í miklum hávegum haft. Gisele stóð hins vegar fast á sínu og neitaði að grenna sig, fara í nefaðgerð og klippa af sér hárið. Staðfestan borgaði sig því Gisele er nú ein þekktasta fyrirsæta heims.



Angelina felur þungunina

Leikkonan Angelina Jolie mætti á afhendingu hvatningarverðlauna blaðakvænna á Beverly Hills-hótelinu í Los Angeles í gær en eins og fram hefur komið sagði The Sun frá því í vikunni að Angelina ætti von á barni með Brad Pitt. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum var Angelina klædd í svart frá toppi til táar, síðbuxur, topp og jakka. Auk þess var hún ýmist með krosslagðar hendur eða setti handleggina vandlega fyrir magann á annan hátt. Þetta gaf sögusögnunum byr undir báða vængi.

Angelina á fyrir dótturina Shiloh með Brad Pitt auk þriggja ættleiddra barna, þau Maddox, Zahöru og Pax. Ef það reynist rétt að Angelina og Brad eigi von á barni nú verður það þeirra fimmta. Frétt The Sun var byggð á

fregnum ítalskra fjölmiðla sem sögðu Angelínu hafa þurft að aflýsa fyrirlestri þar í landi af persónulegum ástæðum. Talskona Pio Manzu-setursins, þar sem fyrirlesturinn átti að fara fram, sagði að getgátur ítalskra fjölmiðla væru á rökum reistar en vildi þó ekki beinlínis segja að Angelina væri ólétt af tillitssemi við einkalíf stjórnmunnar. Sannarlega mikil tillitssemi þar á ferð.

VON Á BARNI?

Angelina Jolie gaf sögusögnunum um óléttu byr undir báða vængi með því að fela magann með öllum tiltækum ráðum á samkomu í fyrradag.

NORDICPHOTOS/GETTY.



fólk

folk@frettabladid.is

Nýtt lag frá Nylon í spilun í dag

Stúlknasveitin Nylon sendir frá sér nýtt lag í dag og þykir þar kveða við nýjan tón í tónlistarstefnu tríóins. Lagið Shut up er að sögn kunnugra bæði þéttara og hraðara en önnur lög flokksins en þær Klara, Steinunn og Alma hafa

verið í stífum æfingum í allt sumar. Shut Up verður annað tveggja nýrra laga á safnplötu sem væntanleg er í verslanir og því ljóst að þrátt fyrir hrakspár margra hefur Nylon síður en svo lagt árar í bát.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur umboðsmaður sveitarinnar, Einar Bárðarson, verið í sambandi við Walt Disney-fyrirtækið um að koma þeim á framfæri í sjónvarpsþættinum High School Musical og hefur hann þar notið dyggrar liðveislu Magnúsar Scheving Latabæjarkóns. Safnplatan er væntanleg í allar betri plötubúðir þegar nær dregur jólum en Shut up fer í spilun á útvarpsstöðvum í dag.



EKKI HÆTTAR Nylon-stúlkurnar eru að vakna af værum blundi og nýtt lag fer í spilun með sveitinni í dag.



PEGAR ALLT LÉK Í LYNDI Heather Mills og Bítillinn fyrrverandi, Sir Paul McCartney, á góðri stund.

Nálægt því að fremja sjálfsvíg

Heather Mills, fyrrum eiginkona Sir Paul McCartney, hefur gagnrýnt breska fjölmiðla fyrir að „ýta sér að bjargbrúninni“. Í nýju og tilfinningaríku sjónvarpsviðtali líkir hún framgöngu þeirra við þá meðferð sem Díana prinsessa fékk á sínum tíma. Segist hún jafnframt hafa fengið lífsláts-hótanir og verið sjálf nærri því að fremja sjálfsvíg.

„Það var talað verr um mig í fjölmiðlum en barnaníðing eða morðingja en samt hef ég eingöngu sinnt góðgerðamálum síðastliðin tuttugu ár,“ sagði Mills. „Þeir hafa kallað mig hóru, gullgrafara, geð-

sjúkling og lygara,“ sagði hún og bætti því við að hún hefði þurft að þola átján mánaða svívirðingar og 4.400 illkvittnar blaðagreinar. „Ég var komin nærri því að fremja sjálfsvíg vegna þess að ég hugsaði með mér að ef ég dræpi mig þá yrði dóttir mín hólpin. Þegar hún er með mér verður hún nefnilega aldrei örugg.“

Mills, sem stendur í miðjum skilnaði við McCartney, segist að henni hafi ekki verið boðinn neinn peningur í málinu á sama tíma og hún þarf að greiða lögfræðikostnað sem sé kominn upp í rúmar 180 milljónir króna. Hún segir að á sama tíma og hún reyni að vernda McCartney geri fjölmiðlar allt sem þeir geti til að koma höggi á hana. „Hvað gerðu paparazzi-ljósmyndararnir við Dónu? Þeir eltu hana uppi og drápu hana,“ sagði Mills.

Rosalegir tónleikar

Bubbi Morthens kemur fram á miðnæturtonleikum á Nasa föstudaginn 9. og laugardaginn 10. nóvember ásamt hljómsveit sinni Stríði og friði. Æfingar eru þegar hafnar og ætlað sveislin að spila mörg af þekktustu lögum Bubba í bland við nýtt efni.

„Þetta verða flottir tónleikar, ég held að þeir geti ekki orðið annað,“ segir Bubbi. „Við gerðum þetta uppi á Akranesi á Írskum dögum í sumar og það var alveg rosalegt.“

Auk Bubba eru í Stríði og friði þeir Jakob Smári Magnússon, Guðmundur Pétursson, Pétur Hallgrímsson og Arnar Geir Ómarsson. Þetta verður að öllum líkindum í síðasta sinn sem sveitin kemur fram á þessu ári. Framundan hjá Bubba eru mörg stór verkefni, þar á meðal plata sem hann tekur upp með Péttri Ben.



BUBBI MORTHENS Bubbi kemur fram með Stríði og friði á tvennum tónleikum á næstunni.

Hefjast upptökur á henni í janúar. Miðaverð á tónleikana á Nasa er 2.000 krónur auk miðgjalds.

GUERLAIN

GUERLAIN kynning í Snyrtivöruversluninni Glæsibæ dagana 1. - 3. nóv 2007

Allar konur sem koma í Glæsibæ þessa daga fá ilmvatnsprufu af l'Instant Magic

SUCCESS FUTURE

GUERLAIN kynnir nýja kremlínu, dagkrem, næturkrem og serum sem hægjir á öldrun húðarinnar (firming and wrinkle) minimizer).

Sérfræðingur frá **GUERLAIN** verður á staðnum með kynningu á nýjungum og ráðleggingar um val á vörum.

Glæsilegur kaupauki í boði* á meðan birgðir endast.

SNYRTIVÖRUVESLUNIN

GLÆSIBÆ

Sími: 568 5170

Erlendur snýr aftur!

Harðskafi eftir Arnald Indriðason er komin í verslanir.




Að því tilefni verður morgunveisla í dag 1. nóvember kl. 9.00 - 11.00 í Eymundsson Austurstræti og Eymundsson Hafnarstræti - Akureyri.

Við bjóðum þér að smakka uppáhaldsfæði Erlends, ósvikna sviðakjamma frá Bjarna Snæðingi á Umferðarmiðstöðinni, BSÍ.

Einnig verður boðið upp á morgunkaffi frá Te og kaffi og nýbakaðar pönnukökur með sykri.

Lögreglan verður á staðnum. Hörður Jóhannesson, aðstoðarlögrelustjóri á höfuðborgarsvæðinu, mun mæta og fá sér svið og pönnukökur.

Hjalti Rögnvaldsson les úr bókinni kl. 9.15 í Austurstræti.



Fullt verð: 4.790 kr.

Tilboðsverð: 3.990 kr.

Tilboðsverðið gildir til og með 6. nóvember

Skiptimiðinn
Eymundsson

Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 10. janúar 2008.



Alt í drasli mælir með

Burt með uppsafnaðan kísil
Frábært til að fjarlægja erfða bletti, uppsömuð óhreinindi, fitu, gúmmiför, kísil og sápuskánir. Notist á postulín, keramik, ryðfrítt stál o.fl. Auðvelt að skola og skilur ekki eftir himnu.

Fita og önnur óhreinindi hverfa
skotvirkar á erfða bletti eins og fitu, blek, vaxlit, varalit, vín, matarleifar og fleira. Efni er úðað beint úr brúsanum á blettinn og síðan þurrkað. Part ekki að skola. Skilur ekki eftir leifar.

Skítur á veggjum ekki vandamál
Hvímleð fingraför og skítur á veggjum eru ekki lengur vandamál með SD-20 hreinsiefninu.

Burt með blettina!
Náðu burt blettum og öðrum óhreinindum úr sófum og teppum með Contempo teppa- og blettahreinsi.

Helluborðið eins og nýtt
Helluborðið verður eins og nýtt með Sterling keramikhelluhreinsi.

Alt í drasli **BESTA**
- hrein fagmennska!

Grundargötu 61 • Grundarfirði Sími: 430 0000
Brekkustíg 39 • Njarðvík Sími: 420 0000
Miðási 7 • Egilsstöðum Sími: 470 0000
Ármúla 23 • Reykjavík Sími: 510 0000

Elvis tekjuhæstur

Kóngurinn Elvis Presley hefur endurheimt toppsætið yfir tekjuhæstu stjórnurnar sem hafa farið yfir móðuna miklu. Elvis, sem var síðast á toppnum árið 2005, hefur undanfarið ár þénað tæpa þrjá milljarða króna.

Bítillinn John Lennon lenti í öðru sæti með rúma 2,6 milljarða og samkvæmt tölum heimasíðunnar Forbes.com varð teiknimyndahöfundurinn Charles M. Schulz í því þriðja. Í fjórða sæti lenti fyrrverandi félagi Lennons, George Harrison með 1,3 milljarða og Albert Einstein varð fimmti með rúman milljarð.

Elvis lést árið 1977 en þrátt fyrir það heldur hann áfram að raka inn

TÍU RÍKUSTU STJÖRNURNAR

- Elvis Presley
- John Lennon
- Charles M. Schulz
- George Harrison
- Albert Einstein
- Andy Warhol
- Theodor Geisel (Dr. Seuss)
- Tupac Shakur
- Marilyn Monroe
- Steve McQueen

peningum fyrir stefgjöld, geisla- og mynddiskasölu, ferðaiðnaðinn í tengslum við Graceland og fleira.

Leikkonan Marilyn Monroe var



ELVIS PRESLEY Kóngurinn Elvis er tekjuhæsta látna stjarnan samkvæmt heimasíðunni Forbes.com.

eina konan sem komst á listann. Rokkarinn Kurt Cobain, sem var í efsta sætinu í fyrra, komst ekki á listann í þetta sinn.

Töframenn láta til sín taka

Þekktustu töframenn landsins koma fram á sýningu í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld. Gestur kvöldsins er breski töframaðurinn David Jones sem hlakkar til að sjá til íslenskra kollega sinna.

Hið íslenska töframannagildi heita samtök áhugafólks um töfra og töfrabrogð og standa þau fyrir töframannasýningu í Hafnarfjarðarleikhúsinu kl. 21 í kvöld. Þar munu stíga á svið þekktustu töframenn Íslands í dag; Ingó Geirdal, Jón Víðis og Lalli töframaður, ásamt frumkvöðli töframennsku á Íslandi, Baldri Brjánssyni, sem mun frumsýna nýtt töfrabrogð. Aldrei áður hafa allir helstu töframenn Íslands sýnt á sama viðburði. Kynnir sýningarinnar er Björgvin Franz Gíslason, leikari og meðlimur Hins íslenska töframannagildis.

Stærsta stjarna sýningarinnar er þó hinn margverðlaunaði breski töframaður David Jones, sem nýtur mikillar virðingar í alþjóðlegu samfélagi töframanna. Jones er frægur fyrir líflega sviðsframkomu og þykir ekki síður uppstandari en töframaður. „Ég læt hluti hverfa, les hugsanir áhorfenda og sýni spilagaldra, en sýningin mín er blanda af göldrum og gríni,“ segir Jones í samtali við Fréttablaðið.

HEIÐURSGESTUR Bretinn David Jones kemur fram í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld. Hann nýtur mikillar virðingar í alþjóðlegu samfélagi töframanna.

„Ég hlakka til að sjá hvað íslenskir starfsbræður mínir hafa fram að færa, en ég hef aðeins séð örlítið af brogðum tveggja þeirra,“ segir Jones. Í gær hélt hann námskeið fyrir meðlimi Hins íslenska töframannagildis og kenndi þeim frumsamin töfrabrogð sín. Hann er alvanur að halda slík námskeið fyrir breska töframenn og hefur einnig gefið út kennsluefni á DVD-mynddiskum.

Jón Víðis Jakobsson er forseti Hins íslenska töframannagildis og höfundur Töfrabragðabókarinnar sem kom út árið 2005. Í samtali við Fréttablaðið segir hann félagið hafa verið stofnað í þeim tilgangi að auka áhuga samfélagsins á töfrum og koma töfrabrogðum á framfæri með sýningum sem þessum. „Þetta er fyrsta töfrasýningin á vegum félagsins en ætlunin er að halda slíka sýningu árlega, hvort sem við fáum aftur stórt nafn að utan eða ekki,“ segir Jón, og bætir við að íslenskir töframenn standi sig vel á alþjóðlegum mælikvarða. Félagið er aðili að heimsins stærstu félagsamtökum töframanna, International Brotherhood of Magicians, sem í eru um 13.000 meðlimir. Hið



FYRSTA TÖFRASÝNINGIN Jón Víðis Jakobsson er forseti Hins íslenska töframannagildis. Hann segir íslenska töframenn fyllilega jafnast á við erlenda starfsbræður sína og hlakkar til að sýna fram á það í kvöld.

íslenska töframannagildi var stofnað 29. febrúar síðastliðinn, væntanlega með töfrum því sá dagur rann aldrei upp. Félagsmenn hittast mánaðarlega til að ræða þetta sameiginlega áhugamál, sýna hver öðrum brogð sín og bæta þekkingu sína og færni í listinni. Félagsmenn eru nú 20 talsins og athygli vekur að í hópnum er engin kona. „En ég er viss um að til eru margar góðar töfrakonur á Íslandi sem láta lítið fyrir sér fara,“ segir Jón og vonar að þær fari að skjóta upp kollinum.

Aðeins örfá sæti eru laus á sýninguna í kvöld og nálgast má miða í síma 555 2222 eða á www.midi.is

eygloa@frettabladid.is

Íslendingar á 5. breiðgötu

Baugur keypti hlut í verslanakeðjunni Saks Fifth Avenue fyrr á árinu og nú berast fréttir af því að fyrirtækið velti fyrir sér yfirtöku á verslanakeðjunni í félagi við arabíska samstæðuna Landmark Group. Ef svo fer halda Íslendingar innreið sína í eitt virtasta vöruhús Bandaríkjanna og jafnvel á heimsvísu.

Aðalverslun Saks Fifth Avenue er, eins og nafnið gefur til kynna, til húsa á fimmtu breiðgötu í New York. Þar er að finna hæð á hæð ofan af hátískuvarningi og skódeildin varð sú fyrsta til að eignast eigið póstnúmer. Á meðal þeirra hönnuða sem selja varning sinn í Saks Fifth Avenue eru nöfn á borð við Dolce og Gabbana, Burberry, Chloé, Dior, Chanel, Prada, Gucci og Yves Saint Laurent, að fjölmörgum öðrum ónefndum. Ásamt Neiman Marcus, Bergdorf Goodman og Barneys New York, tilheyrir Saks Fifth Avenue hópi helstu lúxusverslana New York-borgar.

Það er kannski til marks um hróður verslunarinnar að nafn hennar hefur ratað inn í fjölmargar kvikmyndir og sjónvarpsþætti, eins og Friends, Seinfeld og Clueless eru dæmi um. Í teiknuðu



EIGIÐ PÓSTNÚMER Skódeildin í Saks Fifth Avenue státar af sínu eigin póstnúmeri, enda er hún heil hæð. Það er 10022-SHOE.

NORDICPHOTOS/GETTY

myndinni Shrek 2, í konungsríkinu óralangt í burtu, er jafnvel að finna systurbúð Saks, sem þar heitir Saxon Fifth Avenue. Svo má náttúrulega ekki gleyma aðdráttarafli verslunarinnar, sem Winona Ryder féll fyrir þegar hún gerðist sek um búðarhnypl þaðan árið 2001.

WINONA RYDER
Gerðist sek um búðarhnypl í Saks.

- sun



KOMPÁS
- Fréttabáttur ársins

JÓHANNES KR. KRISTJÁNSSON
- Sjónvarpsmaður ársins

EDDA ANDRÉSDÓTTIR
- Sjónvarpsmaður ársins

ÁTTA TILNEFNINGAR



Við erum stolt af okkar fólki.
8 tilnefningar til Eddu verðlaunanna segja allt sem segja þarf.



PÉTUR JÓHANN
- Leikari ársins

STELPURNAR
- Best leikni sjónvarpsþáttur ársins

NÆTURVAKTIN
- Best leikni sjónvarpsþáttur ársins
- Handrit ársins

TEKINN 2
- Skemmtiþáttur ársins

HVETJUM ALLA Í AKADEMÍUNNI TIL AÐ KJÓSA
OG LANDSMENN TIL AÐ VELJA
SJÓNVARPSÞÁTT ÁRSINS Á VISIR.IS



Nýtt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus

FRÁ LEIKSTJÓRANUM DAVID CRONENBERG
VIGGO MONTENEN MADRI WATTI VINCENT CASSEL
EVERY SIN LEAVES A MARK
EASTERN PROMISES

FRÁBAR GRUNVIND
LÚXUS

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

EASTERN PROMISES	kl. 5.45, 8 og 10.15	16
THE HEARTBREAK KID	kl. 5.45, 8 og 10.15	12
3:10 TO YUMA	kl. 5.30 og 10.15	16

www.laugarasbio.is - Miðasala á **mid.is**

NÝTT Í BÍÓ!

DARK RISING
HANN ÞARF AÐ FINNA SEX FALDA TÖFRAGRIPI
TIL AÐ BJARGA HEIMINUM FRÁ TORTÍMINGU!
STÖRKOSTLEG ÆVINTÝRAMYND Í ANDA ERAGON.

FRÁ LEIKSTJÓRANUM DAVID CRONENBERG
Viggo Montensen fer á kassum?
- T.S.K., 24 stundir.
Mað því besta sem hefur er að sjá þetta þessrar myndar!
- F.G.G., Fréttablaðið.
- Sæbjörn Valdmarsson, Morgunblaðið.
- Richard Corliss, Time Magazine.
"Virkllega vönduð!"
- A.J., DV

11 TÍLEFNINGAR TIL EDDUVERÐLAUNA
- S.V., MBL
R.H., FBL
- S.G., Rás 2 - E.E., - DV

1 TÍLEFNING TIL EDDUVERÐLAUNA
BY
A. S., - MBL
R. H., - FBL

600 kr
THE KINGDOM

4 months 3 weeks & 2 days
ATH: EKKERT HLÉ OG MIÐASÖLU LÝKUR ÞEGAR
SÝNING MYNDAR HEFST greina ljóstið

SMÁRÁSBÍÓ SÍMI 564 0000	REGNBÓGINN SÍMI 551 9000	450 kr. í bíó!
DARK IS RISING kl. 3.45-5.50-8-10.15 7	DARK IS RISING kl. 5.50-8-10.10 16	
THE HEARTBREAK KID kl. 5.30-8-10.30 12	4 MONTHS ENSKUR TEXTI kl. 8 7	
THE HEARTBREAK KID LÚXUS kl. 5.30-8-10.30	EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI kl. 5.40 12	
RESIDENT EVIL 3 kl. 8-10.10 16	HALLOWEEN kl. 10.20 14	
GOOD LUCK CHUCK kl. 3.45-5.50-8-10.10 14	SUPERBAD kl. 5.30-8-10.30	
SUPERBAD kl. 5.30 12	GOOD LUCK CHUCK kl. 8-10.20	
HÁKARLABEITA 600 KR. kl. 3.50		
THE SIMPSONS MOVIE ISL. TAL. kl. 3.45 300 kr. Síð. sýningar		
HAUSKLABÍÓ SÍMI 530 1919	LAUGARÁSBÍÓ SÍMI 462 3500	
EASTERN PROMISES kl. 5.40-8-10.20 12	EASTERN PROMISES kl. 8-10.10 16	
SYNDIR FEDRANNA kl. 6-8-10 16	THE HEARTBREAK KID kl. 6-8 12	
THE KINGDOM kl. 8-10.20 14	RESIDENT EVIL 3 kl. 10.10 16	
HEIMA - SIGURRÓS kl. 6 14	GOOD LUCK CHUCK kl. 6 14	
VEDRAMÓT kl. 5.40-8-10.20		

www.SAMBÍÓ.is 575 8900 mid.is

FRÁ LEIKSTJÓRANUM WACHOWSKI BRÆÐURUM, HANDTRÍÐHÖFUNUM MATRIX.
THE INVASION

AD SANNAR HETJUR GEFAST EKKI UPP!
Niðaverð 600 kr.
ÍÞRÓTTA HETJAN

THE KINGDOM

ÁLFABAKKA	KRINGLUNNI
THE INVASION DIGITAL kl. 8D-10:20D 16	THE INVASION DIGITAL 6D-8:20D-10:30D 16
THE INVASION kl. 5:30-8-10:20 VIP	DARK IS RISING kl. 6-8 7
ÍÞRÓTTA HETJAN M/- ISL. TAL. kl. 6 L	ÍÞRÓTTA HETJAN M/- ISL. TAL. kl. 6 L
HEARTBRAKE KID kl. 8-10:30 12	IN THE LAND OF WOMEN kl. 8-10:10 L
THE BRAVE ONE kl. 8-10:20 16	THE KINGDOM kl. 10:10 10
STARDUST kl. 5:30-8-10:30 10	KEFLAVÍK
ASTRÓPÍA kl. 6 L	THE HEARTBREAK KID kl. 8 L
RATATOUILLE M/- ISL. TAL. kl. 5:30 L	THE BRAVE ONE kl. 8 16
AKUREYRI	3:10 TO YUMA kl. 10:20 16
ÍÞRÓTTA HETJAN M/ISL. TAL. kl. 6 L	HALLOWEEN kl. 10:20 16
THE INVASION kl. 8 16	SELFOSSI
STARDUST kl. 5:40-8 10	GOOD LUCK CHUCK kl. 8-10:10 L
	SUPERBAD kl. 8 12
	HALLOWEEN kl. 10:20 16

Má ekki taka sig of alvarlega

„Hafnarfjörður er í mínum huga höfuðborg alheimsins. Ég fer helst ekkert út fyrir Hafnarfjörð nema í neyð,“ segir Haraldur Freyr Gíslason, eða Fulli kallinn, sem hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu, Hafnarfjörður - Capital of the Universe.

Haraldur, sem hefur getið sér gott orð sem trommari Botnleðu, segist hafa unnið við plötuna í eitt og hálf ár. „Ég byrjaði á henni þegar við vorum orónir latir að mæta á æfingar í Botnleðu. Þá gaf konan mér upptökukerfi og ég fór að taka upp plötu. Ég gerði hana mest sjálfur heima hjá mér og uppi í bústað,“ segir Halli. „Þetta hefur verið mjög skemmtilegt. Maður verður alveg heltekinn þegar maður byrjar á einhverju svona. Ég spilaði á öll hljóðfærin sjálfur nema að ég fékk hjálp við kontrabassa, brass og fiölu.“

Léttleikinn er í fyrirrúmi á plötnunni og segist Halli einfaldlega vera þannig týpa. „Ég er rosalega lítið fyrir að taka hlutina af alvarlega. Það fer voða mikið í mig þegar fólk er að taka sig of alvarlega. Ég er þannig karakter að það þarf að vera smá gleði í gangi þótt tónlistin geti verið alvarleg. Mér þykir rosalega gervilegt að deya fyrir listina.“

Að sögn Halla er nafnið Fulli kallinn ekkert endilega tengt áfengi. „Maður getur verið fullur af hugmyndum, vitleysu og svo mörgu öðru. Fulli kallinn er sorglegur maður. Það eiga margir sinn fulla kall þó svo að það sé ekki þeir sjálfir. Fullir kallar hafa áhrif á líf margra.“

- fb



FULLI KALLINN Haraldur Freyr Gíslason hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



PERSONULEGUR BLÚS Þriðja breiðskífa Arnar Ellasar Guðmundssonar, Mugisons, er sannkallað stórvirki að mati gagnrýnanda. Söngur Mugisons heldur fjölbreyttri plötunni saman.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Stórvirki Mugisons

Þá er hún loks komin platan sem á að fylgja eftir einni af dáuðustu plötum síðustu ára í íslensku tónlist, Mugimama Is This Monkey Music? sem toppaði árslista flestra tónlistaráhugamanna árið 2004. Mugison hefur ekki setið auðum höndum á þessum þremur árum sem eru liðin fá útkomu Mugimama. Hann hefur spilað töluvert í útlöndum til að fylgja erlendum útgáfum hennar eftir og hann er búinn að gera tónlist við tvær kvikmyndir; A Little Trip to Heaven og Mýrina. Svo hefur hann unnið að nýju plötnunni sem er hér til umfjöllunar, Mugiboogie.

Fjöldi tónlistarmanna kemur við sögu á Mugiboogie, en hljómsveitin sem myndar kjarnann á henni er skipuð Arnari Gíslasyni trommu-leikara, Guðna Finnsyni bassaleikara og Davíð Þór Jónssyni hljómborðsleikara. Allt toppmenn. Auk þeirra spila á plötnunni gítarleikararnir Pétur Ben og Björgvin Gíslason, strengjasveit og fleiri. Sjálfur syngur Mugison og spilar á gítara.

Mugiboogie er mjög fjölbreytt tónlistarlega. Hún byrjar á hávær-um og rafmögnum glyskoktrylli, Mugiboogie, en strax á eftir kemur hið órafmagnaða Pathetic Anthem þar sem Mugison er einn með kassagítarinn og Rúna syngur með. Þriðja lagið, To the Bone, einkennist af hammond og moog-spili Davíðs Þórs og grípanði viðlagi og fjórða lagið er svo rokkslagarinn

Jesus Is a Good Name to Moan. Frábær byrjun. Og það á ekkert eftir að versna. Í fimmta lagiinu, hinu ljúfa George Harrison, minnr röddunin á Bítlanu, (sem hlýtur að teljast við hæfi!) og áður en yfir lýkur höfum við svo fengið að heyra svartasta dauðarokk, ljúft kammerpopp með selestu og strengjasveit, léttisyrða boogie-tónlist, naumhyggjulegt þjóðlagapopp og loks æstan gospelblús í lagiinu Sweetest Melody sem lokar plötunni. Enn eitt snilldarlagið. Það aðámunarverða er að allt gengur þetta upp. Þó að tónlistin sé fjölbreytt heldur söngur Mugisons plötunni saman og þessi ákveðni blúsþráður sem litur allt það sem hann gerir.

Mugiboogie er frábær plata. Stórvirki. Hún er gegnsýrð af áhrifum úr tónlistarsöggunni, en líka persónuleg og framsækinn og tekst þannig að vera bæði gamaldags og nútímaleg, sígild og framsækinn. Það hjálpast líka allt að við að gera hana svona góða: Flottar lagasmíðar, góðir textar, eiturferskur hljómur, útpældar og stundum svölítið geggjáðar útsetningar, snilldarlegur hljóðfæraleikur og magnaður söngur. Mugison syngur af svo mikilli innlifun og sannfæringu að það er eins og hann sé stöðugt í leiðslu að boða fagnaðarerindið. Ég hef reynt mikið að finna eitthvað að Mugiboogie, en mér tekst það ekki.

Eitt af því sem vakti athygli við



TÓNLIST Mugiboogie Mugison

Stórvirki sem dreypur víða niður fæti í tónlistarsöggunni, en einkennist öðru fremur af flottum lagasmíðum, kraftmiklum og skapandi útsetningum og tilþrifamiklum flutningi.

Mugimama var flott umslag. Mugison klikkar ekkert í þeim málum nú frekar en fyrr daginn. Mugiboogie kemur í skemmtilega samantrotinu svörtu leðurlíkusumslagi og inni í því er lítið myndskreytt textakver með gotnesku lettri sem minnr helst á sálmbók. Flott eins og annað við þessa mögnuðu plötu.

Trausti Júlíusson

MEIRA FYRIR NÁMSMENN

2 fyrir 1 í bíó

Landbankinn

* Gildir á sýningar mánudaga til fimmtudaga sé greitt með Námutorti í gallabuxnaútliti. Gildir ekki í lúxussal eða á íslenskar myndir.



BLOODGROUP Hljómsveitin Bloodgroup gefur á næstunni út sína fyrstu plötu, Sticky Situation.

Fyrsta plata Bloodgroup

Fyrsta plata hljómsveitarinnar Bloodgroup, Sticky Situation, kemur út 7. nóvember á vegum Síldar ehf. sem er útgáfufélag sveitarinnar. Á plötunni eru ellefu lög sem voru að mestu leyti tekin upp í félagsheimilum úti á landi. Bloodgroup samanstendur af Halli, Ragga, Lilju, Janusi og Benna, en sá síðastnefndi gekk til liðs við hljómsveitina þegar platan var tilbúin. Eftir góða frammi-stöðu á Iceland Airwaves skrifaði sveitin undir samning um staf-ræna dreifingu við útgáfufyrir-tækið Awal. Kemur platan einmitt út á iTunes á þeirra vegum. Næstu tónleikar Bloodgroup verða á Organ 15. nóvember.



ROBERT GOULET Bandaríski söngvarinn og leikarinn Robert Goulet er látinn, 73 ára að aldri. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Goulet lést á sjúkrahúsi

Bandaríski söngvarinn og leikarinn Robert Goulet er látinn, 73 ára að aldri. Goulet lá á sjúkrahúsi þar sem hann beið eftir lungnaígræðslu þegar hann dó. Goulet sló í gegn í söngleikum Camelot árið 1960 og eftir það kom hann fram í hinum ýmsu söngleikjum og sjónvarpsþáttum. Var hann meðal annars tíður gestur í The Ed Sullivan Show, auk þess sem hann kom oft fram í Las Vegas. Goulet lék einnig í fjölda kvikmynda, þar á meðal Atlantic City og gamanmyndinni The Naked Gun 2 1/2.



HJÁLMAR Hljómsveitin Hjálmar spilar á Vallarheiði á laugardag ásamt Klassart.

Hjálmar í herstöðinni

Hljómsveitirnar Hjálmar og Klassart halda tónleika í Andrew's Theatre á Vallarheiði í gömlu herstöðinni næstkomandi laugardag. Hjálmar gefa út sína þriðju plötu, Ferðasót, innan tíðar eftir mannbreytingar og er fyrsta lagið, Leiðin okkar allra, þegar farið að hljóma á öldum ljósvakans. Klassart hefur fengið góða dóma fyrir sína fyrstu plötu, Bottle of Blues, sem kom út fyrr á árinu. Tónleikarnir eru á vegum útskriftarhóps Fjölbrotaskóla Suðurnesja, í samstarfi við Landsbankann og Nemendafélag FS. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og eru miðar seldir við inngang á 2.000 krónur.

Gefa plöturnar á netinu

Félagarnir Baddi og Diddi Fel úr rapp-sveitinni Forgotten Lores hafa stofnað útgáfufyrirtækið Cox Butter sem ætlar að gefa út alla sína framleiðslu á netinu án endurgjalds.

„Ég og Diddi Fel vorum í sumar tilbúnir hvor með sína plötuna og vorum að velta fyrir okkur mögu-leikum varðandi útgáfu sem maður hefur á Íslandi sem rapp-tónlistarmaður. Miðað við pening-inn og tímann sem fer í að gefa út plötur þá borgar það sig sjaldnast, sérstaklega ef þú ert með minni verkefni,“ segir Baddi. „Við duttum á þessa hugmynd sem grundvöll fyrir listamenn að koma frá sér efni sem þeir ættu erfitt með að koma frá sér annars. Þetta eru lítil hliðarverkefni

og „sólóproject“ sem menn vilja koma frá sér án þess að tapa peningum. Svo veit maður aldrei í framtíðinni. Kannski verður þetta að alvöru útgáfu.“

Stutt er síðan Radiohead gaf út sína nýjustu plötu á netinu þar sem fólk réð því hvort það borgaði fyrir hana og vakti það mikla athygli fjölmiðla. „Radiohead er náttúrulega ekki fyrst til að gera þetta. Við töluðum um þetta þegar við vorum nýbyrjaðir í Forgotten Lores 2000 eða 2001 og það hafa margir gert þetta síðan en Radiohead er stærsta nafnið til að gera þetta hingað til,“ segir Baddi.

Fyrsta platan sem verður gefin út undir merkjum Cox Butter verður samstarfsplata Didda Fel og Gunna Maris, Hvernig rúllar



BADDI OG DIDDI FEL Félagarnir Baddi og Diddi Fel hafa stofnað útgáfufyrirtækið Cox Butter. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

þú? Heimasíða útgáfunnar, cox-butter.com, er í smíðum um þess- ar mundir auk þess sem síðan

myspace.com/coxbutter er þegar komin í loftið. **-fb**



Til hamingju Menntaskólinn í Kópavogi



Menntaskólinn í Kópavogi hlaut einnig jafnréttisviðurkenningu Kópavogsbæjar árið 2006.

Menntaskólinn í Kópavogi hlaut viðurkenningu Jafnréttisráðs í ár fyrir skýra og virka jafnréttis-stefnu gagnvart nemendum og starfsfólki.

Skólinn hefur lagt áherslu á jafnrétti í skólanámskrá, launajafnrétti og jafnan hlut karla og kvenna við stjórnun skólans.

Við erum stolt af Menntaskólanum í Kópavogi og vonum að sem flestir taki sér hann til fyrirmyndar.

Kópavogsbær



> Nemanja Sovic að hætta hjá Fjölni

Nemanja Sovic stjórnari að öllum líkindum sínum síðasta leik með kvinnaliði Fjölnis í Iceland Express-deild kvenna gegn KR í gær en undir hans stjórn komst Grafarvogslíðið upp í efstu deild kvenna í fyrsta sinn í sögu félagsins. Nemanja ætlar einnig að hætta að spila með karlaliðinu þar sem hann hefur verið lykilmáður undanfarin þrjú tímabil. Nemanja hefur komið inn af þekktum í öllum fjórum leikjum Fjölnis og er með 12,8 stig og 6,5 fráköst að meðaltali á 26 mínútum. Nemanja spilaði aðeins í 15 mínútur í síðasta leik þar sem Fjölnir tapaði fyrir Tindastóli á heimavelli en skoraði á þeim tíma 10 stig. Hann er með bestu þriggja stiga skotnýtinguna í fyrstu fjórum umferðum Iceland Express-deildar karla en 6 af 9 langskotum hans hafa farið rétta leið.

sport
sport@frettabladid.is



SIGFÚS PÁLL SIGFÚSSON: SPILAÐI GEGN SÍNUM GÖMLU FÉLÖGUM Í FRAM Í FYRRAKVÖLD

Valur er klárlega meistaraefni næstu ára

Valur vann Fram 25-27 í spennandi leik Reykjavíkurstórveldanna í handbolta í N1-deild karla í Framhúsinu í fyrri kvöld. Leikurinn var ekki síður athyglisverður fyrir þær sakir að þar áttust við liðin sem deildu hart fyrir tímabilið út af félagsskiptum Sigfúsar Páls Sigfússonar sem fór frá Fram til Vals.

Það var hins vegar ánægjulegt fyrir alla að sjá það fyrir leik að menn væru í eitt skipti fyrir öll tilbúnir að grafa stríðsöxina í Sigfúsar-málinu, þegar formaður handknattleiksdeildar Fram færði Sigfúsi blómvönd fyrir leik.

„Það var virkilega gaman að fá svona góðar viðtökur með blómvendi frá Fram og ég held að þetta mál sé núna að baki og menn séu tilbúnir að horfa bara fram á veginn,“ sagði Sigfús en kvaðst hins vegar ekki hafa fundið sig nógu vel í leiknum.

„Það var frekar skritið að spila á móti mínum gömlu félögum og kannski hafa þeir kunnað svona vel á mig, því mér gekk ekki beint frábærlega í leiknum,“ sagði Sigfús en telur sig þó vera að komast betur og betur inn í málin hjá Val.



„Ég er búinn að fá alveg frábæran stuðning frá öllum sem tengjast handknattleiksdeild Vals og ég finn það að allir standa alveg 100 prósent við bakið á mér og það er frábært.“

Það hjálpar mér vissulega að aðlagast og mér er búið að ganga betur og betur á æfingum og í leikjum undanfarið og það er ákveðinn stígandi í þessu hjá mér. Það tekur náttúrulega tíma að læra inn á nýju liðsfélagana mína í Val, en við erum klárlega á réttri leið með þetta allt saman.“

Valur hefur nú unnið þrjú leiki í röð í N1-deildinni og er að mjaka sér upp töfluna þegar mótið er hálfnað.

„Það er enn nóg eftir af mótinu og deildin er svo jöfn að það eru allir að vinna alla og auk þess tel ég okkur enn eiga mikið inni. Við erum með mjög ungt lið hjá Val og erum alltaf að verða betri og framtíðin er björt. Þetta lið er klárlega meistaraefni næstu ára,“ sagði Sigfús.

Gefur enn ekki kost á sér

Heiðar Helguson segir að brotthvarf Eyjólfsverrissonar úr starfi landsliðsþjálfara hafi engin áhrif á hans ákvörðun um að gefa ekki kost á sér í landsliðið. Eyjólfur hafi ekki verið ástæðan. Heiðar er meiddur og hefur lítið spilað í vetur.

FÓTBOLTI Heiðar Helguson hefur ekki í hyggju að gefa kost á sér á nýjan leik í landsliðið þó svo það sé búið að skipta um landsliðsþjálfara. Heiðar segir að ástæðan fyrir því að hann hætti að gefa kost á sér hafi ekki haft neitt með Eyjólf að gera og því sé staðan óbreytt hjá sér.


„Eyjólfur var ekki ástæðan fyrir því að ég hætti á sínum tíma. Ég gaf það út að ástæðan væri að skrokkurinn á mér þylði illa svona mikið álag. Annars á maður aldrei að segja aldrei en eins og staðan er í dag hef ég ekki í hyggju að gefa kost á mér á nýjan leik,“ sagði Heiðar við Fréttablaðið í gær en hann er meiddur sem stendur og hefði þar af leiðandi aldrei getað gefið kost á sér í Danaleikinn.

Heiðar tók aðeins þátt í þremur leikjum í upphafi tímabilsins og skoraði í þeim eitt mark. Hann meiddist svo illa á ökkla og varð að fara í aðgerð í byrjun september sem hann er enn að jafna sig eftir.

„Ökklinn hefur verið aðeins lengur að jafna sig en ég var að vonast til. Aðgerðin tókst samt vel og það er allt í lagi með ökklan sem slíkan. Ég þarf bara að fara örlítið hægar í sakirnar en talið var í fyrstu.“

Ef allt gengur að óskum get ég farið að spila eftir svona þrjár vikur,“ sagði Heiðar sem hefur ekkert spjallað við nýja stjórnann, Gary Megson, og veit því ekki hvort hann sé inni í hugmyndum stjórnsins sem tók við af Sammy Lee á dögnum en Sammy hafði mikla trú á Heiðari og fór um hann fögrum orðum á sínum tíma.

„Annars get ég ekki neitað því að ég er að verða ansi óþreyjufull-



EEKKI SKIPT UM SKOÐUN Heiðar Helguson ætlar ekki að gefa kost á sér í landsliðið á nýjan leik þó svo það sé búið að skipta um mann í brúnni. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

ur í að komast aftur almennilega af stað. Það var mjög svekkjandi að lenda í svona meiðslum í upphafi tímabils.

Það er samt alltaf betra að vita hvað sé að manni og hvenær maður komist aftur af stað heldur en að hafa ekki hugmynd um hvað

sé að sér. Nú styttest í að ég verði klár og þá tekur við að sanna sig fyrir nýjum stjórn,“ sagði Heiðar sem skrifaði undir þriggja ára samning við Bolton síðasta sumar eftir að hafa verið keyptur frá Fulham.

henry@frettabladid.is



PÉTUR PÉTURSSON Hefur verið að vinna með yngri flokkum undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leitin að aðstoðarmanni Ólafs tekur brátt enda:

Pétur við hlið Ólafs?

FÓTBOLTI Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari sagði við Fréttablaðið í gær að líklega yrði gengið frá ráðningu á aðstoðarlandsliðsþjálfara í dag.

Líklegast er talið að Pétur Pétursson verði ráðinn í starfið. Ólafur staðfesti að hann kæmi sterklega til greina en þeir hittust á þriðjudag til að ræða málið.

Hingað til hefur verið talið líklegt að Leifur Garðarsson, þjálf-

ari Fylkis og fyrrverandi aðstoðarmaður Ólafs, verði með félag sínum á ný en Ólafur sagði í gær að ekki gengi upp að ráða þjálfara sem væri að þjálfari í Landsbankadeildinni.

Pétur er þjálfari 2. flokks hjá Breiðablik og hefur verið undanfarin tvö ár. Hann hefur meðal annars þjálfað KR sem hann gerði að Íslandsmeisturum á sínu fyrsta ári með liðið sumarið 2000.

- hbg

KR - NJARÐVÍK
HEIMAVÖLLURINN ER HEILAGUR

Fimmtudaginn 1. nóvember kl. 19:15, DHL-Höllin

KAJUFAN, Nike, DHL, Landspítali, POG

Sænski boltasérfræðingurinn Stefan Thylín:

Ragnar og Henke bestu leikmenn deildarinnar

FÓTBOLTI Ragnar Sigurðsson er lofður við hvert tækifæri í sænsku pressunni og nú síðast valdi spekingur heimasíðu sænska knattspyrnusambandsins Ragnar besta leikmann tímabilsins ásamt Henke Larsson hjá Helsingborg.

Stefan Thylín hefur skrifað um knattspyrnu í fjölda ára í Svíþjóð og unnið hjá virtustu blöðum landsins. Hann segir Ragnar hafa verið frábæra uppgötvun og þar sé leikmaður á ferðinni sem sé í alþjóðlegum klassa.

Ragnar spilaði alla 26 leiki tímabilsins með meistaraliði IFK Göteborg og hefur verið hrósað fyrir að gera aðra leikmenn í liðinu betri. Larsson sneri aftur til Svíþjóðar eftir að hafa spilað með nokkrum af bestu liðum Evrópu og var með 9 mörk og 13 stóðsendingar í 22 leikjum.

- hbg



BESTUR Ragnar Sigurðsson átti einstakt tímabil með IFK. FRÉTTABLAÐIÐ/TOMMY HOLL

HM í knattspyrnu:

England vill HM árið 2018

FÓTBOLTI Enska knattspyrnusambandið hefur ákveðið að sækja um HM árið 2018 en ákvörðunin er tekin í kjölfar þess að FIFA ákvað að breyta núverandi úthlutunarfyrikomulagi.

England reyndi síðast að fá HM árið 2006 en þá hlaut Þýskaland hrossið.

England mun væntanlega keppa við Ástralíu, Kína, Rússland, Bandaríkin, Holland, Mexíkó og Belgíu sem öll eru talin hafa áhuga á að halda keppnina eftir ellefu ár.

Allar umsóknir þurfa að berast FIFA fyrir lok árs 2009 og FIFA mun tilkynna hvaða þjóð fær að halda keppnina í október árið 2011.

Næsta HM fer fram í Suður-Afríku 2010 og árið 2014 er komið að Brasilíu eins og greint var frá fyrir nokkrum dögum.

- hbg

Kíktu inn á www.pitstop.is og skoðaðu úrvalið



pitstop



Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta

TILBOÐ

FÓLKSBÍLA- OG JEPPADEKK

Afsláttur

15% afsláttur af öllum Michelin dekkjum undir fólksbíla og jeppa og 20% afsláttur af allri vinnu við að gera þau tilbúin og koma þeim undir bílinn, þar með talið umfelgun og míkróskurður og negling ef um slíkt er að ræða.



MICHELIN



MICHELIN

BFGoodrich

Kleber

Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi



HELIX

Við notum Shell Helix smurólur



pitstop

Dugguvogi 10
Sími: 568 2020



pitstop

Skeifunni 5
Sími: 568 2025



pitstop

Hjallahrauni 4 Hfj.
Sími: 565 2121



pitstop

Rauðhelli 11 Hfj.
Sími: 568 2035

Opnar
12. nóvember!

Líttu inn á www.pitstop.is ~ Tilboð ~ Upplýsingar ~ Dekk ~ Felgur ~ Fróðleikur ~ Og fleira

Darrell Flake skilar mestu en Isom skorar mest

Fimmta umferð Iceland Express deildar karla hefst í kvöld og Fréttablaðið skoðar í dag hvaða leikmenn eru efstir í tölfræðinni í fyrstu fjórum umferðunum.

KÖRFUBOLTI Bandaríkjaáðurinn Darrell Flake sem spilar með Skallagrími hefur skilað mestu til síns liðs í fyrstu fjórum umferðum Iceland Express deildar karla og er enn fremur sá leikmaður sem hefur tekið flest fráköst að meðaltali í leik. Þórsarinn Cedric Isom hefur skorað mest allra leikmanna en þeir Justin Shouse hjá Snæfelli og Samir Shaptahovic hjá Tindastóli hafa gefið flestar stoðsendingar að meðaltali í fyrstu fjórum leikjunum.

Þórsarinn Cedric Isom er stiga-hæsti leikmaður Iceland Express deildar karla eftir fyrstu fjórar umferðirnar. Isom hefur skorað 25,3 stig að meðaltali í leik eða 1,8 stigum meira að meðaltali en Darrell Flake í Skallagrími sem kemur næstur.

Isom hefur skorað meira með hverjum leik, skoraði 21 stig í fyrsta leiknum á móti ÍR, þá 22 stig á móti Njarðvík, 28 stig á móti Keflavík og loks 30 stig í síðasta leik á móti KR.

Skallagrímsmaðurinn Darrell Flake hefur tekið einu frákasti meira en George Byrd hjá Hamri en Flake er með 12 fráköst að meðaltali í leik. Þórsarinn Óðinn Ásgeirsson er efstur íslensku leikmannanna með 10 fráköst að meðaltali en hann hefur tekið einu frákasti fleira en Ómar Sævarsson hjá ÍR.

Leikstjórnendurnir Justin Shouse hjá Snæfelli og Samir Shaptahovic hjá Tindastóli eru efstir og jafnir í stoðsendingum en báðir hafa þeir átt 7,5 stoðsendingar að meðaltali í leik. Keflavíkingurinn Magnús Þór Gunnarsson er efstur íslensku leikmannanna en hann hefur gefið 6,5 stoðsendingar að meðaltali í leik.

Frábær frammistaða Darrells Flake hefur skilað 31,5 framlagsstigum til liðsins en liðið hefur aftur á móti aðeins unnið einn af fyrstu fjórum leikjum



LANGEFSTUR Darrell Flake hefur spilað mjög vel með Skallagrími í vetur.

með fimm leikjum og sjötti leikurinn er síðan milli Hamars og Snæfells í Hveragerði á morgun. Í kvöld mætast KR-Njarðvík í DHL-Höllinni, Stjarnan og Þór Akureyri spila í Garðabæ, Tindastóll og Grindavík mætast á Sauðárkróki, Skallagrímur tekur á móti Fjölni í Borgarnesi og topplið Keflavíkur fær ÍR í heimsókn.

ooj@frettabladid.is

HÆSTA FRAMLAG Í LEIK

1. Darrell Flake, Skallagrími	31,5
2. Donald Brown, Tindastóli	25,5
2. Cedric Isom, Þór Ak.	25,5
4. Brenton Birmingham, Njarðvík	24,5
5. Bobby Walker, Keflavík	24,3
6. Milojica Zekovic, Skallagrími	21,8
7. Sigurður Þorvaldsson, Snæfelli	21,5
8. Páll Axel Vilbergsson, Grindav.	20,5
9. Hlynur E. Bæringsson, Snæfelli	20,3
10. George Byrd, Hamri	20,0
10. Samir Shaptahovic, Tindastóli	20,0

FLEST STIG Í LEIK

1. Cedric Isom, Þór Ak.	25,3
2. Darrell Flake, Skallagrími	23,5
3. Bobby Walker, Keflavík	23,0
4. Drago Pavlovic, Fjölni	22,8
5. Andrew Fogel, KR	21,3
6. Milojica Zekovic, Skallagrími	21,3
6. Donald Brown, Tindastóli	21,3
6. Páll Axel Vilbergsson, Grindav.	21,3
9. Sigurður Þorvaldsson, Snæfelli	20,8
10. Jonathan Griffin, Grindavík	20,3

FLEST FRÁKÖST Í LEIK

1. Darrell Flake, Skallagrími	12,0
2. George Byrd, Hamri	11,8
3. Óðinn Ásgeirsson, Þór Ak.	10,0
4. Ómar Ó. Sævarsson, ÍR	9,8
5. Hlynur E. Bæringsson, Snæfelli	9,5

FLESTAR STOÐSENDINGAR

1. Samir Shaptahovic, Tindastóli	7,5
1. Justin Shouse, Snæfelli	7,5
3. Magnús Þór Gunnarss., Keflavík	6,5
4. Andrew Fogel, KR	5,7
5. Cedric Isom, Þór Ak.	5,5

sínur og tapað bæði með 2 stigum og í framlenginu. Flake hefur skorað 23,5 stig og tekið 12 fráköst að meðaltali auk þess að nýta 57 prósent skota sinna og 70 prósent vítanna. Hann hefur nokkuð forskot á þá Donald Brown hjá Tindastóli og Cedric Isom hjá Þór Ak. sem hafa skilað 25,5 framlagsstigum til sinna liða.

Í fjórða sæti er síðan efsti Íslendingurinn á listanum, Brenton Birmingham hjá Njarðvík. Snæfellingarnir Sigurður Þorvaldsson og Hlynur Bæringsson og Grindvíkingurinn Páll Axel Vilbergsson komast einnig í hóp tíu efstu leikmanna í framlagi til sinna liða.

Fimmta umferðin hefst í kvöld

Cesc Fabregas, ein skærasta stjarnan í fótboltnum í dag, er farinn aftur í skóla:

Tekur skólabækurnar með sér í keppnisferðirnar

FÓTBOLTI Cesc Fabregas hefur byrjað stórkostlega á þessu tímabili; er þegar búinn að skora níu mörk á tímabilinu og stjórnar umferðinni á miðju Arsenal, sem er örugglega skemmtilegasta fótballtaliðið í ensku úrvalsdeildinni í dag.

Lundúnaliðið, sem var spáð slöku gengi eftir brotthvarf Thierrys Henry, hefur blómstrað, ekki síst þökk sé framgöngu Spánverjans unga sem er orðinn einn umtalaðasti knattspyrnumaður heims. Í stað þess að baða sig í sviðsljósinu og dýrðarljómanum hefur Fabregas um annað en fótbolta að hugsa í frítíma sínum því hann er farinn aftur í skóla. Enska blaðið Daily Mail komst á snoðir um skólagöngu kappans.

„Mér gekk vel í skóla þegar ég var í Barcelona en varð að hætta námi þegar ég kom hingað,“ sagði Fabregas, sem kom til Arsenal þegar hann var sextán ára. Fabregas hóf fjarnám í haust og er læra fög eins og stærðfræði, vísindi, spænsku, katalónsku, ensku og frönsku.

Spánverjinn snjalli er að undirbúa sig til að komast inn í háskóla en til þess þarf hann að ná öllum prófunum sem eru í maí og klára síðan annað undirbúningsár.

Fabregas fer ekki hinar hefðbundnu leiðir í námi sínu og sem dæmi koma spænskir kennarar



TRÚÐI Á HANN Arsene Wenger hefur alla tíð haft mikið traust til Fabregas.

ferðirnar ef mér skyldi leiðast,“ segir Fabregas.

Aðalástæðan fyrir því að Fabregas er sestur á skólabekk er vilji foreldrar hans.

„Mamma og pabbi vildu að ég færi aftur í skóla og ég er bæði að gera þetta fyrir þau en eins er þetta mjög góður undirbúningur fyrir framtíðina,“ segir Fabregas, sem finnur ekki fyrir neinni pressu þótt hann sé mikið í sviðsljósinu þessa daganna.

„Mér líkar vel við þetta. Ég veit að ég get spilað hvern einasta leik og hverja einustu mínútu. Ég finn ekki fyrir pressu út frá því sem fólk segir um mig,“ segir Fabregas, sem er sáttur við lífið og tilveruna innan sem utan vallar.

Íslenskir knattspyrnumenn hafa einnig stundað nám með atvinnumennskunni og eru lögfræðingarnir Guðni Bergsson og Árni Gautur Arason bestu dæmin um það.

Það vakti líka athygli að Theódór Elmar Bjarnason hélt áfram í skóla eftir að hann fór út til skoska knattspyrnuliðsins Celtic og ljóst að ungir knattspyrnumenn geta ekki bara tekið Fabregas sér til fyrirmyndar innan vallar því utan vallar er hann að sýna það og sanna að nám með fótbolta er raunhæfur og áhuga-verður kostur fyrir atvinnumenn í boltnum.

Viltu vinna 500.000 kr?!



Hafðu hraðann á! BT gefur 500.000 kr!

9 hver vinnur aukavinning!

Sendu SMS BT 500 á númerið 1900 og þú gætir unnið 500.000 kr*!

Við sendum þér tvær spurningar sem þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900. Við sendum þér STRAX til baka hvort þú hafir unnið aukavinning eða ekki. Sá sem svarar hraðast 2 spurningum fær 500.000 kr*



Í auka vinning eru: Fartölvur, PSP tölvur, PS3 Tölvur, GSM símar, Medion Videoplayer, Bíomiðar á Ævintýraeyju Íbba eða Mr. Woodcock, DVD myndir, geisladiskar tölvuleikir og fullt af Pepsi!

*Sá sem vinnur 500.000kr fær einn dag til að kaupa sér vörur í verslunum BT að andvirði 500.000 kr. Leik lýkur 21 nóvember 2007 23:59. Vinningar verða afhendir hjá BT Skeifunni. Reykjavík. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið. Ef það tekur þig lengur en 5 mín. að svara spurningu þarftu að byrja leikinn aftur.



JOHN ARNE RIISE Lepur ekki beint dauðann úr skel. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

John Arne Riise:
Launaseðill Riise lak á netið

FÓTBOLTI Liverpool hefur sett af stað rannsókn í kjölfar þess að launaseðill Norðmannsins John Arne Riise lak á netið. Á launaseðlinum koma fram laun og bónus Norðmannsins ásamt heimilisfangi og öðrum persónulegum upplýsingum.

Á launaseðlinum kemur fram að Riise er með tæplega 140 þúsund pund í mánaðarlaun eða rúmar 17 milljónir íslenskra króna fyrir skatt. Útborguð laun eru aftur á móti rúmlega tíu milljónir króna.

Á launaseðlinum kemur líka fram að Riise fái tæplega hálfa milljón króna í bónus fyrir hvern leik sem hann spilar.

Liverpool lítur málið mjög alvarlegum augum enda lítur út fyrir að launaseðlinum hafi verið stolið. - hbg

Haukastúlkan Kiera Hardy:
Skoraði ellefu þrista gegn Val

KÖRFUBOLTI Bandaríski bakvörðurinn Kiera Hardy sett nýtt met í efstu deild kvenna með því að skora 11 þriggja stiga körfur í 92-72 sigri Hauka á Val.

Hardy nýtti 11 af 16 þriggja stiga skotum sínum í leiknum en hún skoraði sjö af þristum sínum strax í fyrsta leikhluta. Hardy endaði leikinn með 50 stig á þeim 30 mínútum sem hún spilaði en hún þurfti „aðeins“ 27 skot til að skora þessi stig sín.

Hardy var búin að skora 13 þriggja stiga körfur í þremur leikjum fyrir leikinn á þriðjudegskvöldið. - óbj


NASA

FÖSTUD. 2. NÓV 2007

JAGÚAR ÚTGÁFUTÓNLEKAR

ATH. TÓNLEIKARNIR HEFJAST Á MIÐNÆTTI
HÚSIÐ OPNAR KL. 23
MIÐAVERÐ KR. 1500
MIÐASALA Á MIDI.IS
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

RADAR



NÝDANSKIR DAGAR

LAUGARD. 3. NÓV 2007

NÝ-DÖNSK

20 ÁRA AFMÆLI

SÉRSTAKUR GESTUR DANÍEL ÁGÚST

HÚSIÐ OPNAR KL. 23
MIÐAVERÐ KR. 1500
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

NASA.IS

ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

FM957 kynnið

MTV EUROPEAN MUSIC AWARDS 2007

á **SIRKUS**
Fyrir áskrifendur Stöðvar 2
í beinni kl. 19:00

Brynjar Már og Heiðar Austmann fara yfir hátíðina!

Snoop Dogg verður kynnr á hátíðinni.

Þeir sem koma fram eru:
Avril Lavigne
Mika
My Chemical Romance
Foo Fighters
Will.I.Am
Nicole úr Pussycat Dolls

KEMA MUNICH 07

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild karla í handbolta:

Haukar-HK	26-23
Mörk Hauka (skot): Mörk Hauka: Freyr Brynjars-son 11 (14), Arnar Jón Agnarsson 5 (9), Sigurbergur Sveinsson 4 (6), Andri Stefan 3 (5), Gísli Jón Þórisson 2 (2), Þróstur Þráinsson 2 (4), Arnar Þétursson (1), Gunnar Berg Viktorsson (1)	
Varin skot: Magnús Sigmundsson 12 (29) 41,4%, Gísli Guðmundsson 4 (13) 30,8%	
Hraðaupplau: 8 (Freyr 5, Andri, Arnar Jón, Þróstur)	
Fiskuð víti: Engin	
Utan vallar: 6 mínútur	
Mörk HK: Tomas Eitúti 6 (10), Augustas Strazdas	
5 (7), Ragnar Hjartsted 5 (8), Sergej Petraytis 3 (4), Gunnar Steinn Jónsson 3 (8), Brynjar Hreggviðsson 1 (1), Árni Þórisson (1), Sigurgeir Árni Ægisson (1), Ragnar Njálsson (2), Arnar Þór Sæþórsson (2)	
Varin skot: Egidijus Petkevicius 8 (28) 28,6%, Guðlaugur Karlsson 1 (7) 14,3%	
Hraðaupplau: 6 (Ragnar 4, Augustas 2)	
Fiskuð víti: Engin	
Utan vallar: 6 mínútur	
ÍBV-Akureyri	26-35

N1-deild kvenna í handbolta

Valur-Haukar	26-25
Mörk Vals (skot): Eva Barna 7/2 (9/2), Dagný Skúladóttir 6 (7), Katrín Andrésdóttir 5 (8), Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 3 (6), Nora Valovic 2 (9), Hafrún Kristjánsdóttir 1 (1), Hildigunnur Einarsdóttir 1 (2), Íris Ásta Pétursdóttir 1 (2).	
Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 24 (49/3 49%)	
Hraðaupplau: 6 (Dagný 4, Guðrún, Nora).	
Fiskuð víti: 2 (Hildigunnur, Hafrún).	
Utan vallar: 2 mínútur.	
Mörk Hauka (skot): Nina Kristín Björnsdóttir 6 (17), Harpa Melsted 5 (11), Hind Hannesdóttir 5/2 (7/2), Inga Friða Tryggvadóttir 2 (2), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 2/1 (3/1), Ausra Geciene 1 (1), Sigrún Brynjarsdóttir 1 (1), Erna Þráinsdóttir 1 (5), Ramune Pekarskyte 1 (5), Sandra Stojkovic 1 (8).	
Varin skot: Laima Miliuskaite 10 (31/2 32%), Helga Torfadóttir 4 (9 44%).	
Hraðaupplau: 0	
Fiskuð víti: 3 (Erna Þráinsdóttir, Harpa, Inga).	
Utan vallar: 4 mínútur.	
Gróttu-Stjarnan	20-22
Mörk Gróttu: Mörk Gróttu: Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 6/1 (9/1) Eva Margrét Kristinsdóttir 4/3 (11/4), Arndís María Erlingsdóttir 3 (8), Kristín Þórðardóttir 2 (2), Ragna Karen Sigurðardóttir 2 (3) Tanja Zukovska 2 (6), Eva Björk Hlöversdóttir 1 (3/1)	
Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 13 (16/1 45%), Guðrún Ósk Mariasdóttir 7 (15 46%).	
Hraðaupplau: Kristín 2, Ragna Karen 1.	
Fiskuð víti: 2 (Eva Björk, Anna Úrsúla), 1 (Eva Margrét, Ragna Karen)	
Utan vallar: 2 mínútur	
Mörk Stjörnunar: Birgit Engilbertsdóttir 5 (7), Sólveig Kærnested 5 (9) Rakek Dögg Þragadóttir 5 (15), Alma Petrane 4/1 (13/1), Ásdís Sigurðardóttir 2 (5), Ásta Agnarardóttir 1 (4).	
Varin skot: Florentina Grecu 23/3 (43/5 53%)	
Hraðaupplau: Birgit 4, Sólveig 3.	
Fiskuð víti: Anna Gunnarsdóttir	
Utan vallar: 8 mínútur	

Kvinnadeild Iceland Express

Keflavík-Grindavík	103-71
Stig Keflavíkur: Keshá Watson 51 (8 frá, 6 stoðs.), Bryndís Guðmundsdóttir 19 (5 stoðs.), Margrét Kara Sturludóttir 8 (11 frá), Pálína Gunnlaugsdóttir 7, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 6 (7 stoðs.), Rannveig Randversdóttir 5, Halldóra Andrésdóttir 4, Marín Rós Karlsdóttir 3.	
Stig Grindavíkur: Tiffany Roberson 22 (16 frá), Joanna Skiba 17 (5 stoðs.), Ólöf Helga Pálsdóttir 10, Íris Sverrisdóttir 7, Petrunella Skúladóttir 5, Alma Rut Garðarsdóttir 4, Lilja Ósk Sigmarsdóttir 3, Berglind Anna Magnúsdóttir 3.	
Fjölín-KR	71-90

Enski deildarbikarinn:

Bolton-Man. City	0-1
Chelsea-Leicester	4-3
0-1 Gareth McAuley (6.), 1-1 Frank Lampard (20.)	
2-1 Frank Lampard (29.), 2-2 Dj Campbell (69.), 2-3 Carl Cort (74.), 3-3 Andriy Shevchenko (87.), 4-3 Andriy Shevchenko (90.).	
Liverpool-Cardiff	2-1
1-0 Nabil El Zhar (48.).	
Luton-Everton	0-1
Portsmouth-Blackburn	1-2
Sheff. Utd.-Arsenal	0-3
0-1 Eduardo Da Silva (8.), 0-2 Eduardo Da Silva (50.), 0-3 Denilson (69.).	
Tottenham-Blackpool	2-0

Spænska úrvalsdeildin:

Valencia-Real Madrid	1-5
----------------------	-----

Ítalska úrvalsdeildin:

Reggina-Livorno	1-3
Emil Hallfreðsson var í byrjunarliði Reggina, en var skipt út af 57. mínútu.	
Inter-Genoa	4-1
Juventus-Empoli	3-0
Roma-Lazio	3-2
Sampdoria-AC Milan	0-5

Valur vann Hauka 26-25 í N1-deild kvenna :

Berglind átti stórleik

HANDBOLTI Valur vann Hauka 26-25 í N1-deild kvenna í Vodafone höllinni í gærkvöld.

Mikið jafnræði var með liðnum í fyrri hálfleik, þar sem liðin skiptust á að taka forystu í leiknum. Staðan var 10-10 þegar tuttugu mínútur voru liðnar af leiknum og eftir það hélt staðan jöfn og var orðin 13-13 þegar flautað var til hálfleiks.

Í seinni hálfleik sigu Valsstúlkur fram úr og var það ekki síst fyrir góða markvörslu Berglindar Írisar Hansdóttur í marki Vals, en hún átti stórleik og varði alla 24 skot í leiknum. Haukastúlkur sýndu ágætis baráttu á lokakafli-

anum og skoruðu þrjú síðustu mörk leiksins náðu að minnka muninn í lokin í eitt mark, 26-25, en sigur Valsstúlkna var í raun aldrei í mikilli hættu.

Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari Vals, var sáttur með stigin en fannst ekki mikið koma til spilamennskunnar. „Gæðin í leiknum fannst mér ekki vera mikil. Sóknarlega vorum við að gera mikið af tæknifeilum, en vörnin var skárri og Berglind varði vel í markinu. Við leiddum leikinn meira og minna allan tímann en það vantaði hjá okkur að drepa leikinn almennilega og við sýndum ákveðna værukærð,“ sagði Ágúst.



BARÁTTA Hafrún Kristjánsdóttir reynir hér að keyra í gegnum vörn Hauka í leiknum í gærkvöld.

Harpa Melsted, fyrirlíði Hauka, fannst ákveðið batamerki vera á Haukaliðinu. „Síðustu leikir hjá okkur hafa verið mjög hægir en

mér fannst okkur takast ágætlega upp gegn Val og það vantaði bara herslumuninn hjá okkur í leiknum,“ sagði Harpa.

Sofandaháttur felldi HK

Haukar fóru á toppinn eftir 26-23 sigur gegn HK í toppslag í N1-deild karla í handbolta í gærkvöldi. Leikur liðanna var mjög lélegur.

HANDBOLTI Haukar og HK buðu áhorfendum að Ásvöllum upp á skammarlega lélegan toppslag. Haukar náðu efsta sæti N1 deildarinnar með, 26-23, sigri og geta þakkað HK toppsætið fyrir að mæta áhugalaust til leiks.

Haukar hófu leikinn af miklum krafti og náðu fljótt fimm marka forystu, 11-6. Áhugaleysi einkennið leik HK og benti allt til þess að Haukar myndu kafsíglu andstæðinga sína þar til HK breytti vörninni úr 6-0 í 3-2-1.

Sóknarleikur Hauka var ráðleysilegur gegn framliggjandi vörn HK og náðu gestirnir að minnka muninn án þess að leika vel. Munurinn í hálfleik var aðeins tvö mörk, 16-14.

Þessi sprettur HK var til einskis því Haukar skoruðu fimm fyrstu mörk síðari hálfleiksins og breyttu stöðunni í 21-14. Líkt og í fyrri hálfleik hrundi leikur Hauka um miðbik hálfleiksins og HK náði hægt að rólega að komast aftur inn í leikinn. Þegar þrjár mínútur voru eftir munaði aðeins tveimur mörkum á liðunum, 24-22, en Haukar héldu haus síðustu mínúturnar og uppskáru sigur og efsta sætið.

Það var ekki að sjá á liðunum að efsta sæti deildarinnar væri í boði því leikurinn var vægast sagt lélegur. „Þetta var skelfilegur leikur,“ sagði Andri Stefan í leikstjórnandi Hauka í leikslok. „Bæði lið voru geispandi allan tímann. Þetta ömurlegur leikur. Við getum þakkað þeim fyrir að mæta eins og trúðar til leiks því ef þeir hefðu mætt með smá skap hefði þetta verið allt annar leikur.“

Haukar réðu illa við framliggjandi vörn HK og sagði Andri að liði hafi skort þolinmæði til að vinna á henni. „Þeir koma mjög framlega og við verðum æstir. Menn fara að reyna eitthvað sjálf-



FASTUR Sigurbergur Sveinsson, leikmaður Hauka, reynir hér að brjóta sér leið en varnarmaður HK heldur honum föstum.

ir. Það vantaði þolinmæði. Þegar boltinn gekk þrjár, fjórar sendingar var allt galopið,“ sagði hrein-skilinn Andri í leikslok.

Ragnar Hjartsted hægri hornamaður HK var vægast sagt ósáttur í leikslok. „Fyrsta korterið í bæði fyrri og seinni hálfleik erum við ekki með og höldum að við getum gert þetta með hangandi haus. Við erum ekki tilbúnir og það er greinilega eitthvað að. Það er eitthvað sem við erum að gera vitlaust í undirbúningnum sem við verðum að laga ætlum við að hanga í efstu liðunum. Leikirnir okkar hafa verið frekar daprir fyrir utan leikinn á móti Fram sem

var góður. Ég sem aðrir verðum að taka á þessu. Menn eru ekki að hugsa um verkefnið og mæta til leiks haldandi að þetta komi að sjálfu sér. Undirbúningurinn þarf að byrja daginn fyrir leik.“

Þrátt fyrir að HK gæfi Haukum góða forgjöf í fyrri og seinni hálfleik komst liðið inn í leikinn og hefði með smá heppni og aga getað strítt Haukum enn frekar. „Við erum ekki lakari en Haukar þó við höfum verið lakari í dag. Það er dagsformið sem ræður úrslitum þegar þessi fimm efstu lið deildarinnar eigast við. Það er ekki flóknara en það.“

-gmi

-tom

Keflavíkurkonur rúlluðu yfir nágretta sína í Grindavík í Iceland Express-deild kvenna í gærkvöldi:

Keshá með 51 stig í yfirburðasigri

KÖRFUBOLTI Kvöldið eftir að Kiera Hardy skoraði 50 stig fyrir Haukana þá gerði Keshá Watson hjá Keflavík einu stigi betur og skoraði 51 stig í yfirburðasigri Keflavíkur á Grindavík, 103-71, í leik liðanna í Iceland Express deild kvenna í Keflavík í gær.

Bæði lið voru ósigruð fyrir leikinn en eftir hann hafa bara Keflavík og Haukar unnið alla leiki sína. Liðin mætast einmitt á sunnudaginn og þar mætast fimmtíustigakonurnar Hardy og Watson auglitis til auglitis. Þó hún vildi ekki viðurkenna það eftir leikinn þá fór það ekki fram hjá neinum að Watson ætlaði sér að komast í fimmtíu stig, slík var áráðnin og einbeiting hennar allan leikinn. Hún hitti úr 19 af 26 skotum þar af 8 af 11 þriggja stiga skotum sínum.

„Mitt markmið var ekki að skora fimmtíu stig heldur að ná að vinna

leikinn. Ég horfi ekki á tölurnar mínar heldur einblíni á það að spila eins vel og ég get og leggja mig hundrað prósent fram,“ sagði Keshá Watson eftir leikinn en hún er ánægð með byrjun Keflavíkurliðsins.

„Við erum mjög ánægðar með byrjunina en við vitum manna best að við getum enn betur. Okkar markmið er að vinna alla fimm titlana í boði og við eigum enn eftir að vinna þrjá,“ sagði Watson sem segist vera í betra formi en í fyrra.

„Ég er með meira sjálfstraust en í fyrra. Ég er laus við meiðslin og fé góða hjálp frá liðsfélögnum sem eru duglegar að hvetja mig áfram,“ sagði Watson sem auk þess að vera með 51stig var með 8 fráköst og 6 stoðsendingar. Bryndís Guðmundsdóttir og Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir voru



einnig mjög góðar í jöfnu liði Keflavíkur en hjá Grindavíkurlíði átti aldrei svar við góðum leik heimastúlkna í gær.

FRÁBÆR Keshá Watson átti stórleik fyrir Keflavík í gærkvöld og skoraði 51 stig og hitti úr 19 af 26 skotum sínum í leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Europrið

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

MIKIÐ
fyrir
LITIÐ

Coca Cola, 33 cl
45



LÁGVÖRUVERSLUNIN ÞÍN



32"

65.590

32" FLATSJÓNVARP

- LCD
- HD ready
- 16:9
- Svartími 6,5 ms
- Upplausn: WXGA 1366 x 768 pixlar
- Borðstandur og fjarstýring fylgir



99

SALERNISPAPPÍR

- 8 í pk
- Miljø-spar



OBH NORDICA

18.999

BJÓRDÆLA

- OBH Nordica
- 5 ltr



99

ÞVOTTAEFNI - MICRO

- 850 gr
- Micro Plus/Color
- 17 þvottar



5990

BORÐSTOFUSTÓLL - LEDUR



400
gr

199

PIPARKÖKUR

- 400 gr



4
ltr

199

RÚÐUVÖKVI - 4 LTR



199

SPRITTKERTI - 100 Í PK

Opið frá kl. 9 til 20 um virka daga
og frá kl. 10 til 18 um helgar

www.europrið.is

Fiskislóð / Lynghálsi / Skútuvoði / Dalvegi, Kópavogi / Austurvegi, Selfossi

> Ben Stiller

„Í Hollywood er til gömul vísa: Það er ekki lengd myndanna sem skiptir máli heldur hvernig þú notar þær,“ segir hinn hundrað og sjötíu sentimetra há Ben Stiller. Ben sést í myndinni Dodgeball sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld en myndin er „ekki nema“ um níutíu mínútur.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINI SIGURÐSSYNI RENNUR BLÓÐIÐ TIL SKYLDUNNAR

Fleiri dreifara og Poppunkt á dagskrá

Ég verð að jata að ég hef lúmskt gaman af þáttunum Útsvar. Reyndar er eins og sviðsmyndin sé hönnuð með það fyrir augum að láta fólk flissa eftir tuttugu ár yfir fagurfræði tíðarandans, en höldum því til haga að þessi sviðsmynd þykir líka forljót í dag. Reyndar er það umgjörðin sem skapar þessa dásamlega hallærislegu og sveitö stemningu (ég er sjálfur dreifari og má þess vegna segja svona) sem er umfram allt skemmtileg. Það er frábært að sjá mættar í sjónvarpsal gangandi alfræðiorðabækur úr sjónvarpslausum afdal á Fljótsdalshéraði; klassiska fjölfraeðinga sem þekja jurtir á latneskum heitum og ég veit ekki hvað. Verst er að spurningahöfundur á til að misbjóða gáfnafari keppenda með því að bera upp allt of léttar spurningar. Taka verður tillit til þess að hér eru á ferð djúpvitrari keppendur en þeir í



spurningakeppni framhaldsskólanna. Besti íslenski spurningabáttur fyrr og síðar, Poppunktur, hefur verið í alltof löngu hléi - orðið tímabært að öfugugginn setji upp í sig snúðið og botni doktorinn í þéttri poppglímu. Í hverri þáttaröð öttu kappi sextán bönd og sjálfsgat var farið að ganga á poppforða landsins, en nú er búið að láta renna í dágóða stund og var mikið mál að grafa upp nokkrar hljómsveitar sem ekki hafa keppt áður. Hvað um: Wulfgang, Sprengjuhöllina, Ælu, Benny's Crash Boom Gang, Reykjavík!, Ljótú Hálfvitana, Benna Hemm Hemm, Senubjófana, Cocktail Vomit, Anima, Seabear, Motion Boys, FM Belfast, Nix Noltes, Hjaltalín og var ekki Pursaflokkurinn að byrja aftur. Dr. Gunni og Felix, það er ekki eftir neinu að biða. Poppunktur aftur á dagskrá strax eftir áramót.

EKKI MISSA AF



▶ **19.00** MTV evrópsku tónlistarverðlaunin 2007 SÍRKUS



▶ **20.55** 07/08 bíó leikhús SJÓNVARPIÐ



▶ **20.55** Valladolid-Barcelona SÝN



▶ **21.00** House SKJÁREINN



▶ **21.10** Til Death STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Fjársjóðsleitinn (3:6) Leikin norsk þáttaröð. e.
18.00 Stundin okkar
18.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós

20.10 Bræður og systur (13:23) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðarikt líf þeirra og fjörug samskipti.

▶ **20.55 07/08 bíó leikhús** Í þættinum er púlsinn tekinn á kvikmynda- og leikhúslíf. Ritstjóri er Þorsteinn J. og aðrir umsjónarmenn Andrea Róberts, Ásgrímur Sverrisson og Elsa María Jakobsdóttir. Jón Egill Bergþórsson sér um dagskrárgerð. Framleiðandi er Pegasus.

21.25 Trúður (1:10) (Klovn) Dönsk gamanþáttaröð um uppstándarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarnin ár.

22.00 Tíufréttir
22.25 Soprano-fjölskyldan (15:21) Lokasýra myndaflokksins um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans.

23.25 Mótorsport
23.55 Aðþrengdar eiginkonur (64:70)
00.40 Kastljós
01.10 Dagskrárlök

BIÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Spin
08.00 Pokemon 4
10.00 Johnson Family Vacation
12.00 Dodgeball. A True Underdog Story
14.00 Pokemon 4
16.00 Johnson Family Vacation
18.00 Dodgeball. A True Underdog Story
20.00 Spin Ljúfsárt drama eftir James Redford, son Roberts Redfords.
22.00 Boys
00.00 The Manchurian Candidate
02.05 Children of the Corn 6
04.00 Boys



08.10 Beauty and the Geek (4:9)
08.55 Í finu formi
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love
10.15 Numbers (5:24)
11.00 Freddie (13:22)
11.25 Ástarfleyið (10:11)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Forboðin feður (95:114)
13.55 Forboðin feður (96:114)
14.45 Pirate Master (2:14)
15.30 Osbournes 3 (3:10)
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
19.25 The Simpsons (14:22)
19.50 Friends (8:17) (The One With The Late Thanksgiving)
20.15 Ítaliuævintýri Jóa Fel (2:8)

20.45 Two and a Half Men (11:24) Charlie lendir enn einu sinni í átökum við mömmu sína sem er allt annað en ánægð með nýju kærustuna hans.

▶ **21.10 Til Death** (11:22) Glæný gamanþáttaröð með Brad Garrett, úr Everybody Loves Raymond, og Joley Fisher í aðalhlutverkum. Stark-hjónin fara í brúðkaupsafmælisveislu þar sem þau hitta fyrir fyrirmyndarhjón sem sjá ekki sólna fyrir hvort öðru. Eddie kemur mjög illa út í samanburðinum enda er varla rómantísk taug til í honum. Aðalhlutverk. Joely Fisher, Brad Garrett, Eddie Kaye Thomas, Kat Foster. 2006.

21.35 Numbers (3:24) Einfalt þjófnadarmál vindur upp á sig þegar í ljós kemur að það tengist skelfilegu morði.

22.20 Life on Mars (8:8) Sam er ákveðnari en nokkru sinni í því að komast að því hvernig hann getur snúð aftur heim.

23.15 Tekinn 2 (7:14)
23.45 Næturvaktin (7:12)
00.15 Damages (4:13)
01.00 The Tudors (10:10)
01.45 Legion of the Dead
03.15 Breakin' All the Rules
04.45 Cold Case (9:23)
05.30 Fréttir og Ísland í dag
06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SÝN besta sætið

07.00 Sheffield Utd - Arsenal (e)
14.35 Sheffield Utd - Arsenal (e)
16.15 Spænski boltinn Upptaka af leik Valencia og Real Madrid
17.55 Það helsta í PGA mótardöðinni
18.25 Sumarmótin 2007 (N1 - mótið)
19.05 Iceland Expressdeildin 2008 Bein útsending frá stórleik milli Íslandsmeistarara KR og Njarðvíkur í Iceland Expressdeildinni í körfubolta. Liðin háðu harða rimmu í úrslitakeppninni í fyrra og má búast við að Njarðvík leggi allt í solumar til að ná fram hefndum.
▶ **20.55** Spænski boltinn Bein útsending frá leik Valladolid og Barcelona í spænsku La liga deildinni.
22.50 NFL Gameday Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum.
23.20 PGA Tour 2007 - Highlights (Running Horse Golf Championship)
00.15 World Series of Poker 2007
01.10 Iceland Expressdeildin 2008 Útsending frá leik í Iceland Expressdeildinni í körfubolta.

SÝN2

15.40 Bolton - Aston Villa
17.20 Chelsea - Man. City
19.00 Ensku mörkin 2007/2008
20.00 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
20.30 PL Classic Matches Hápunkturir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 PL Classic Matches
21.30 Goals of the season (Goals of the Season 2003/2004)
22.30 4 4 2
23.55 Coca Cola-mörkin 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
00.25 Liverpool - Arsenal Upptaka af leik Liverpool og Arsenal sem fram fór sunnudaginn 28. október.

SKJÁREINN

07.00 Innlit / útlit (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
16.25 Vörutorg
17.25 7th Heaven (e)
18.15 Dr. Phil
19.00 Dýravinir (e)
19.30 Game tívi (5:12) Að þessu sinni verður mælt með fjórum platform-leikjum á Nintendo DS, birt víðtal við framleiðanda Army of Two og leikimír Eye of Judgment og Lair verða gagnrýndir ásamt föstum liðum eins og tvífaranum og splúnkunnjum raunveruleik.
20.00 Rules of Engagement - NYTT Bráðfynndi gamanþáttaröð um skrautlegan vinnuhóp sem er með ólíkar skoðanir á ástinni og samböndum.
20.30 30 Rock (7:21) Jack gerir allt vitlaust þegar hann ákveður að senda Tracy í víðtal hjá Conan O'Brien í stað Jennu.
▶ **21.00** House (9:24) Bandarísk þáttaröð um lækinn skapstírða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Ung stúlka þarf á aðgerð að halda en foreldramír eru ekki sammála um hvað best sé að gera. House fer með málið fyrir dómstóla í von um að fá að framkvæma aðgerðina. Á sama tíma er House farinn að fá fráhrarfseinkenni og Tritter leggur samstarfsfólk hans í einelti.
22.00 C.S.I. Miami - NYTT Bandarísk sakamálaferla um Horatio Caine og félagi hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Horatio og Delko eru staðráðnir í að hefna fyrir morðið á Marisol og elta morðingjann til Ríó í Brasilíu. Þar kemst Horatio að því að fleiri fjölskyldumeðlimir hans eru í bráðri hættu.
23.00 Fyrstu skrefin
23.25 Silvía Nótt
23.50 America's Next Top Model (e)
00.50 Backpackers (e)
01.20 C.S.I.
02.05 Vörutorg
03.05 Östövandí tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

Alvöru dísil jeppar fyrir íslenskar aðstæður...



Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: Turbo dísil Intercooler
• 3 f öld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 girá ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 girum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• 31" TOYO dekk • Leðurvelistýri og leðurgrinstöng
• Fjarstýrð þróaðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Pokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Pakbogar • 6 hátalarar

...upplifðu ósvikinn kraft og feðurð



Tangarhófa 8-12 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.



Bílasala Ós Akureyri, sími 462 1430

Bílahornið hjá Sissa Keflavík, sími 420 3300

Bílasala Vesturlands Borgarnesi, sími 437 2100

Bílasala Austurlands Egilsstöðum, sími 471 3005

Eyðsla í blönduðum akstri

aðeins 8,7 ltr. á 100 km.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.15
Ítalíuævintýri Jóa Fel

Í Ítalíuævintýri Jóa Fel í kvöld fer Jói til Capalbio í Toskana þar sem hann hjálpar til við að tína vínþrúgur á vénekru. Að þessu sinni var verið að tína frægustu þrúgu Toskana, sangiovese, og hvítvinsþrúguna Vermentino. Jói fylgdist með þegar berin voru flutt með traktorum í pressun og fékk að smakka á hvítvíni og rauðvíni. Jói fór einnig til Imperia þar sem hann hittir „pesto-systurnar þrjár“.



▶ **VIÐ MÆLUM MED**
KR-Njarðvík
Sýn kl. 19.05

Sannkallaður toppslagur í Iceland Express deildinni í körfubolta. Þessi tvö lið háðu á síðasta tímabili eina eftirminnilegustu titilbaráttu seinni ára, sem endaði með því að KR-ingar urðu meistara. Nú fá Njarðvíkur-drengir hins vegar tækifæri til að koma fram hefndum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregni	15.30 Dr. RÚV
06.50 Bæn	16.00 Síðdegisfréttir
07.05 Morgunvaktin	16.10 Veðurfregni
08.00 Morgunfréttir	16.13 Hlaupanótan
09.05 Okkar á milli	17.03 Viðsjá
09.45 Morgunleikfimi	18.00 Kvöldfréttir
10.03 Veðurfregni	18.24 Auglýsingar
10.13 Litla flugan	18.25 Spegillinn
11.03 Samfélagið í nærmynd	18.50 Dánarfregni og auglýsingar
12.03 Hádegisútlit	19.00 Seiður og hélog
12.20 Hádegisfréttir	19.27 Sinfóníutónleikar
12.45 Veðurfregni	22.10 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni og auglýsingar	22.15 Í sviðsvængnum: Ásdís Thoroddsen
13.00 Vitt og breitt	23.10 Krossgötur
14.03 Á tónsviðinu	00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns
15.03 Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

4 SIRKUS

17.20 Skífulistinn X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.

18.10 Hollyoaks

18.35 Hollyoaks

▶ 19.00 MTV Europe Music Awards 2007 Bein útsending

22.30 Grey's Anatomy (1:22) Komið er að fjórðu seríu Grey's Anatomy. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema aumingja George, sem féll á lokaprófinu og verður nú að slást í hóp með nýju læknanemunum - sem eru laglega blautir á bak við eyrun. Þeirra á meðal er systir Meredith, sem hún vissi ekki að hún ætti, og þar byrjar dramatíkin aftur. 2007.

23.15 Big Love (10:12) Vaxandi óánægja Barb með stóðu hjónabandsins er öllum augljós og það er spurning hvort hún kærir sig nokkuð um að halda hjónabandinu gangandi. 2006. Bönnuð börnum.

00.00 Ghost Whisperer (14:22) Melinda list ekki á blíkuna þegar beinagrind byrjar að ásækja hana. Hún er ekki viss hvernig hún getur hjálpað þessum undarlega draug. 2006.

00.45 Windfall (7:13) (e)

01.30 Hollyoaks

01.55 Hollyoaks

02.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Hrafnafing Ingvi Hrafn Jónsson skoðar málefni landans frá Florida og ræðir við gesti í myndveru INN.

20.30 Reynslunni ríkari Ásdís Olsen ræðir við Davíð Stefánsson ljóðskáld.

21.30 Dótið okkar Nýjasta heimilissvømmenið, safapressa og blandari sett undir smásjána.

DR 1

12.25 Blandt dyr og mennesker i Norden 12.50 Hvad er det værd 13.20 Lær - på livet løs 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Liga 15.00 Boogie Update 15.30 Forkædet som stinkdyr 15.35 Frikvarter 16.00 Brødrene Løvehjerte 16.30 Solens børn i Fandango 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Rabatten 19.00 VQ - Videnskabsquiz 19.30 Min store drøm - Datteren 20.00 TV Avisen 20.25 Task Force 20.50 SportNyt 21.00 En særlig sag 22.35 OBS 22.40 Liga 23.25 Boogie Update 23.55 Ane Trolle - ugens uundgælige

NRK1

11.00 NRK nyheter 11.15 Migrapolis 11.45 Spektet 12.15 Tidens kjendis kjeltringer 12.35 Rettsikkerhet 12.45 'Allo, 'Allo! 13.10 Vinbaronen 13.50 Tom og Jerry 14.00 Fabrikken 14.25 Guttegame jenter 14.50 Grusomme grøss 15.00 Erstatte 15.25 Kid Paddle 15.35 Ninjaskolen 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Jan i naturen 16.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Pipalina 17.05 Uhu 17.35 Magga og Lille-Bobs 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Schrödingers katt 18.55 Tilbake til 90-tallet 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Forbrytelsen 21.30 Hjemme hos Bye & Rønning 22.00 Kveldsnytt 22.15 Urx 22.45 Gloria 0.40 Norsk på norsk jukeboks 2.00 Sport Jukeboks

SVT 1

14.30 Mitt i naturen 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Karamelli 16.30 Pi 16.45 Sagoträdet 17.00 BoliBompa 17.25 Pingvi 17.30 Expedition vildmark 18.00 Bobster 18.15 Bobster 18.30 Rapport 19.00 Niklas mat 19.30 Packat & klart 20.00 Ömen 21.00 Argument 22.00 Rapport 22.10 Kultmyherterna 22.20 Uppdrag Granskning 23.20 Skuld! 23.50 Out of Practice

LAGERSALA Í BOHEMIA

1.-4. nóvember

Nú mokum við út vörum á heildsöluverði - Takmarkað magn í boði
Haier ein mest seldu raftæki í heiminum í dag, nú á sérstöku kynningarverði
2 ára ábyrgð - Full þjónusta

Tvöfaldur ísskápur silfurlitaður - kámfrír:

Verð áður 179.000,- Verð nú 149.000,-

Þú sparar 30.000,-

Orkuflokkur A - 341 lítra kæli - 180 lítra frystir - stærð: 175,5x89x70,5 cm

Uppþvottavél - 12 manna:

hvít - Verð áður 55.900,- Verð nú 35.900,-

Þú sparar 20.000,-

stál - Verð áður 64.800,- Verð nú 44.800,-

Þú sparar 20.000,-

Orkuflokkur A - Þurrkæfni A - Þvottahæfni A - Þyngd 49 kg

Þvottavél - 1200 snúninga:

hvít - Verð áður 54.900,- Verð nú 34.900,-

Þú sparar 20.000,-

silfurlit - Verð áður 58.900,- Verð nú 38.900,-

Þú sparar 20.000,-

Orkuflokkur A - Vinduhæfni A - Þvottahæfni B - Tekur 6 kg

Vínkælir:

stór - Verð áður 149.000,- Verð nú 119.000,-

Þú sparar 30.000,-

Tekur 178 flöskur - ljós til varnar UV geislum - skiptir út lofti gegnum síu

lítil - Verð áður 99.000,- Verð nú 69.000,-

Þú sparar 30.000,-

Tekur 35 flöskur - ljós til varnar UV geislum - skiptir út lofti gegnum síu

Rafmagnsnuddpottur frá Deluxe Spas:

Perluhvít skel - Verð áður 899.000 - Verð nú 499.000,-

Þú sparar 400.000,-

Safirblá skel - Verð áður 759.000,- Verð nú 459.000,-

Þú sparar 300.000,-

6 manna - 65 stútar - 4 dælur - viðhaldsfrí klæðning - original lucite skel - útvarp og cd - lok og trappa innifalið

Garðhúsgögn - 20-30% afsláttur

Stakir sófar og stólar á kostnaðarverði - Sýningareintök og útlitsgallað á sérkjörum



Sérstakur afgreiðslutími þessa daga:

fimmtudag og föstudag 10-18 / laugardag og sunnudag 10-16
Bohemia - Akralind 4 - s: 544-2290 - www.bohemia.is - bohemia@bohemia.is

MORGUNMATURINN



„Ég fæ mér oft prótín-shake því hollari morgunverður er ekki til. Rista kannski tvær brauðsneiðar með ef tími gefst. Ef ég er á leið á morgunæfingu fæ ég mér Weetabix sem er stútfullt af orku.“

Einar Hólmgeirsson handknattleiksmaður

Samkynhneigðir ósáttir við borgaryfirvöld

„Samkynhneigðir eiga kannski ekkert að þvælast úti eftir klukkan þrjú á næturnar,“ segir Ragnar Ólafur Magnússon, annar eigenda skemmtistaðarins Q-bars í Ingólfsstræti. Stytta á opnunartíma veitingahússins vegna kvartana um hávaða, en í ágúst stóð nágrenni fyrir undirskriftasöfnun meðal íbúa í Þingholtunum vegna ónæðis frá staðnum. „Q-bar er eini yfirlýsti skemmtistaður samkynhneigðra á Íslandi. Menn hafa reynt að bola okkur burt síðan staðnum var breytt á þann veg fyrir á árinu,“ segir Ragnar.

Samkvæmt hávaðamælingu umhverfissviðs Reykjavíkur koma lætin þó utan af götunni en ekki sjálfum skemmtistaðnum, að því er

Ragnar segir. „Þriðji er hér til hliðar og Sólon hinum megin við götuna, og báðir staðir loka seinna en við. Á þessum gatnamótum er mikil umferð bæjargesta um helgar en gert er ráð fyrir að hávaðinn úti komi eingöngu frá okkar fólki,“ segir Ragnar og sér enga ástæðu fyrir þessu einelti aðra en fordóma gagnvart samkynhneigðum fastagæstum staðarins. „Hér skemmta sér um 2-3.000 manns um hverja helgi. Ekki eingöngu samkynhneigðir en þeir vita að hér verða þeir ekki fyrir aðkasti,“ segir Ragnar.

Tillaga um styttingu opnunartímans liggur nú fyrir borgarráði og rennur andmælaréttur eigenda skemmtistaðarins út í dag. Ragnar og félagar á Q-bar telja að ákvörðun um styttingu liggja þegar fyrir og ætla þeir að mótmæla hugmyndum borgaryfirvalda um styttingu opnunartímna skemmtistaða með undirskriftasöfnun á netinu. Slóðin er Petitiononline.com/askorun.

„Ákveðin borgarfulltrúar voru afar jákvæðir í okkar garð á dögnum og töldu veitingahúsin eiga þátt í líflegu menningarlífi miðbæjarinnar. Eftir að þeir komust í meirihluta höfum við hins vegar ekkert frá þeim heyrt. Við munum berjast gegn þessu óréttlæti,“ segir Ragnar og hefur einnig hin veitingahús bæjarinnar í huga. „Setja á fordæmi með Q-bar, ef auðvelt reynist að traðka á okkur verður fljótlegra ráðist gegn öðrum stöðum.“



SAMKYNHNEIGÐIR VILJA EKKI SNEMMA HEIM Stytta á opnunartíma veitingahússins Q-bars sem er yfirlýstur skemmtistaður samkynhneigðra. Ragnar Ólafur Magnússon er ósáttur við þá ráðagerð. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. aftur **6.** óreiða **8.** þjófnaður **9.** maðk **11.** guð **12.** bolur **14.** forlög **16.** bor **17.** fiskur **18.** niður **20.** í rött **21.** nabbi.

LÓÐRÉTT 1. smæl **3.** bogi **4.** tímaskeið **5.** dvelja **7.** mótbárur **10.** sægur **13.** hamfletta **15.** flaska **16.** flýti **19.** teir eins.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. brosi, 3. yr, 4. járnöld, 5. unni, 7. úrtilur, 10. mor, 13. flá, 15. all, 18. súð, 20. de, 21. arða.

LÁRÉTT: 2. nýju, 6. rá, 8. rán, 9. orm, 11. ra, 12. stofn, 14. örðög, 16. al, 17.

VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

- BAE
- Seltjarnarnes
- Danice

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Reykjavíkurgætur 64, Hafnarfjörður.

**Bæði!!
Ó - æði!!**

Sími: 565-5566 **sturta.is**

DAVID BYRNE: MUGISON, ÁSGERÐUR OG BENNI HEMM HEMM Á HEIMASÍÐU

Hrifinn af íslenskri tónlist

Íslensk tónlist virðist hafa fallið vel í kramið hjá David Byrne, fyrrverandi forsprakka nýbylgjusveitarinnar Talking Heads, þegar hann kom hingað til lands í sumar.


Byrne birtir lista með hátt í þrjátíu lögum með íslenskum flytjendum á vinsælli heimasíðu sinni, davidbyrne.com, þar á meðal Mugison, Ásgerði Júníusdóttur og Benna Hemm Hemm. Mugison er vitaskuld hæstánægður með þennan heiður. „Þetta er æðislegt. Ég held ég hafi örugglega séð hann í Háskólabíói fyrir tíu árum og fannst hann æðislegur. Hann er svolítið tæknimegin í lífinu eins og ég er stundum. Ég er ánægður með alla sem nenna að benda fólki á að hlusta á tónlistina mína. Það eru eins og góð meðmæli á atvinnuumsókn,“ segir Mugison, sem gaf á dögnum út plötuna Mugiboogie.

Byrne var staddur hérlendis í eina viku í júlí þar sem hann naut náttúrufegurðarinnar og kynnti sér íslenska tónlist, sem hann síðan bauð lesendum að hlusta á á heimasíðu sinni. „Björk og Sigur Rós eru vissulega áberandi í minjagripabúðum en ekki öll íslensk tónlist er eins framúrstefnuleg og þeirra. Þarna er fullt af hefðbundinni popptónlist, eins og annars staðar, en ótrúlega stórt hlutfall af því sem kemur út er vert að kynna sér,“ sagði Byrne á síðunni. „Það virtist ekki vera mikið um tónleika í Reykjavík en ég var reyndar mest úti í náttúrunni, sem var stórfengleg.“

Þjögur lög eftir Mugison eru á síðunni, auk þriggja laga með þeim Ásgerði Júníusdóttur, Benna Hemm Hemm, Curver+Kimono og Sigur Rós. Einnig eru þar tvö lög með Gus Gus og Apparát, auk laga með múm, Maus, Stilluppsteypu og Sveinbirni Beinteinsyni. Ásgerður á jafnframt lagið „Ég kveiki á kertum mínum“ á öðrum lista Byrne yfir áhugaverða óperusöngvara. Þar er hún í hópi stórsöngvара á borð við Plácido Domingo, Mariu Callas og Jussi Björling.

„Þetta er mjög gaman og auðvitað er maður ánægður með þetta. David Byrne er frábær og Talking Heads eru það líka,“ segir Ásgerður, sem er einnig ánægð með að vera nefnd í sömu andrá og Domingo og hinir

DAVID BYRNE Byrne er ákaflega virtur í tónlistarheiminum enda samið fjölda þekktra laga.



óperusöngvararnir. „Það er alltaf gaman að vera í góðum félagsskap.“

David Byrne sló í gegn með Talking Heads á áttunda áratugnum og starfaði sveitin til ársins 1991. Á meðal vinsælustu laga hennar eru Psycho Killer, Once in a Lifetime, Burning Down the House og Road to Nowhere. Sveitin var vígð í Frægðarhöll rokkisins árið 2002.

freyr@frettabladid.is

ÁSGERÐUR JÚNÍUSDÓTTIR
Ásgerður segir að Talkin Heads sé frábær hljómsveit.



MUGISON Tónlistarmaðurinn Mugison fagnar góðum meðmælum Davids Byrne.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndafyrirtækið ZikZak hefur beðið danska leikstjóran **Lars von Trier** afsökunar á því að hafa ekki sent kvikmyndina Boss of it All inn í Edduna. Afsökunarbeiðnin er birt á heimasíðu ZikZak en fyrirtækið mun ekki hafa gert sér grein fyrir því að myndin uppfyllti skilyrðin um að geta talist tilnefningarhæf hér á Íslandi. Þeir hafi hins vegar vaknað upp við vandan draum þegar Den Bryssomme Mannen

hlaut tilnefningu sem besta myndin en þar eru þeir **Ingvar Þórðarson** og **Júlíus Kemp** meðframleiðendur, líkt og **Skúli Malmquist** og **Þórir Snær Sigurjónsson** í kvikmynd danska sérvitringsins.

Athyglisverð staða er komin upp í bókaflóðinu sem nýlega er hafið. Tvær af umdeildustu bókum síðari tíma eru í toppsætinu á metsölu-lista Eymundssonar en það eru Tíu litlir negrastrákar og Biblía 21. aldarinnar. Þetta ástand endist þó varla lengi því í dag kemur út bók **Arnaldar Indriðasonar**, Harðskafi, en rithöfundurinn hefur verið áskrifandi að toppsætinu undanfarin ár. Reyndar vekur athygli að **Hjalte Rögvaldsson** mun lesa upp úr bókinni í Eymundsson í dag en margir spáðu því að hann myndi hreppa hlutverk Erlendar í kvikmyndinni Mýrinni.

Árlegt útgáfupartí Senu verður haldið á nýppgerðu Apóteki hinn 17. nóvember næstkomandi. Aðeins útvaldir fá boðskort í partíið en sem fyrr eru gerðar strangar kröfur um klæðaburð. Gestir þurfa að mæta í svörtum, hvítum og rauðum fötum af finustu gerð. Einn maður mun eflaust passa vel upp á að fara eftir „dresscodeinu“, sjálfur **Magni Ásgeirsson**, en frægt varð í fyrra þegar honum var vísað frá í hefðbundnu rokkardressi sínu. - fgg/hdm



FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnóðarvogi 44, s. 588 8686.
Opíð 10-18:15 laugardaga 11-14.

NÝR TÚNFISKUR ófrosinn • RISARÆKJUR LÚÐA • SKÖTUSELUR • HÖRPUSKEL og fiskréttir í sparifötum



Krummi vill fara á Hraunið

Eins og fram kom í Fréttablaðinu um helgina spiluðu hljómsveitirnar Wulfgang og Johnny and the rest á tónleikum á Litla-Hrauni síðastliðinn föstudag við góðar undirtektir. Í framhaldinu ákváðu liðsmenn Wulfgang að efna til tónleikaraðar á Hrauninu með því að skora á hljómsveitina Mínus að spila þar á tónleikum. Þeir sögðu Mínusmenn eiga að skora á næstu sveit og þannig koll af kalli.

„Mér líst bara vel á þetta og hugmyndin er auðvitað algjör sníll,“ segir Krummi Björgvinnson, söngvari Mínus, og bætir því við að þeir muni ekki skorast undan. „Ég veit reyndar ekki hvenær við höfum tíma til þess að

fara. Við erum að vinna í Jesus Christ Superstar alveg á fullu og höfum því ekki færi á að skipuleggja svona tónleika samhliða því. Ég verð að leggja þetta í hendur umboðsmannsins.“ Mínus hefur áður spilað á Litla-Hrauni. „Við spilum þarna á jólatónleikum með Bubba árið 2005 og það var alveg meiriháttar gaman. Ég kannast við marga sem sitja þarna inni og þeir voru allir glaðir að fá smá tónlist. Okkur hefur alltaf langað að fara aftur. Kannski við förum bara aftur um jólin núna.“ Krummi segir að þeir séu ekki búnir að ákveða hverja þeir muni skora á. „Ætli það yrðu ekki bara góðvinir okkar í Brain Police.“



SKORAST EKKI UNÐAN Hljómsveitin Mínus tekur áskorun Wulfgang um að spila á tónleikum á Litla-Hrauni. Krummi Björgvinnson segist þó ekki viss um hvenær geti orðið af tónleikum enda mikið að gera hjá strákunum.

OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

ALGJÖRT VERÐHRUN Á BARNAFATNAÐI!

Verðið er komið úr böndunum
hjá Outlet 10. Nú eru aðeins
fjögur verð í gangi:

500

1000

1500

2000

Allir stuttermabolir á 500

Allar sokkabuxur á 500

Allir langermabolir á 1000

Allar hettupeysur á 1000

Allar buxur á 1500

Allar úlpur á 1500

Flísfóðraðir regnjakkar 2000

Komið og gerið kjarakaup!

Opið alla daga vikunnar frá 11 til 18!

FAXAFENI 10

S. 534 4450



BAKPANKAR
Dr. Gunnar

Hnignun frábærleikans

Gengi íslenska landsliðsins í fótbolta er svartur blettur á andlegri sigurgöngu Íslands. Allir þessir tapleikir – og þá sérstaklega afhroðið gegn Liechtenstein – hafa dregið landsmenn niður, nánast aftur í moldarkofana. Bráðum fer okkur aftur að finnast við bara ekkert sérstök og alls ekkert merkilegt en aðrar þjóðir. Og það má ekki gerast!

ÞAÐ sem við þurfum núna til að ná okkur tilfinningalega er almennilegt plögg í heimspressunni. Svo sem eina jákvæða grein um það hvað útrásarvíkingarnir eru æðislegir, eða bara eitthvað sem snýr þessari óheillaþróun við. Jafnvel myndi duga að Garðar Cortes kæmist inn á Topp 20. Það vill enginn að Ísland verði aftur jafn smátt og sorglega hallærislegt og það var fyrir sirka 30 árum, áður en frábær nútíminn bankaði upp á.

ÉG meina, á 8. áratugnum vorum við ennþá á steinöld töff og kúllega séð. Enginn var almennilega ríkur, nema kannski Þorvaldur í Síld og fisk. Bara einn rúllustigi var á landinu og forsetinn, hinn alþýðlegi Kristján Eldjárn, fór aldrei neitt. Á þessum tíma þótti Skákeinvígið og Surtsey (sem yrði nefnd Blökkumannaey, gysi hún í dag) það merkilegasta við landið, og helsta gersemi þjóðarinnar var uppstoppaður geirfugl (þældu í því!). Frábærleiki þjóðarinnar var miðaður við aðrar Norðurlandþjóðir, en ekki alheiminn, eins og núna. Stórfenglegasti afreksdagurinn var 5. júní 1975 þegar Ísland marði sigur á Austur-Þýskalandi í fótbolta. Landsmenn ærðust af fögnuði og pabbi taldi þetta svo mikið afrek að hann gaf mér fimmtíukall.

VONANDI verður hnignun frábærleikans einangruð við slakt gengi í fótbolta. Vonandi kemur ekki líka í ljós að enginn í útlöndum fílar í raun Sigur Rós og Björk og enginn af þessum útrásarvíkingum á í raun bót fyrir boruna á sér. Það gæti svo gert útslagið ef kæmist upp að þessi svokallaði Bobby Fischer sem kom hingað er í raun ekki skáksnillingurinn heimsfrægi heldur bara einhver klikkhaus. Við megum aldrei verða jafn hallærisleg og við vorum. Aldrei! Við verðum því að halda trúnni, berja okkur á brjóst, ösla áfram, vinna 80 tíma á viku, byggja fleiri stíflur og verslunarmiðstöðvar, og liggja svo útmigin og hamingjusómust í miðbænum um helgar. Við erum best og allur heimurinn horfir með öfund til okkar. Nei, í alvöru!



GÓÐAN DAG!
Í dag er fimmtudagurinn 1. nóvember, 305. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	9.09	13.11	17.12
Akureyri	9.04	12.56	16.47

Heimild: Almanak Háskólans

HD **SÝN 2**
TV
1080i



Sjáðu muninn

Enski boltinn í háskerpu

Þökkum frábærar viðtökur við háskerpu-útsendingum á Digital Ísland

Sjáðu stórleik helgarinnar, viðureign Arsenal og Manchester United, í mestu mögulegu gæðum á Sýn 2 HD.

Við þjóðum Sýn 2 HD áskrift á sérstöku tilboðsverði til 5. desember, **990 kr.** viðbótargjald fyrir áskrifendur að Sýn 2.

Náðu þér í háskerpumyndlykil í verslunum Vodafone. Nánari upplýsingar á www.vodafone.is/hd og í þjónustuveri 365, sími **512 5100**.



Gríptu augnablikið og lifðu núna

